Fjarfundir brengla sjálfsmyndina

Ein afleiðing heimsfaraldurs er „Zoom dysmorphia“. ➤ 24

Geimfaraþjálfun í Stefánshelli

Líkist mjög helli á tunglinu og því tilvalið að æfa þar. ➤ 26

FRÉTTABLAÐIÐ

184. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

LAUGARDAGUR 18. SEPTEMBER 2021

Konan sem klauf eyna

Valgerður Þorsteinsdóttir kærði árið 2014 voldugan útvegsmann í Grímsey fyrir ítrekuð kynferðisbrot. Íbúar eyjarinnar skiptust í tvær fylkingar og hafði kæran víðtæk áhrif. Margt hefur breyst á sjö árum og segist Valgerður binda vonir við aukna samstöðu þolenda. ➤ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGGI FINNUR RÉTTU RAFTÆKIN FYRIR ÞIG

Sjá nánar á elko.is/bladid

ELKO

Það eru margir Íslendingar spenntir að sjá Debbie með eigin augum.

Söngkona Blondie heiðursgestur á RIFF í haust

kristinnpall@frettabladid.is

MENNING Debbie Harry, söngkona amerísku rokkhljómsveitarinnar Blondie, hefur þegið boð RIFF um að sækja Ísland heim sem heiðursgestur á sýningu myndarinnar Blondie: Living in Havana. Í kjölfar sýningar myndarinnar mun Debbie svara spurningum áhorfenda.

Debbie sem fagnaði 76 ára afmæli fyrr á þessu ári gerði garðinn frægan með sveitinni Blondie, sem hefur selt um fjörutíu milljónir platna. Í myndinni sem verður sýnd á kvikmyndahátíðinni er hljómsveitinni fylgt eftir á tónleikaferðalagi um Kúbu, að beiðni menningarráðuneytis Kúbu. ■

Snarir í snúningum



Slökkviliðsmenn voru fljótir að slökkva eld í Bríetartúni í gærkvöld. Engin slys urðu á fólki en talsvert tjón varð á íbúðinni sem er í nýlegu húsi. Slökkviliðsmennirnir kváðust hafa heyrt sprengingu í eldinum en létu það ekki trufla sig við að ráða niðurlögum eldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Starfsmenn ekki stolist í vínskápinn

lovisa@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Alls á forsetaembættið 108 vínflöskur, 253 bjóra og 50 flöskur af desertvíni og sterku áfengi. Þetta kemur fram í svari embættisins sem var sent til fjölmiðla í gær en ráðsmaðurinn á Bessastöðum mætti til vinnu um morguninn til að gera könnun á birgðastöðu í vínkjallara eftir að fjallað var um það í fjölmiðlum að vín hefði horfið úr hirslum embættisins og verið tekið til einkanota.

Í svari forsetaembættisins segir enn fremur að ekki hafi vaknað grunur um misnotkun starfsmanna sem tengja má við áfengiskaup.

Tilefni könnunarinnar eru yfirlýsingar hæstaréttarlögmannsins Sigurðar G. Guðjónssonar um að starfsmaður embættisins hafi gengið í vínið eins og hann ætti það.

Áætlað er að að minnsta kosti

Deilt var um hvort að áfengi á Bessastöðum hafi verið nýtt til einkanota.

8.000 gestir komi til Bessastaða á ári til funda, í móttökur, málsverði, verðlaunaafhendingar eða aðra viðburði og þiggi einhverjar veitingar.

Árið 2019 heimsóttu meðal annars forseti Þýskalands og Indlands Bessastaði með fjölmennt fylgdarlið. Ekki er sérstaklega haldið utan um það hve margir gestir þiggja áfengan drykk, en þeir skipta þúsundum á ári hverju. ■

Fimm hundruð ungmenni leitað til Bergsins frá opnun

Bergið headspace fagnaði þriggja ára afmæli með skrúðgöngu í gær. 500 ungmenni hafa leitað þangað frá opnun. Framkvæmdastjórinn segir þau þakklát fyrir að á þau sé hlustað. Félagsmálaráðherra veitti Berginu 12 milljóna styrk í gær.

birnadrofn@frettabladid.is

Sigurþóra og Ásmundur Einar félagsmálaráðherra undiskrifa samning sem hljóðar upp á 12 milljónir króna í styrk til Bergsins. MYND/BERGIÐ

SAMFÉLAG Fimm hundruð ungmenni fóru í skrúðgöngu í Reykjavík í gær í tilefni þriggja ára afmælis Bergsins headspace. Sigurþóra Bergsdóttir, framkvæmdastjóri Bergsins, segir magnaða orku hafa verið í skrúðgöngunni, ungmennin hafi fagnað því að hitta hvert annað eftir samkomu- og fjöldatakmarkanir mánuðum saman.

„Við fengum nemendur úr Hagaskóla, Kvennó og MR til að koma, fjöldi þeirra var táknrænn þar sem fimm hundruð ungmenni hafa leitað til Bergsins frá því að það var opnað fyrir þremur árum," segir Sigurþóra.

Bergið headspace veitir ungu fólki á aldrinum 12-25 ára stuðning og ráðgjöf. Þjónustan er ókeypis og er á forsendum ungmennanna sem þangað leita. „Þetta er sett þannig upp að þetta er algjörlega þeirra," segir Sigurþóra.

„Þau vilja koma til okkar og tala um það sem þau vilja tala um. Þau eru ekki sett í eitthvert prógramm heldur fá stuðning og ráðgjöf," bætir hún við.

Sigurþóra segir ungmennin sem leita í Bergið upplifa ólíka hluti og tilfinningar og að þau séu þakklát fyrir að á þau sé hlustað. „Til okkar leita ungmenni sem hafa upplifað mjög slæma og erfiða hluti og eru í erfiðum aðstæðum en það eru alls ekki allir," útskýrir hún.

„Þau eru fyrst og fremst þakklát fyrir að það sé einhver tilbúinn að hlusta á þau og sum eru jafnvel að upplifa það í fyrsta skipti," segir Sigurþóra.

> Til okkar leita ungmenni sem hafa upplifað mjög slæma og erfiða hluti og eru í erfiðum aðstæðum en það eru alls ekki allir.
>
> Sigurþóra Bergsdóttir, framkvæmdarstjóri Bergsins

Starfsemi Bergsins hófst fyrir þremur árum og segir Sigurþóra það ekki hafa komið sér á óvart hversu mörg ungmenni hafi leitað þangað frá opnun. Það sé jákvætt að ungt fólk sé tilbúið að leita eftir aðstoð og stuðningi.

„Ég held að það komist enginn í gegnum unglingsárin án þess að það bjáti eitthvað á," segir hún. „Okkur líður öllum mismunandi á mismunandi tímum," bætir Sigurþóra við.

Spurð hvort Bergið hafi bolmagn til að taka á móti fleiri ungmennum fari svo að aðsóknin aukist, segir Sigurþóra svo vera. „Félagsmálaráðherra kom nú í dag [í gær] og skrifaði undir samning við okkur og styrkti okkur um tólf milljónir í viðbót, svo ég sé fram á að ég sé að fara að bæta við ráðgjöfum í næstu viku," segir hún.

„Ætlunin er að geta tekið við öllum, þannig að við fjölgum bara ráðgjöfum og stækkum þjónustuna í takt við þörfina," segir Sigurþóra. ■

... OOOG SLAKA

TOYOTA RELAX

Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. Toyota Relax er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

*Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilviki Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

ÁTVR getur ekki búið við réttaróvissu gagnvart netsölum

arib@frettabladid.is
lovisa@frettabladid.is

DÓMSMÁL Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur stefnt Þórgný Thoroddsen, eiganda Bjórlands, fyrir héraðsdóm. Málið verður tekið fyrir í næstu viku. Bjórland er netverslun sem selur bjór og sendir heim og hefur starfað í meira en ár. „Mér finnst gaman að fá þetta stuttu fyrir kosningar.

Það hafa ýmsir stjórnmálamenn talað ansi frjálslega um þetta. Bjarni Ben sagði berum orðum að hann sæi ekki að þetta væri lögbrot og Áslaug Arna hefur verið mikill talsmaður þessa, Viðreisn líka og Píratar. Mér finnst þetta ákveðið tækifæri," sagði Þórgnýr.

Tvær aðrar netverslanir, sem skráðar eru erlendis, selja áfengi hér á landi á internetinu, Sante og Nýja vínbúðin.

> Einkarétturinn hefur í för með sér að öðrum ætti að vera bannað að stunda sömu starfsemi.
>
> Bjarki Már Baxter, lögmaður ÁTVR

Félag atvinnurekenda gagnrýndi ÁTVR harðlega í yfirlýsingu í gær fyrir að beita sér í málinu. ÁTVR telur þó engan vafa leika á að einkarétturinn til smásölu áfengis taki einnig til vefsölu áfengis og að starfsemi þeirra vefverslana sem nú hefur verið stefnt fyrir dóm sé tvímælalaust ólögmæt.

„ÁTVR er handhafi einkaréttarins til þess að selja og afhenda áfengi í smásölu hérlendis. Einkarétturinn hefur í för með sér að öðrum ætti að vera bannað að stunda sömu starfsemi," segir Bjarki Már Baxter lögmaður ÁTVR. Hann segir að ýmsir hafi túlkað aðgerðaleysi yfirvalda gagnvart vefverslununum sem staðfestingu á að rekstur þeirra hljóti að vera löglegur.

„ÁTVR getur ekki búið við þessa réttaróvissu og hefur engan kost annan en að leita eftir niðurstöðu dómstóla," segir Bjarki Már. ■

Skekkjan hjálpar stjórnarflokkum

kristinnhaukur@frettabladid.is

KOSNINGAR Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, telur að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn vilji ekki fjölga jöfnunarsætum til þingkosninga því þeir græði á kosningaskekkjunni. „Það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun," segir Logi.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær í viðtali við stærðfræðinginn Þorkel Helgason hefur verið skekkja í þrennum síðustu kosningum, sem Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn hafa grætt á, í tvígang á kostnað Samfylkingar og eitt skipti á kostnað Pírata. Ríkisstjórnin 2016 var mynduð á slíkri skekkju.

> Það er ekki hægt að draga neina aðra ályktun.

Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Logi bendir á að tillaga um fjölgun jöfnunarsæta hafi komið fram í vor þegar ný kosningalög voru til meðferðar á þinginu. „Ríkisstjórnarflokkarnir allir þrír höfnuðu þessu og fyrir því er engin afsökun," segir Logi. „Það gæti allt eins farið svo að hið sama gæti gerst aftur núna í kosningunum." ■

Samkeppniseftirlitið vill fá að skoða tölvupósta frá fjármálafyrirtækjum

Samkeppnisyfirvöld skoða hvort verðlagsumræða innan hagsmunasamtaka samrýmist banni samkeppnislaga um verðsamráð. Kvörtun FÍB hefur fengið aukið vægi með formlegu erindi frá Samkeppniseftirlitinu.

bth@frettabladid.is

Runólfur Ólafsson, hjá FÍB, hefur verið afar ósáttur við viðbrögð Samtaka fjármálafyrirtækja vegna umræðu um of há iðgjöld tryggingafélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

NEYTENDUR Samkeppniseftirlitið hefur sent erindi til Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) vegna opinberrar umfjöllunar undanfarið af hálfu SFF, sem lýtur annars vegar að verðlagningu tryggingafélaga og hins vegar vaxtakjörum banka.

Fréttablaðið hefur greint frá báðum málunum sem eru tilefni erindisins. Framkvæmdastjóri SFF, brást við skrifum Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um meint iðgjaldaokur tryggingafélaganna með grein á heimasíðu samtakanna og Vísi. FÍB taldi afskiptin mögulegt lögbrot eða í öllu falli óeðlilega hagsmunagæslu fyrir tryggingafélögin. FÍB sendi inn kvörtun til Samkeppniseftirlitsins. Í hinu málinu svaraði sérfræðingur hjá SFF opinberlega gagnrýni VR um meint vaxtaokur bankanna.

Í erindi Samkeppniseftirlitsins til SFF vekur eftirlitið athygli á eldri málum á fákeppnismarkaði. Meðal annars segir í erindinu: „Tjái forsvarsmenn hagsmunasamtaka keppinauta sig opinberlega um verðlagsmál eða haldi uppi vörn um verðlagsstefnu aðildarfélaga samtakanna, þá sé það væntanlega á grundvelli fyrir fram mótaðra hugmynda eða stefnu um slík mál, sem hlýtur að grundvallast á umræðu sem farið hefur fram innan hagsmunasamtakanna. Slík verðlagsumræða innan hagsmunasamtaka

Katrín Júlíusdóttir, hjá Samtaka fjármálafyrirtækja

samrýmist ekki banni samkeppnislaga um verðsamráð."

Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ljóst að hagsmunasamtök fyrirtækja verða að fara afar gætilega þegar kemur að umræðu og/eða fræðslu sem áhrif hafa eða kunna að hafa á markaðshegðun félagsmanna. Öll afskipti af verði og verðlagningu aðildarfélaga, þar með talin þátttaka í opinberri umræðu um verðlagningu félagsmanna, sé sérstaklega varhugaverð og ætti ekki að eiga sér stað á vettvangi hagsmunasamtaka. Vegna þessa óskar Samkeppniseftirlitið eftir ýmsum gögnum, meðal annars afriti af öllum samskiptum SFF við aðildarfyrirtæki á tímabilinu frá 1. maí 2021 til dagsins í dag.

> Slík verðlagsumræða innan hagsmunasamtaka samrýmist ekki banni samkeppnislaga um verðsamráð.
>
> Úr erindi Samkeppniseftirlitsins til Samtaka fjármálafyrirtækja

„Er hér til dæmis átt við alla tölvupósta eða önnur gögn sem SFF hefur annaðhvort sent aðildarfyrirtækjum eða fengið frá þeim," segir í erindinu sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í framhaldi af svörum SFF mun Samkeppniseftirlitið taka ákvörðun um hvort málið verði tekið til frekari rannsóknar. ■

Tryggjum spennandi viðureignir!

Nú er komið að úrslitastundunum í baráttunni um VÍS bikar karla og kvenna.
Við lofum mögnuðum baráttuleikjum með spennu fram á síðustu sekúndu.
Við hvetjum ykkur til að tryggja ykkur miða!

Úrslitaleikur **kvenna, kl. 16.45**

Haukar - Fjölnir

Úrslitaleikur **karla, kl. 19.45**

Stjarnan - Njarðvík

Leikirnir fara fram í
Smáranum í Kópavogi.

Í beinni á RÚV 2

Ráðhús Reykjavíkurborgar.

Uppsöfnun skulda veldur áhyggjum

kristinnpall@frettabladid.is

REYKJAVÍK Lántaka borgarsjóðs Reykjavíkurborgar verður minni en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir, en gert er ráð fyrir að lántaka ársins verði um 25 milljarðar króna. Er það 28 prósentum minna en fyrri lántökuáætlun gerði ráð fyrir. Skýrist það meðal annars af því að tekjur borgarinnar hafa verið hærri en gert var ráð fyrir.

Fyrr í vikunni lýstu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins yfir áhyggjum af stöðugri skuldasöfnun borgarinnar. Með tveggja milljarða lántöku í hverjum mánuði færi skuldastaða borgarinnar fljótlega yfir fjögur hundruð milljarða.

Í minnisblaði sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs kemur fram að borgin sé með ónýtta lántökuheimild upp á 15,4 milljarða á þessu ári. ■

Þörf á breytingum í ADHD-teyminu

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisráðuneytið, í samvinnu við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala, hefur síðustu mánuði unnið ítarlega greiningu á lengri biðlistum og biðtíma eftir greiningu og meðferð hjá ADHD-teymi Landspítala, samkvæmt svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um er bið eftir meðferð og greiningu hjá teyminu nú rúm þrjú og hálft ár. Þá eru rúmlega 650 manns á biðlista. Formaður ADHD-samtakanna sagði í samtali við blaðið í gær að biðin gæti verið lífshættuleg.

Í svari ráðuneytisins segir að ljóst sé að breytinga sé þörf og niðurstaða liggi fyrir, en hennar er þó ekki getið í svarinu. „Verður send út tilkynning þess efnis á næstu dögum.“ ■

Rauðagerðismálið á lokametrunum

Málflutningur í Rauðagerðismálinu svokallaða fer fram í næstu viku, en í heildina eru fjórir ákærðir fyrir manndráp. Einn hefur játað að hafa skotið Armando Beqirai til bana, en hin eru ákærð fyrir samverknað og neita öll sök. Töluvert magn gagna var lagt fram og gáfu hátt í 40 manns skýrslu fyrir dómi í vikunni.

fanndis@frettabladid.is

Hin ákærðu voru öll viðstödd ásamt verjendum sínum þegar skýrslutökur hófust á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DÓMSMÁL Skýrslutökum af vitnum í Rauðagerðismálinu svokallaða lauk í vikunni, en í heildina gáfu hátt í fjörutíu vitni skýrslu fyrir dómi á fjórum dögum.

Angjelin Sterkaj játaði í mars síðastliðnum að hafa orðið Armando Beqirai að bana fyrir utan heimili Armando í Rauðagerði, laugardagskvöldið 13. febrúar síðastliðinn. Báðir eru þeir af albönskum uppruna.

Auk Angjelin eru Claudia Sofia Coelho Carvahlo, Murat Selivrada, og Shpetim Qerimi ákærð fyrir samverknað en þau hafa öll neitað sök. Málflutningur í málinu fer fram þann 23. september næstkomandi.

Claudiu er gefið að sök að hafa fylgst með bílum í eigu Armando og sent fyrir fram ákveðin skilaboð til Angjelin ef Armando væri á ferðinni. Murat er gefið að sök að hafa sýnt Claudiu umræddda bíla og gefið henni fyrirmæli um skilaboðin. Shpetim er síðan gefið að sök að hafa ekið með Angjelin að Rauðagerði rétt fyrir miðnætti nóttina sem Armando var drepinn og svo aftur af vettvangi.

Öll mættu þau fyrir dóm á mánudag þar sem þau fóru yfir atburðarás daganna fyrir og eftir morðið. Angjelin greindi frá því að um hefði verið að ræða sjálfsvörn og lýsti því að Armando og vinir hans hefðu ítrekað hótað sér.

Við skýrslutökurnar var aðallega farið yfir dagana 11. til 14. febrúar, helgina sem Armando var myrtur. Hótanir höfðu þá gengið á víxl frá því á fimmtudeginum, þar sem ýmsir aðilar komu við sögu, en rætt hafði verið um sáttafund á mánudeginum. Til hans kom þó ekki.

Á laugardeginum, skömmu fyrir miðnætti, ákvað Angjelin þó að fara að heimili Armando þar sem hann segist hafa viljað ná sáttum. Kvaðst hann hafa verið hræddur um að verða drepinn ef hann biði til mánudags. Lauk því með að Angjelin skaut Armando níu sinnum með 22 kalibera Sig Sauer-byssu.

Rannsókn málsins reyndist viðamikil, tólf voru handtekin á fyrstu stigum rannsóknarinnar og tveir til viðbótar síðar. Um tíma höfðu fjórtán manns af ellefu þjóðernum réttarstöðu sakbornings og var grunur um að málið tengdist einhvers konar uppgjöri milli brotahópa hér á landi.

Skotvopnið fannst síðan mánuði síðar í sjó og játaði Angjelin þá sök.

Töluverðra gagna var aflað við rannsókn málsins, lagt var hald á ýmsa muni, farið yfir upptökur í öryggismyndavélum, leitað í húsum og bílum og fleira, en í heildina voru þrjú þúsund blaðsíður af gögnum lagðar fyrir dóm.

Meðal þeirra sem báru vitni fyrir dómi voru vinir Armando, en þeir vissu af deilunum milli þeirra Angjelin. Sögðu þeir Angjelin hafa verið að dreifa lygasögum um Armando og Anton Kristin Þórarinsson dagana fyrir morðið, þar á meðal að Armando hefði „sett 50 milljóna króna sekt“ á Anton.

> **Upptökur úr öryggismyndavélum sýndu að Angjelin hafði skotið Armando til bana klukkan 23.56. Klukkan 23.57 sást Angjelin fara af vettvangi. Það var því mat sérfræðinga að atburðarásin hefði tekið innan við mínútu.**

Angjelin Sterkaj játaði að hafa skotið Armando til bana en að hans sögn var um sjálfsvörn að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **39**
>
> **Vitnin sem gáfu skýrslu fyrir dómi á fjórum dögum voru 39.**

Allir sögðu þeir að Armando hefði virkað eðlilegur daginn sem hann var myrtur og datt þeim ekki í hug að deilurnar, sem þeir töldu að væru að leysast, myndu enda á þann hátt sem raun bar vitni.

Þá mættu lögregluþjónar og sérfræðivitni í skýrslutöku í vikunni, þar á meðal réttarmeinafræðingur sem fór yfir skotsárin á líkama Armando. Greindi hann frá því að sjö skot hefðu farið í búk og handleggi Armando en tvö í höfuð. Þá hefði hann meðal annars verið skotinn í bakið.

Kvaðst hann ekki geta ályktað í hvaða röð skotin komu en taldi líklegt að Armando hefði verið látinn þegar hann var skotinn í höfuðið. Í heildina hefðu fjögur af níu skotum verið banvæn ein og sér, en ekki væri hægt að segja til um hvert fyrsta skotið var.

Farið var yfir tímalínuna þann 13. febrúar og sýndu upptökur úr öryggismyndavélum að Angjelin hefði skotið Armando til bana klukkan 23.56. Klukkan 23.57 sást Angjelin fara af vettvangi.

Það var því mat sérfræðinga að atburðarásin hefði tekið innan við mínútu. Armando var úrskurðaður látinn við komu á slysadeild skömmu eftir miðnætti. ■

Nánar á frettabladid.is

VIÐ ÆTLUM AÐ FJÁRFESTA Í FÓLKI

Fyrstu ár ævinnar og þau síðustu eru árin sem einstaklingurinn þarf mest á stuðningi samfélagsins að halda. Við viljum gera betur.

- **Framsókn vill** að öll börn frá sex ára aldri fái sérstakan 60 þúsund króna vaxtarstyrk, óháð tekjum og til viðbótar við styrki sveitarfélaganna.
- **Framsókn vill** brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- **Framsókn vill** afnema allar kröfur um að fólk fari á eftirlaun við ákveðinn aldur. Þau sem vilja vinna, mega vinna.
- **Framsókn vill** auka þjónustu utan stofnana svo eldra fólk geti búið lengur á heimilum sínum.

Er ekki bara best að kjósa Framsókn?

Þurfum að læra að lifa með eldgosum

Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur gerir ráð fyrir því að gosið nái mun hærri aldri. Einkum vegna þess að kvikan komi beint upp úr möttlinum. „Gosið byrjaði í rólegheitum og það hefur verið að leka úr því síðan," segir hann. „Mín tilfinning er sú að það muni standa í nokkur ár."

Gerir hann ráð fyrir að með tímanum verði gosið stöðugra og að gígasvæðið í Geldingadölum verði að einni samfelldri hrauntjörn. Sagan bendi til þess að nýtt virknitímabil sé hafið á Reykjanesi og gos verði með einhverju millibili næstu aldir. Sum hafi verið mjög nálægt hver öðru í tíma.

Þorvaldur bendir á að á Íslandi verði eldgos á þriggja ára fresti en nú séu þau komin mjög nálægt stærsta þéttbýlissvæðinu. „Við þurfum að læra að lifa með eldgosum," segir hann og nefnir að eitt virkasta svæðið á Reykjanesi sé Bláfjallasvæðið þaðan sem hraun hefur komið að Reykjavík.

„Þegar kemur að uppbyggingu innviðanna þurfum við að taka mið af því að hér geta komið eldgos," segir Þorvaldur. „Ef við erum skynsöm undirbúum við okkur fyrir það versta. Við vorum heppin í Suðurlandsskjálftanum 17. júní, því að allir voru utandyra og við vorum heppin í þessu gosi. En við getum ekki alltaf treyst á heppnina."

Nefnir hann að eldgos séu flókin og hafi fjölþætt áhrif, þeim fylgi til dæmis gjóskufall og gasmengun sem getur haft áhrif á heilsu fólks, innviði og umhverfið.



Fyrstu myndirnar voru teknar af gosinu úr þyrlu, föstudagskvöldið 19. mars.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Heppnin verið með okkur í liði

Um helgina er hálft ár frá því að eldgosið í Geldingadölum hófst. Gosið lifir enn góðu lífi þó að það hafi komið kaflar þar sem dregið hefur úr virkni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Hálft ár er síðan eldgosið í Geldingadölum hófst. Gosið markaði mikil tímamót enda í fyrsta skipti sem gaus svo nærri mesta þéttbýlissvæði landsins. Það er einnig talið boða upphaf nýs eldvirknitímabils á Reykjanesskaga sem varað getur í nokkur hundruð ár. Á þessu hálfa ári hafa nýir gígar opnast, virknin minnkað og aukist til skiptis og hraun flætt í mismunandi áttir. Fréttablaðið ræddi við jarðvísindamenn og fulltrúa almannavarna í tilefni afmælisins. ■

Stærð hraunsins

Flatarmál: 4,63 ferkílómetrar.
Rúmmál: 142,7 milljón rúmmetrar.

Meðalflæði: Mælingarnar sýna að meðaltal síðustu 32 daga er 8,5 rúmmetrar á sekúndu.

Heppni að ekki hafi orðið stórslys

„Stærsta áskorunin hefur verið að takast á við þá miklu ásókn sem hefur verið í gosið," segir Rögnvaldur Ólafsson hjá almannavörnum. Hann segir það lán í óláni að gosið hafi hafist í miðjum heimsfaraldri því annars hefði fjöldinn verið umtalsvert meiri. Hann játar því að það sé heppni að ekki hafi enn orðið stórslys.

„Fólk er að fara þangað í öllum veðrum og í alls konar klæðnaði. Við höfum líka séð mikla áhættuhegðun, svo sem að fólk er að klöngrast upp á hraunið og í gígnum," segir hann. „Fólk hefur gleymt sér í dýrðinni þarna og hagað sér eins og það sé á karnivali. Viðringin fyrir náttúrunni hefur ekki alltaf verið næg."

Þrátt fyrir þetta segist Rögnvaldur ánægður með hvernig hafi tekist til til þessa. Hann segir innviðina á svæðinu ekki hafa verið tilbúna og ýmis verkefni sem þurfti að leysa, svo sem bílastæðamál og gönguleiðir. „Um tíma var rætt um að loka svæðinu. En síðan lögðust allir á eitt um að láta þetta ganga. Þetta var einstakt tækifæri," segir hann.

Rögnvaldur segir vel fylgst með gosinu og þeim breytingum sem geta orðið á því. Hann segir okkur hafa verið heppin að gosið kom upp á þessum stað, því fljótt á litið sé aðeins Suðurstrandarvegurinn í hættu. „Ef gosið heldur lengi áfram getur það breyst," segir hann.

Langdregið en ekki aflmikið

Jarðfræðingurinn Magnús Tumi Guðmundsson segir eldgosið nokkuð frábrugðið öðrum gosum á undanförnum árum og áratugum. Einkum að það hafi byrjað í rólegheitunum. Þegar gosið hófst, föstudagskvöldið 19. mars, lýsti Magnús því í sjónvarpsútsendingu sem „óttalegum ræfli" og segir hann þá lýsingu enn eiga við. „Gosið hefur verið býsna rólegt allan tíman og hraunrennslið aldrei mikið," segir hann.

Magnús lýsir gosinu sem langdregnu en ekki aflmiklu. „Flest gos standa yfir í vikur," segir hann. Það sé nú orðið jafngamalt og Holuhraunsgosið, en sé stutt miðað við til dæmis Surtseyjargosið sem stóð í þrjú og hálft ár.

Óstöðugleiki hafi einkennt gosið fyrstu sex vikurnar eða svo, en frá því í lok apríl hefur það verið einn gígur og ein gosrás. Ekkert bendi til þess að gosið sé að færast en rennslið hafi verið mismunandi, til dæmis strókavirkni og lotuvirkni.

Magnús segir ekki aðeins almenning hafa sýnt gosinu mikinn áhuga, erlendir fræðimenn geri það líka. Aðgengileikinn skipti þar miklu, bæði hversu auðvelt sé að komast nálægt því og hversu vel er sjónvarpað. „Í jarðvísindadeildum um allan heim er horft á gosið," segir Magnús og nefnir að Patrick Allard, forseti Alþjóðaeldfjallasambandsins, hafi komið hingað. „Hann sagði mér að hann horfði á gosið í tíu mínútur af hverjum klukkutíma."

Umhverfisdagur atvinnulífsins 2021

6. október, kl. 09.00 - 10.30, Harpa – Norðurljós

Dagskrá lýkur með afhendingu Umhverfisverðlauna atvinnulífsins og við tekur kaffi og tengslamyndun fyrir fundargesti til kl. 11.00.

Fundarstjóri er Lovísa Árnadóttir, upplýsingafulltrúi Samorku.

Dagskrá

Setning – Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Orkuskipti – Leiðin fram á við – Halla Hrund Logadóttir, orkumálastjóri

Orkuskipti Bílaleigu Akureyrar – Jón Gestur Ólafsson, gæða-, umhverfis- og öryggisstjóri Hölds ehf.

Orkuskipti í sjávarútvegi – Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum SFS

Vistvænni mannvirkjagerð – Sigrún Melax, gæðastjóri Jáverk ehf.

Fjármögnun orkuskipta – tækifærin og áskoranir frá sjónarhóli banka – Kristrún Tinna Gunnarsdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni Íslandsbanka

Pallborðsumræður

Bjarni Herrera, forstöðumaður sjálfbærni KPMG
Sigríður Ósk Bjarnadóttir, byggingarverkfræðingur Ph.D. VSÓ
Sigurður Friðleifsson, framkvæmdastjóri Orkuseturs
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Umhverfisverðlaun atvinnulífsins

Forseti Íslands afhendir viðurkenningu fyrir umhverfisframtak ársins og til umhverfisfyrirtækis ársins.

Húsið opnar kl. 8.30. Morgunhressing í boði.

Dagurinn er sameiginlegt verkefni SA, SAF, Samorku, SFF, SFS, SI og SVÞ

Skráning á viðburðinn fer fram á **sa.is.** Beint streymi verður á **sa.is.**

SAF · Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi · sff. Samtök fjármálafyrirtækja · SI · SAMORKA · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA

Fjögurra flokka stjórn gæti orðið að veruleika

Fjögurra flokka ríkisstjórn gæti orðið að veruleika ef niðurstöður könnunar Prósents eru í takti við niðurstöður kosninganna. Stjórnmálafræðingur segir að jöfnunarsæti Flokks fólksins gæti gegnt hlutverki í að viðhalda ríkisstjórninni.

arib@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Margir hafa þegar kosið utankjörfundar, kjördagur er laugardagurinn 25. september. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

STJÓRNMÁL Rétt rúmur helmingur kjósenda ætlar að kjósa það sama í þessum kosningum og í þeim síðustu. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri könnun Prósents, sem gerð var fyrir Fréttablaðið. Líkt og greint var frá í gær heldur ríkisstjórnin ekki velli þegar litið er fylgis flokka, en fleiri vilja að núverandi ríkisstjórn haldi áfram í stað annarra valkosta.

Ef þingsætum er skipt niður í samræmi við kjördæmaskipun fengi Sjálfstæðisflokkurinn 15 þingmenn, Samfylkingin níu, Framsóknarflokkurinn níu, Viðreisn sjö, Píratar sjö, Vinstri græn sjö, Sósíalistaflokkurinn fimm og Miðflokkurinn fjóra. Ef þetta verður niðurstaðan fengi ríkisstjórnin 31 þingmann og missti þannig meirihlutann. Samfylkingin gæti myndað fjögurra flokka ríkisstjórn með Framsóknarflokknum, Vinstri grænum, Pírötum eða Viðreisn, en þá aðeins með eins manns meirihluta.

Munur er á milli kannana á því hvort ríkisstjórnin heldur velli eða

Ætlar þú að kjósa það sama og í síðustu kosningum?



ekki. „Ef við horfum aftur í tímann, vikur eða mánuði, þá er búinn að vera mjög lítill munur á niðurstöðum þessara mælinga," segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmála- og aðferðafræði við Háskólann á Akureyri. „Sósíalistaflokkurinn hefur verið að hækka sig en virðist ekki komast yfir 7,5 prósent. Að öðru leyti hafa ekki verið neinar dramatískar sveiflur undanfarið."

Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn mælast með áberandi meira fylgi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, að sama skapi mælist Samfylkingin, Vinstri græn, Píratar og Viðreisn með meira fylgi á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins fimm prósent svöruðu að þau vissu ekki hvað þau ætluðu að kjósa.

„Það er fyrst núna upp á síðkastið sem við erum að sjá einhverjar hreyfingar, Framsókn og Samfylkingin eru að fara upp á við. Það er líklega vegna þess að kosningarnar eru að nálgast og óákveðnir eru í meira mæli búnir að gera málið upp við sig," segir Grétar.

Yngra fólk getur verið rót skekkju á milli kannana og niðurstöðu kosninga. „Það lendir í úrtaki í könnunum og svarar, við fáum niðurstöður sem byggja á þeirra svörum. Svo skilar það sér verr heldur en aðrir

> Aðeins fimm prósent svöruðu að þau vissu ekki hvað þau ætluðu að kjósa.

aldurshópar í kjörklefann," segir Grétar. „Það getur leitt til ofmats á fylgi flokka sem sækja meira fylgi til unga fólksins."

Samkvæmt niðurstöðum könnunar Prósents mælast Samfylkingin, Viðreisn og Píratar með meira fylgi meðal yngra fólks en þess eldra. Eldri aldurshópar eru aftur á móti líklegri til að styðja Sjálfstæðisflokkinn, Vinstri græn og Flokk fólksins.

Konur eru mun líklegri en karlar til að styðja Vinstri græn, 15 prósent á móti 5 prósentum karla.

Grétar segir að flokkar sem eru sterkari á landsbyggðinni geti grætt á því. „Rót þess er skortur á jöfnunarþingsætum, þau eru of fá, ekki nema níu. Um leið og flokkur fær fimm prósent fær hann sjálfkrafa þrjá jöfnunarmenn. Þetta getur haft áhrif á útkomuna, hvort Flokkur fólksins nær fimm prósentum eða ekki. Ef hann nær fimm prósentum þá fær hann þrjá jöfnunarmenn, ef ekki þá eru miklu meiri líkur á að það séu nægilega margir jöfnunarmenn til þess að jafna hina flokkana," segir Grétar. Getur það jafnvel haft áhrif á hvort ríkisstjórnin falli eða ekki. ■

Excel-vinnuskjal víkur fyrir Eddu hjá Reykjavíkurborg

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg hyggst taka í notkun grunnskólalíkanið Eddu, sem mun sjá um úthlutun fjármuna til grunnskóla Reykjavíkur. Líkanið hefur verið kynnt fyrir borgarráði og skóla- og frístundaráði, og er stefnt að því að taka það í notkun á næsta ári.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs og oddviti Viðreisnar, leiddi verkefnið. Segir hún að vitað hafi verið um nokkurt skeið að endurskoða þurfi úthlutanir til grunnskóla borgarinnar.

Þetta kom skýrt fram í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um rekstur grunnskóla. Í skýrslunni kom meðal annars fram að síðustu tvo áratugi hefði verið notast við sama Excel-vinnuskjalið til að úthluta fjármunum til grunnskóla og námu þeir tæpum 35 milljörðum króna í fyrra. Talað var um skjalið sem „plástrað“ og „úrelt“ auk

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs

þess sem aðeins einn starfsmaður kunni á skjalið.

„Við erum að draga úr vægi greininga, hvort sem það er ADHD eða fötlun, við úthlutun fjármagns og mæta frekar nemendum þar sem þeir eru. Kennarar og foreldrarnir þekkja þá betur. Skólakerfið á að vera þess burðugt að geta mætt langflestum nemendum,“ segir Þórdís Lóa. „Við erum að fjármagna sérstaklega deildarstjóra sérkennslu og stuðnings, svo erum við líka að opna á að það sé fagmaður annar en kennari með sértækan stuðning. Þetta skiptir miklu til að skólastjórnendur geti áttað sig á hverju þeir hafa úr að spila í sínu hverfi.“

Notaður verður sérstakur lýðfræðistuðull, sem verður endurskoðaður í hverju hverfi á þriggja ára fresti. „Þarna getum við mætt fjölbreytileikanum í skólaflórunni í Reykjavík. Við getum þannig nýtt fjármagnið betur, tengt við árangursstjórnun og aukið eftirfylgd. Markmiðið er að ná fram bestun bæði rekstrarlega og faglega,“ segir Þórdís Lóa. Þá er gert ráð fyrir auknu samstarfi félagsmiðstöðva og skóla. ■

Kvíðakastið var blóðtappar í báðum lungum

helenaros@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Daníel Indriðason, 14 ára, var greindur með kvíðakast á heilsugæslunni á mánudag og var honum sagt að fara heim að hvíla sig. Foreldrar hans, Indriði Björnsson og Rikke Pedersen, fóru með hann á Barnaspítalann á þriðjudagsmorgni þar sem blóðtappar í báðum lungum drengsins komu í ljós. „Þeir sögðu að þetta væri mjög alvarlegt ástand,“ segir Indriði.

Daníel var búinn að vera í tíu daga einangrun vegna Covid-19 smits og á leið í skólann þegar hann fékk skyndilega yfirliðstilfinningu. Hann átti erfitt með andardrátt, varð fjólublár og fannst hann vera að missa mátt í fótum.

> Maður veit náttúrulega ekkert hvernig þetta hefði endað ef maður hefði trúað því að þetta væri bara kvíðakast.
>
> Indriði Björnsson, faðir Daníels

Daníel fór rakleiðis heim til sín þar sem foreldrar hans, Indriði og Rikke, höfðu samband við Covid-19 deildina. Þeim var sagt að hafa samband við heilsugæsluna, sem þau gerðu. Þar var hann skoðaður vel og að endingu var talið að um kvíðakast væri að ræða og drengurinn sendur heim. Eftir því sem leið á daginn varð hann móðari og átti erfitt með að koma út úr sér heilli setningu að sögn Indriða.

Móðir hans fór þá að fylgjast grannt með honum ásamt því að mæla hitastig hans reglulega. Þá tók hún eftir því að hitastigið rokkaði upp og niður. Morguninn eftir, á þriðjudegi, hafði hún samband við Barnaspítalann sem vildi fá að skoða Daníel.

Indriði segir að eftir myndatöku hafi blóðtapparnir fundist. Hann þurfti ekki að fara á gjörgæslu. „Maður veit náttúrulega ekkert hvernig þetta hefði endað ef maður hefði trúað því að þetta væri bara kvíðakast,“ segir Indriði.

Daníel útskrifaðist af Barnaspítala Hringsins í gær og braggast vel. Indriði segir að nú taki við þriggja mánaða lyfjainntaka og eftirfylgni. Daníel er hvorki með neina undirliggjandi sjúkdóma né í áhættuhópi. „Þetta er greinilega eitthvað sem foreldrar þurfa að hafa í huga,“ segir Indriði og nefnir að þetta sé þekkt aukaverkun hjá eldra fólki en ekki ungu fólki. ■

Heimild til ráðstöfunar séreignarsparnaðar framlengd um tvö ár

Heimild til að nýta séreignarsparnað vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða til ráðstöfunar upp í höfuðstól láns hefur verið framlengd til ***30. júní 2023.***

Þeir sem nú þegar nýta sér úrræðið og vilja halda því áfram þurfa að óska eftir framlengingu.

- Umsækjendur með virka ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán geta nú óskað eftir því að ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán haldi áfram. Þetta er gert með því að skrá sig inn á **www.leidretting.is** og óska eftir að gildistími ráðstöfunar sé framlengdur.
- Frestur til að óska eftir áframhaldandi ráðstöfun inn á lán er til og með **30. september 2021.** Eftir það gilda umsóknir aðeins frá þeim mánuði þegar þær berast.
- Ef gildistími umsókna er ekki framlengdur falla umsóknir úr gildi frá og með 1. júlí 2021 og engar frekari greiðslur berast inn á lán.

Skatturinn | skatturinn@skatturinn.is | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00

Sveitasvelti

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Það er með miklum ólíkindum hvernig komið er fyrir íslenskum sauðfjárbúskap. Þeir bændur sem hafa hann að atvinnu hringinn í kringum landið eru fastir í fátæktargildru sem á að giska galið og gjörsamlega staðnað landbúnaðarkerfi hefur egnt fyrir þá svo áratugum skiptir.

Bændur eiga betra skilið, þó ekki væri fyrir annað en að afurð þeirra er á heimsmælikvarða, enda um hágæðakjöt að ræða, sannkallaða villibráð sem lifir á heilnæmu grasi upp til heiða og fjalla, en ekki efnabættu og ræktuðu grasi eins og víðast hvar í Evrópu – og raunar líka á Nýja-Sjálandi, hvaðan menn telja sig gera betur í lambakjöti en annars staðar á jörðinni.

Heima á Íslandi hafa forkólfar landbúnaðarkerfisins forklúðrað sölumöguleikum bænda og hneppt þá í fjötra sem enginn lykill virðist vera að. Heima á Íslandi hafa helstu óvinir bænda reynst vera þeir sem telja sig þeim hliðhollastir, en eru í raun og sann varðhundar kerfis sem kann ekki fagið.

Heimsmarkaðir eru hundsaðir, svo sem Evrópumarkaðurinn, sem gæti samkvæmt heimildum tekið við þúsundum tonna á ári af úrvalskjöti fyrir efnaða kaupendur í norðanverðri álfunni þar sem sóknin eftir hreinleika, gæðum og upprunavitund hefur aldrei verið meiri.

Helsta sóknarfæri íslensks landbúnaðar er innan Evrópusambandsins, en eins og kunnugt er fer stór hluti af fjármagni þess í margháttaða styrki til landbúnaðar, einkum og sér í lagi á svæðum norðan 62. breiddargráðu, en svo vill til að Ísland er allt á því heimskautasvæði.

Íslenskum bændum er neitað um þetta styrkjakerfi af stjórnmálaflokkum sem hafna sóknarmöguleikum greinarinnar.

Öðruvísi er um að litast í Finnlandi þar sem Evrópusambandsaðild hefur reynst mesta lán landbúnaðar í landinu í háa herrans tíð. Heimskautasvæðisbændur þar í landi reka nú öflugri og fjölþættari bú en nokkru sinni.

Á meðan þessu vindur fram búa íslenskir sauðfjárbændur við lægsta afurðaverð í Evrópu. Jafnvel rúmenskir bændur fá meira fyrir lambaskrokkana sína en íslenskir bændur, alls 479 krónur á kílóið, á meðan afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda með viðbótargreiðslum er um 468 krónur, samkvæmt nýlegum tölum.

Innan Evrópusambandsins er afurðaverð til bænda að meðaltali helmingi hærra en til íslenskra bænda – og hæst er það hjá frönskum bændum, yfir eitt þúsund krónur. Íslenskir bændur eru langt frá því að vera hálfdrættingar á við þá.

Þetta vilja varðhundar kerfisins. ■

> Heima á Íslandi hafa forkólfar landbúnaðarkerfisins forklúðrað sölumöguleikum bænda og hneppt þá í fjötra sem enginn lykill virðist vera að.

Gunnar



Mín skoðun

Lífið er kappleikur

Sif Sigmarsdóttir

Fullyrðingin kemur fæstum sem nota samfélagsmiðla á óvart. Engu að síður var málið stórfrétt í vikunni: Instagram veldur óhamingju.

Leynilegri rannsókn Facebook, eiganda Instagram, á áhrifum samfélagsmiðilsins á notendur var nýverið lekið til fjölmiðla. Niðurstöðurnar sýndu svo ekki var um villst að notkun miðilsins olli fólki skaða, sér í lagi unglingsstúlkum.

Upphófst leit að ástæðunni: Filterar, Photoshopp, FOMO, varafyllingar, neysluhyggja. Svo kann hins vegar að vera að orsakar óhamingjunnar sé þvert á móti að leita á hversdagslegri slóðum hinna filters-lausu raunheima.

Hinir sætu og sólbrúnu

Árið 1984 stofnuðu vinirnir Adrian Fewings og Martin Poulter fyrirtæki sem selur jarðefni til lóðagerðar. Í fyrstu var fyrirtækið rekið úr verkfæraskúr föður Martins. Velgengnin knúði hins vegar dyra og fyrirtækið flutti úr garðskúrnum í atvinnuhúsnæði í þorpinu Youlgreave í Englandi. Næstu þrjátíu og fimm ár seldu félagarnir varning sinn ánægðum viðskiptavinum.

Árið 2018 átti sér stað atburður sem olli afrakstri áratuga eljusemi ómældum skaða. Adrian var veitt heiðursorða breska heimsveldisins.

Martin var ekki ánægður. Honum fannst Adrian ekki eiga skilið orðuna, fálkaorðu þeirra Breta. Martin krafðist þess að Adrian skilaði orðunni ellegar hefði hann samband við skattayfirvöld og greindi þeim frá peningum sem þeir starfsfélagarnir höfðu fengið greitt undir borðið. Adrian hrökklaðist úr stöðu sinni við fyrirtækið.

Rifrildi mannanna rataði á borð hæstaréttar Bretlands í vikunni. Komst dómari að þeirri niðurstöðu að Adrian hefði verið bolað ólöglega út úr fyrirtækinu með fjárkúgun og hótun um mannorðsmorð. Martin var gert að greiða Adrian rúm 20 milljón pund fyrir hlut sinn í fyrirtækinu.

Við fyrstu sýn virðist frétt um ósætti tveggja 63 ára sölumanna iðnaðarvarnings eiga lítið skylt við frétt um þjáðar unglingsstúlkur á Instagram. Ný bók sýnir hins vegar að málin eiga sér sömu rætur.

Í bókinni The Status Game færir breski blaðamaðurinn Will Storr rök fyrir því að það sé óþrjótandi þörf okkar fyrir metorð sem stýri allri mannlegri hegðun. Mannkynið lifði af með því að vinna saman í hópum. Þeir einstaklingar sem tókst „að ávinna sér virðingu hópsins“ nutu mestrar velgengni. Þeir lifðu lengur „því metorðum fylgir meiri matur, stærri landsvæði og betri heilsa.“

Samkvæmt Storr er lífið kappleikur. Við veljum okkur deild til að spila í (pólitík, viðskipti, íþróttir, listir, samfélagsmiðla) og berjumst um virðingu innan hópsins sem mæld er í peningum, verðlaunum eða lækum á Facebook. Að auki keppum við með hópnum okkar við aðra hópa (um málstað, trúarbrögð, samsæriskenningar) og ef liðið okkar vinnur eykst virðing okkar; ef það tapar minnkar hún.

Þannig er staða okkar afstæð. Fáum dytti í hug að bera sig saman við Bill Gates eða Englandsdrottningu. Við berum okkur saman við hópinn okkar; jafnaldra, nágranna, vini, kollega.

Adrian Fewings fékk orðu. Við það varð Martin vinur hans ekki af nokkrum áþreifanlegum lífsgæðum. En tap hans hefði ekki getað verið meira. Þegar Adrian tók fram úr honum í virðingu veiktist staða Martins innan hópsins. Samkvæmt Storr veldur fátt meiri sálfræðilegum skaða en að færast niður metorðastigann. Könnun sýndi að 70% Bandaríkjamanna myndu heldur láta taka af sér annan handlegginn en húðflúra hakakross á ennið á sér.

Instagram sýnir okkur hina ríku, grönnu, sólbrúnu og sætu í sjúklega miklu stuði. Þegar við opnum Instagram og aðra samfélagsmiðla færumst við niður metorðastigann með einum smelli. Gott er að hafa það hugfast næst þegar við teygjum okkur í snjallsímann. ■

> Instagram sýnir okkur hina ríku, grönnu, sólbrúnu og sætu í sjúklega miklu stuði.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Úrval af pottum og pottastöndum

Njótum haustsins!

★★★

FULL BÚÐ AF LITRÍKU HAUSTLYNGI
OG FALLEGUM HAUSTVÖRUM

★★★

Haustlaukarnir eru komnir!

OPIÐ FRÁ
10 TIL 21
ALLA DAGA

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

IDdesign

BELINA

Stækkanlegt hvítt borðstofuborð. Með ávalar línur og eikarfætur. Miðja borðsins er dregin í sundur til að koma fyrir stækkunum sem fylgja.

Stærð: 100x170/270x74 cm.

95.992 kr. ~~119.990 kr.~~

DUAL

Borðstofustóll. Grátt, gænt, svart og bronslitt sléttflauel.

27.192 kr. ~~33.990 kr.~~

MEDUSA

Borðstofustóll. Skemmtilegt Bouclé áklæði í fjórum litum. Svartir fætur.

47.992 kr. ~~59.990 kr.~~

BRAY

Borðstofustóll. Grár eða gulur með svörtum fótum.

15.992 kr. ~~19.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR AF SMÁVÖRU FRÁ

BROSTE COPENHAGEN · NORDAL · Bitz · eva solo · ester & erik · Verti COPENHAGEN · by Sommer · ZONE DENMARK · KAY BOJESEN DENMARK · bodum · Medusa Copenhagen

BITZ

Diskur Ø21 cm 2.290 kr ~~1.832 kr~~
Skál Ø12 cm 1.990 kr ~~1.592 kr~~
Skál Ø10 cm 1.490 kr ~~1.192 kr~~

EVA SOLO POTTAR

10l. 23.992 kr ~~29.990 kr~~
3,6l. 15.192 kr ~~18.990 kr~~

BROSTE HAMMERED

Hnífapör f/4

22.392 kr ~~27.990 kr~~

EVA SOLO RAUÐVÍNSKARAFLA 1,75L

9.592 kr ~~11.990 kr~~

HOLMEGAARD

Humle 48cl

3.592 kr ~~4.490 kr~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

DANSKIR DAGAR



RICHMOND

Stækkanlegt eldhús-/borðstofuborð úr massívri, olíuborinni eik. Stöðugt og vandað borð. Hægt er að kaupa stækkanir á báða enda borðsins (50 cm hvor. Seljast sér). Borðplatan er með fiskibeinamynstri en er þó algerlega slétt og því gott að þrífa hana. Borðið er fáanlegt í tveimur stærðum.

Borð stærð: 95 x 160 H: 76,2 cm
87.992 kr. ~~109.990 kr.~~

Borð stærð: 95 x 220 H: 76,2 cm
103.992 kr. ~~129.990 kr.~~

Stækkanir: 95 x 50 cm
27.992 kr. ~~34.990 kr.~~

GAIN

Vandaður hægindastóll. Þéttur en mjúkur svampur í sæti og baki. Slitsterkt sléttflauel í 6 mismunandi litum. Sterkir og stöðugir fætur.

43.992 kr. ~~54.990 kr.~~

PARIS

Hægindastóll. Fáanlegur í bláu, bleiku, koparlitu, grænu og gráu sléttflaueli. Svartur, stöðugur snúningsfótur.

47.992 kr.
~~59.990 kr.~~

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

** Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

Vísindakaffi Rannís í Perlunni

20.21.og 22.september

Rannís býður upp á Vísindakaffi þar sem vísindafólk kynnir viðfangsefni sín á óformlegan hátt í þægilegri kaffihúsastemningu. Markmiðið er að færa vísindin nær fólki og segja frá rannsóknum sem skipta máli fyrir daglegt líf.

Vísindavaka rannís

DAGSKRÁ:

Mánudagur 20. september kl. 20:00-21:30

Loftlagsógnin - hvaða tæknilausnir eru í farvatninu?

Sigurður Reynir Gíslason, jarðefnafræðingur og vísindamaður við Háskóla Íslands.

Til þess að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins verður að fanga koltvíoxíð úr útblæstri orku- og iðjuvera og einnig beint úr andrúmslofti. Sigurður Reynir fjallar um Carbfix aðferðina og hvernig íslensku sandarnir geta komið þar við sögu.

Þriðjudagur 21. september kl. 20:00-21:30

Bólusetningar - hvaða máli skipta þær?

Ingileif Jónsdóttir, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og deildarstjóri hjá Íslenskri erfðagreiningu.

Sjaldan eða aldrei hefur verið rætt jafnmikið um bólusetningar og nú. Ingileif fjallar um þýðingu bólusetninga á tímum heimsfaraldurs, þróun bóluefna og vernd gegn COVID-19 sjúkdómi og smiti, hjarðónæmi, bólusetningu viðkvæmra hópa og bóluefni gegn nýjum afbrigðum veirunnar.

Miðvikudagur 22. september kl. 20:00-21:30

Falsfréttir og upplýsingaóreiða á samfélagsmiðlum - hver er staðan á Íslandi?

Jón Gunnar Ólafsson, nýdoktor við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands.

Mikið hefur verið rætt um falsfréttir og upplýsingaóreiðu undanfarin misseri en hvað segja rannsóknir okkur um stöðu mála á Íslandi? Jón Gunnar rýnir í niðurstöður, útskýrir hugtökin og tekur dæmi um upplýsingar um COVID-19 og falsfréttir í kosningabaráttunni sem nú stendur sem hæst.

Verið velkomin!

Kaffistjóri: Sævar Helgi Bragason

HVER VANN?

Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjust fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Tillaga um fjölgun stórmóta

FIFA birti í vikunni niðurstöðu könnunar þar sem meirihluti var meðfylgjandi því að fjölga heimsmeistaramótum. Knattspyrnugoðsagnir hafa hrósað tillögu Arsene Wenger um róttækar breytingar á landsleikjafyrirkomulaginu.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Það er ekki hægt að segja annað en að stjórn Alþjóðaknattspyrnusambandsins, FIFA, sé að draga ýmsa ása fram úr erminni til að reyna að fegra ímyndina. Meðal þeirra er að heimsmeistaramót karla í knattspyrnu verði haldið á tveggja ára fresti frá árinu 2028. Undanfarna daga hafa fyrrverandi stjörnur knattspyrnuheimsins, eins og Ronaldo, Peter Schmeichel, Javier Mascherano, Yaya Toure, Didier Drogba og fleiri, stigið fram og lýst yfir stuðningi við hugmynd Arsene Wenger um að breyta keppnisfyrirkomulagi landsliða og fjölga stórmótum.

Í síðustu viku funduðu áttatíu fyrrverandi leikmenn og þjálfarar með ráðgjafarhópi FIFA þar sem hugmyndin var rædd í þaula, en á sama tíma steig Aleksander Ceferin, forseti UEFA fram og tilkynnti að Evrópuþjóðir myndu íhuga að sniðganga HM ef breytingarnar yrðu samþykktar. Um leið sagði Ceferin að forráðamenn suður-ameríska knattspyrnusambandsins væru á sama máli.

Wenger hefur undanfarin ár unnið að hugmyndum um breytingar á regluverkinu innan knattspyrnuheimsins, en ein róttækasta breytingin sem hann hefur lagt til er uppstokkun á landsleikjafyrirkomulaginu þar sem haldin yrðu árleg stórmót í knattspyrnu. Hugmyndin var fyrst lögð fram af knattspyrnuyfirvöldum í Sádí-Arabíu og var samþykkt á ársþingi Alþjóðaknattspyrnusambandsins fyrr á þessu ári að málið yrði lagt fyrir nefnd sem Wenger leiðir.

Ronaldo er einn þeirra sem hafa talað vel um hugmynd Wengers. Á næsta ári eru 20 ár síðan Brassar urðu síðasta þjóðin utan Evrópu til að vinna HM karla.

6

FIFA hagnaðist um sex milljarða dala á HM í Rússlandi árið 2018.

Samkvæmt hugmyndinni yrði heimsmeistarakeppnin haldin annað hvert ár og hver heimsálfa myndi halda eigið mót, eins og Evrópumótið, þess á milli. Hluti af hugmynd Wengers, sem á að heilla knattspyrnufélögin, er að fækka landsleikjahléum úr fimm niður í tvö á ári og lengja þau þess í stað. Með því sé hægt að fækka ferðalögum og stýra álaginu betur. Samtök evrópskra atvinnumannadeilda voru fljót að lýsa yfir andstöðu sinni í takt við andstöðu frá knattspyrnusamböndum Evrópu og Suður-Ameríku.

„Það myndi gera út af við leikmenn að bæta eins mánaðar móti við leikjadagskrána á hverju einasta sumri. Ef HM er haldið á tveggja ára fresti munu karlamótin sífellt skarast við HM kvenna og Ólympíuleikana. Eins og Ólympíuleikarnir þá gerir fjögurra ára biðin HM að viðburðinum sem mótið er. Ég á ekki

Arsene Wenger og Giannis Infantino, forseti FIFA, hafa fundað um framtíð knattspyrnunnar undanfarna daga en skelltu sér þess á milli á landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

fær byr í seglin

> Fulltrúar aðildarsambandanna, sérstaklega hjá minni þjóðunum, sjá þarna möguleikann á tvöföldun á tekjustreyminu með fjölgun styrkja frá FIFA.
>
> Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka

von á því að þjóðirnar innan Evrópu samþykki þessa hugmynd," sagði Ceferin við fjölmiðla á dögunum.

Á sama tíma hafa minni knattspyrnusambönd lýst yfir vilja til að fjölga mótum, enda fjárhagslegur ávinningur af slíkri ákvörðun. Einn þeirra, forseti karabíska knattspyrnusambandsins, sagði einhuga vilja hjá 25 þjóðum sambandsins að fjölga HM til að fá fleiri leiki sem skipta máli. Um leið birti FIFA könnun sem var gerð af sambandinu þar sem naumur meirihluti af 23 þúsund manns sem tóku þátt í könnuninni, lýsti því yfir að vilja sjá fleiri stórmót og HM á tveggja ára fresti. Hugmyndin fékk mesta fylgið í Afríku þar sem tæplega tveir þriðju lýstu yfir áhuga á að fjölga mótum, en minnsta fylgið í Evrópu þar sem meirihluti vildi halda stöðunni óbreyttri. Von er á stærri könnun á næstunni.

„Þetta er umræða sem er eingöngu rekin áfram á peningarsjónarmiðum. FIFA veit að það er hægt að búa til meiri peninga með fjölgun leikja en það er spurning hver fær fjölgunina, Þetta er leið FIFA, fyrr á þessu ári reyndu stærstu félög Evrópu að taka frumkvæðið með stofnun Ofurdeildarinnar og UEFA hefur brugðist við kröfum stærstu liða í Evrópu til að gera sínar keppnir að söluvænni vöru," segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka, sem hefur rannsakað fjármál knattspyrnufélaga, aðspurður út í tillögurnar.

„Evrópska knattspyrnusambandið, UEFA, er með tvær frábærar vörur í EM og Meistaradeild Evrópu sem færa sambandinu gríðarlegar tekjur fyrir framan nefið á Alþjóðaknattspyrnusambandinu sem FIFA vill komast í. Það er búið að reyna HM félagsliða sem misheppnaðist og þetta er önnur tilraun þeirra til að auka eigin tekjur. Um leið eru þau að berjast um takmarkaða auðlind, leikdaga."

Aðspurðir segir Björn að hann skilji vel að minni sambönd séu sammála fjölguninni.

„Stór hluti af þeim styrkjum sem FIFA greiðir til aðildarþjóðanna greiðist jafnt á öll samtökin, hvort sem um ræðir Ísland, Þýskaland eða eitthvað smáríki. Fulltrúar aðildarsambanda , sérstaklega hjá minni þjóðunum sjá þarna möguleikann á tvöföldun á tekjustreyminu með fjölgun styrkja frá FIFA."

Hann segist ekki í vafa um að ef hugmyndin verði samþykkt muni hún ganga vel enda eftirsóknin slík á heimsvísu.

„Ef af þessu yrði myndi FIFA eflaust gera þetta vel og aðsóknin að mótinu yrði sú sama og þekkist í núverandi fyrirkomulagi."■

Frá yfirkjörstjórnum
í Reykjavíkurkjördæmum norður og suður, Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.

Aðsetur yfirkjörstjórna á kjördag er eftirfarandi:

Reykjavíkurkjördæmi norður:
Ráðhús Reykjavíkur. Talning atkvæða fer fram í Laugardalshöll.

Reykjavíkurkjördæmi suður:
Hagaskóli í Reykjavík. Talning atkvæða fer fram í Laugardalshöll.

Norðvesturkjördæmi:
Hótel Borgarnes í Borgarnesi. Talning atkvæða fer fram á sama stað.

Norðausturkjördæmi:
Verkmenntaskólinn á Akureyri. Talning atkvæða fer fram í sal Brekkuskóla við Skólastíg á Akureyri.

Suðurkjördæmi:
Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi. Talning atkvæða fer fram á sama stað.

Suðvesturkjördæmi:
Íþróttahúsið Kaplakriki, Hafnarfirði. Talning atkvæða fer fram á sama stað.

Dómsmálaráðuneytinu,
17. september 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Atkvæðagreiðsla fyrir þá sem verða í sóttkví eða einangrun vegna COVID-19 farsóttarinnar á kjördag 25. september 2021.

Atkvæðagreiðsla á sérstökum kjörstað.
Kjósandi sem verður í sóttkví eða einangrun á kjördag, og getur því ekki greitt atkvæði á almennum kjörstað eða almennum utankjörfundarstað, er heimilt að greiða atkvæði á sérstökum utankjörfundarstöðum.
Kosning á sérstökum utankjörfundarstað má hefjast mánudaginn 20. september 2021. Sýslumenn, hver í sínu umdæmi, auglýsa á vefsíðunni syslumenn.is hvar og hvenær atkvæðagreiðslan fer fram.
Kjósandi sem greiðir atkvæði á sérstökum utankjörfundarstað skal koma í bifreið á kjörstaðinn. Honum er óheimilt að opna dyr eða glugga bifreiðarinnar og hann skal vera einn í bifreiðinni. Kjósandi fær ekki kjörgögn í hendur heldur upplýsir hann kjörstjóra um hvernig hann vill greiða atkvæði, t.d. með því að sýna blað með listabókstaf framboðs eða á annan hátt sem kjörstjóri telur öruggan og nægilega skýran.

Mikilvægt er að kjósendur hafi með sér blað og ritföng til að gera grein fyrir vilja sínum og hafi með sér skilríki.

Sérstök athygli er vakin á því að þeim sem er í einangrun er heimilt yfirgefa dvalarstað sinn í bifreið í þeim eina tilgangi að greiða atkvæði á sérstökum utankjörfundarstað skv. heimild í reglugerð frá heilbrigðisráðherra.

Atkvæðagreiðsla á dvalarstað kjósanda.
Kjósanda sem er í einangrun eða sóttkví á kjördag er heimilt að greiða atkvæði á dvalarstað sínum. Beiðni um atkvæðagreiðslu á dvalarstað skal beint til sýslumanns í því umdæmi þar sem viðkomandi dvelst. Sé dvalarstaður kjósanda innan kjördæmis hans skal beiðnin berast sýslumanni eigi síðar en kl. 10:00 á kjördag, en sé dvalarstaður kjósanda utan kjördæmis hans eigi síðar en kl. 10:00 fimmtudaginn 23. september 2021. Beiðninni skal fylgja staðfesting heilbrigðisyfirvalda á að viðkomandi sé í einangrun eða sóttkví fram yfir kjördag og upplýsingar um hvers vegna þeim sem er í sóttkví er ekki unnt að greiða atkvæði á sérstökum utankjörfundarstað.
Kjósandi fær ekki kjörgögn í hendur heldur upplýsir hann kjörstjóra um hvernig hann vill greiða atkvæði t.d. með því að sýna blað með listabókstaf framboðs eða á annan hátt sem kjörstjóri telur öruggan og nægilega skýran.

Synja má kjósanda um að greiða atkvæði á dvalarstað telji sóttvarnayfirvöld að atkvæðagreiðslu verði ekki við komið án þess að tefla heilsu kjörstjóra eða annarra í hættu. Sú ákvörðun er endanleg.

Á vefslóðinni island.is/covidkosning2021 verða nánari upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar og þar verður unnt að sækja um kosningu á dvalarstað.

Dómsmálaráðuneytinu, 17. september 2021.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

BJORK@FRETTABLADID.IS

Árið 2014

Þó líklega líði fleirum en mér sem árið 2014 sé nýliðið, leyfi ég mér að efast um að Valgerður Þorsteinsdóttir sem segir áhrifamikla sögu sína í forsíðuviðtali þessa tölublaðs, fengi sömu viðbrögð nú og hún fékk þá. Árið 2021 þegar önnur bylgja #MeToo er í algleymingi og hrist hefur verið hressilega upp í þankagangi þjóðarinnar er merkilegt að rifja upp viðbrögðin sem 21 árs gömul kona fékk fyrir sjö árum. Þáverandi menntaskólastúlka kærði kynferðisbrot sem hún sagðist hafa orðið fyrir af hendi útvegsmanns í Grímsey. Örsamfélag eyjarinnar klofnaði, frásögn hennar var rengd, henni hótað meiðyrðamáli og hún var í raun útlæg frá Grímsey í mörg ár. Hún upplifði yfirheyrslur lögreglu sem ómanneskjulegar og að lokum var kærunni vísað frá. Vonina fann Valgerður í samstöðunni sem hún fann frá öðrum konum sem stigu fram. Um leið hjálpaði hún öðrum með frásögn sinni. Þær voru öryggisnetið hennar. Það er mikilvægur angi byltingarinnar, að vita að á mann verður hlustað. ■

”

Það er mikilvægur angi byltingarinnar, að vita að á mann verður hlustað.

Við mælum með

Sjúklegur kaffisjeik
Að byrja daginn á barnum er betra en það hljómar ef barinn sem um ræðir er nýopnaður Granólabarinn úti á Granda. Þar mælum við sannarlega með að smakka kaffisjeikinn eða frappuccino sem er örugglega sá besti á landinu og þó víðar væri leitað. Ekki skemmir fyrir að hann er meinhollur, úr aðeins fjórum hráefnum; espresso, frosnum banana, hnetusmjöri og hnetumjólk.

Kaupmaðurinn á horninu
Hlýlegt viðmót, brosandi starfsfólk og fjölbreytt úrval tekur á móti viðskiptavinum Corner Market á horni Klapparstígs og Laugavegs. Búðin minnir um margt á gamaldags kaupmanninn á horninu í bland við kjörbúð í Kaupmannahöfn. Starfsfólkið er afar liðlegt og þekkir stóran hóp viðskiptavina með nafni, opið er fram eftir og þar má kaupa allt frá bleyjum til brauðs. ■

Heilandi haustkransar

Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir fór að fikta við haustkransagerð fyrir nokkrum árum og segir tilvalið að fara út í náttúruna eftir annasaman vinnudag og nýta það sem tínt er í fallegan krans.

bjork@frettabladid.is

„Það má segja að ég hafi fengið skógræktaráhugann með móðurmjólkinni, en faðir minn er Vilhjálmur Sigtryggsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur og móðir mín heitin, Herdís Guðmundsdóttir, var skrifstofustjóri hjá Skógræktinni. Það má því segja að ég hafi alist upp í Skógræktinni," segir Ingunn.

Hún fór að fikta við haustkransagerðina fyrir nokkrum árum og hefur verið óstöðvandi síðan. „Ég elska að fara eftir annasaman vinnudag, út í náttúruna að tína lauf sem eru nýfallin af trjánum og útbúa haustkransa úr þeim."

Ingunn segist vilja stuðla að endurnýtingu og því noti hún alltaf sama hálmkransinn en skipti um skraut eftir árstíðum.

„Sumir nota plast til að hylja hálminn, en þar sem ég er almennt á móti óþarfa plasti reyni ég frekar að nota til þess stór lauf, til dæmis af öspum. Það er mikilvægt að hafa vír á rúllu til að festa greinarnar og litla u-pinna til að festa fallega skrautið í lokin. Hægt er að kaupa sprey í blómabúðum til að gera kransinn glansandi og helst hann þannig betur yfir veturinn."

Tækifæri til samveru
Skrautið sækir Ingunn svo í náttúruna, út í garð, í Heiðmörkina, Elliðaárdalinn, Laugardalinn eða einfaldlega á rölti um hverfið, þótt hún mæli ekki með að lesendur fari inn í nágrannagarða án leyfis.

„Það þarf sirka einn poka af laufum og greinum fyrir einn krans. Það má líka alltaf fara í blómabúð og kaupa til dæmis erikur og greinar."

Ingunn ráðleggur að tína lauf af trjám og runnum, frekar en af fjölærum blómum því þau deyi fljótt. „Svo verður bara hver að finna sinn stíl, það er það sem er svo dásamlegt við kransagerð að karakterinn kemur svo vel í ljós við þessa hugleiðslu," segir Ingunn og mælir með að laufin séu tínd sama dag og kransinn er útbúinn svo þau séu fersk og brotni ekki.

„Ég set yfirleitt einn krans á útidyrahurðina hjá mér. Einnig hef ég gefið kransa sem tækifærisgjöf, í stað rauðvínsflösku, þegar ég fer til dæmis í matarboð. Sjálf fer ég árlega á leiði hjá móður minni með krans og sú hefð hefur skapað ákveðna helgiathöfn hjá mér. Ég hef þá tínt lauf og greinar sem ég veit að hún elskaði og með þessu finnst mér ég ná að halda í okkar tengingu. Börnin mín hafa tekið þátt í kransagerðinni og það veitir okkur ánægju að fara upp á leiði og gefa „ömmu Dísu" hinn árlega haustkrans. Samveran og undirbúningurinn eru ekki síður mikilvæg. Við náum að tala um sorgina og minnast mömmu og ömmu með þessum hætti," segir Ingunn að lokum. ■

Ingunn nýtur þess að safna efni í haustkransa og útbúa til að hafa á útidyrahurðinni eða gefa í tækifærisgjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Efnið í kransana tínir Ingunn í nágrenninu eða í Heiðmörk og Laugardalnum.

Það sem til þarf er hálmkrans eða annar krans, vír á rúllu til að festa laufin og greinarnar og vír eða pinnar til að festa skrautið í lokin.

Nokkrir ólíkir kransar Ingunnar.

■ Í vikulokin

Ólafur Arnarson

Bjarni stýrði 200 milljarða fjárfestingum fram af brún

Bjarni Benediktsson eldri rak stjórnmálaarm Engeyjarættarinnar. Bróðir hans Sveinn, afi Bjarna Benediktssonar yngri, sá um viðskiptahliðina. Sveinn varð lykilmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins og Bæjarútgerð Reykjavíkur. Þriðji bróðirinn, Pétur, varð bankastjóri Landsbankans. 2003 tók Bjarni Benediktsson yngri við pólitískum armi fjölskyldunnar og settist á Alþingi.

Í bók sinni, Hinir ósnertanlegu, fjallar Karl Th. Birgisson um 130 milljarða afskriftir vegna félaga sem Bjarni Benediktsson stýrði og vitnar í umfjöllun Fréttatímans frá 2017. Afskriftirnar tengjast N1 og Vafningi. Á núvirði eru 130 milljarðar í október 2008 meira en 200 milljarðar.

Þeir sem töpuðu voru íslenskir lífeyrissjóðir og bankar sem lífeyrissjóðirnir áttu stóran hlut í. Ekki má gleymast að lífeyrissjóðirnir eru í eigu fólksins í landinu – kjósenda.

Engeyjarættin notaði félögin Hafsilfur, BNT, Þátt, Mátt, Sáttan og fleiri til fjárfestinga og lántöku. Sum voru aflandsfélög. Þessi félög, ásamt Vafningi og N1, voru notuð í lántökuhringekju þar sem bréf í einu félagi voru sett að veði fyrir lántöku annars. Tekin voru lán langt umfram leyfileg hámarkslán Íslandsbanka til tengdra aðila, þrátt fyrir að eignarhald félaganna væri á höndum sömu aðila. Bjarni var í forsvari fyrir félögin.

Þá átti Bjarni aflandsfélagið Falston á Seychelles-eyjum ásamt öðrum en gerði ekki grein fyrir því í lögbundinni hagsmunaskráningu þingmanna. Falston var ætlað til fasteignafjárfestinga í Dúbaí og víðar. Bjarni þóttist fátt þekkja til félagsins þótt til séu tölvupóstar sem benda til að hann hafi notað ferð á vegum Alþingis til Suður-Ameríku í þágu félagsins.

”

Fjórðungur kjósenda virðist ennþá láta þetta yfir sig ganga.

Svo mikið þótti liggja við að stöðva umfjöllun um feril Bjarna fyrir kosningarnar 2017 að sett var lögbann á umfjöllun Stundarinnar um málið.

Bjarni hefur verið formaður Sjálfstæðisflokksins í 12 ár. Ekki virðist það trufla flokksmenn að hann eigi vafasaman fjármálaferil að baki, um fjórðungi kjósenda. ■

GÓMSÆT HELGARTILBOÐ

GILDA 16.–19. SEPTEMBER

Grísahakk
3x1 kg
43% AFSLÁTTUR
1.879 KR/PK
ÁÐUR: 3.299 KR/PK

Granóla með berjum
Änglamark - 400 g
674 KR/PK
ÁÐUR: 899 KR/PK

Lambalæri
Nýslátrað
1.599 KR/KG

Pítubuff
6x60 g - með brauði
1.050 KR/PK
ÁÐUR: 2.099 KR/PK

Nautabuff
4x110 g
769 KR/PK
ÁÐUR: 1.099 KR/PK

Lambanýru
Nýslátrað
299 KR/KG

Lambalifur
Nýslátrað
399 KR/KG

Lambahjörtu
Nýslátrað
399 KR/KG

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum Nettó verslunum.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Valgerður segir baráttu sína fyrir réttlæti hafa tekið mikið á eftir að hún kærði kynferðisbrot sem hún segist hafa orðið fyrir um árabil sem barn. En hún muni aldrei gefast upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki skrítið að við konur séum hræddar

Björn Þorláksson
bth
@frettabladid.is

Valgerður Þorsteinsdóttir kærði árið 2014 ítrekuð kynferðisbrot eldri karlmanns í Grímsey. Brotin sagði hún hafa átt sér stað frá því hún var fjórtán ára. Skiptust íbúar eyjarinnar í tvær fylkingar og upplifði Valgerður að hún ætti lítinn séns gegn ómanneskjulegu kerfi.

Í janúar 2015 steig Valgerður Þorsteinsdóttir fram í Akureyri vikublaði og sagði frá meintum kynferðisbrotum sem hún varð fyrir í Grímsey. Hún sagði að brotin hefðu byrjað þegar hún var á fermingaraldri og hefðu staðið yfir um nokkurra ára skeið. Gerandinn hefði einnig brotið gegn sér nokkrum sinnum í Reykjavík. Valgerður sagði að um ítrekaða nauðgun hefði verið að ræða og kærði málið til lögreglu.

Það var fátítt á þessum tíma að kona um tvítugt þyrði að stíga fram undir nafni með slíkar ásakanir gagnvart voldugum manni. Þótt hann nyti nafnleyndar, og verður sama regla viðhöfð nú, vissu allir eyjarskeggjar og margir fleiri uppi á landi um hvern var rætt. Málið hafði áhrif á útgerðarmál og samstöðu eyjarskeggja. Hinn meinti gerandi flutti burt úr eynni sem sat tvíklofin eftir á heimskautsbaugnum miðjum. Valgerður, sem aldrei hefur rætt þetta mál í fjölmiðlum síðan hún rauf þögnina fyrir tæpum sjö árum, stígur nú aftur fram, að sögn til að loka eigin sögu og tala til annarra þolenda, brýna þá til dáða, þótt reynslan af ofbeldinu og kærumálunum hafi um tíma gengið mjög nærri henni sjálfri.

Úti er hellirigning og sjór ansi úfinn við Faxaflóann þegar við setjumst niður að kvöldi dags.

„Ég mun aldrei sjá eftir að hafa barist fyrir sjálfri mér. Það getur enginn barist eins vel fyrir mann og maður sjálfur. Ég veit líka að það sem ég gerði á sínum tíma, að koma fram og segja frá, hjálpaði rosalega mörgum öðrum. Það veit ég vegna ótalmargra skilaboða sem bárust mér, mest frá konum. Það var í raun eftir öll viðbrögðin sem ég uppgötvaði hvað það er mikilvægt fyrir aðra brotaþola að einhver sé með rödd þarna úti, tali og segi frá. Það er svo gott að vita að maður er ekki einn.

Viðamikil kynferðisbrotamál hafa verið áberandi í umræðunni undanfarið og segist Valgerður umfjöllunina sannarlega hafa náð til sín.

Já, það hefur verið mjög „triggerandi“ fyrir mig að fylgjast með opnun þeirra mála, sérstaklega þegar frásagnir þolenda eru rengdar. Aftur á móti hef ég verið mjög ánægð með að samstaðan er miklu meiri nú en var þegar ég steig fram. Það eru miklu fleiri sem segja frá, fleiri sem tala og æ fleiri taka mark á okkur sem er ótrúlega gott. Þegar ég sagði frá þótti algjört tabú að ræða þetta, engin #MeToo-bylting var orðin að veruleika og ekkert öryggisnet til að grípa þolendur.

Í raun vonlaus barátta

Blaðamaður minnir Valgerði á að mikið hafi breyst á undanförnum árum og mikið hugrekki hafi þurft til að stíga fram á þann hátt sem hún gerði.

„Já, já, ég átta mig vel á því í dag hvað þetta var mikill slagur, í raun alveg vonlaus barátta fyrir rúmlega tvítuga stelpu að berjast í þessu. En það var einhver réttlætiskennd sem keyrði mig áfram, einhver baráttukraftur. Ég er mjög þakklát að hafa fengið styrk til að berjast þótt þetta hafi verið mjög erfitt allt saman og ýmsar afleiðingar. Ég hef gert mér grein fyrir að réttlætinu verður ekki alltaf fullnægt fyrir dómstólum en það hefur gert mjög mikið fyrir mig að heyra í öðrum konum sem hafa stigið fram. Þegar margir setja sig upp á móti manni og rengja frásögn, þá getur það alveg gerst að maður efist um sjálfa sig, en það má maður alls ekki gera.“

Fékk hótun um kæru í skólanum

Aðspurð um neikvæðar afleiðingar eða fórnarkostnað þess að stíga fram segist Valgerður hafa vitað að norður í Grímsey skiptist fólk í tvær fylkingar.

„Eftir viðtalið hafði nánast enginn beint samband við mig, sem var ansi sérstakt. Hins vegar fékk ég nánast strax bréf frá Vilhjálmi Vilhjálmssyni lögfræðingi um að gerandinn ætlaði að höfða meiðyrðamál gegn mér. Vilhjálmur var svo smekklegur að senda mér kæruna í Facebook-skilaboðum, þar sem ég sat í tíma í skólanum mínum. Sennilega aðallega til að hræða mig fyrir hönd mannsins. En ég er enginn bjáni. Ég hringdi strax í mína lögfræðinga sem sáu um þetta og það varð ekkert úr meiðyrðamálinu, enda engin innistæða fyrir lögsókn. Og þótt það væru fáir í eynni sem höfðu beint samband við mig fékk ég oft að vita í gegnum þriðja aðila hverjir efuðust um það sem ég hafði að segja og hverjir það voru sem ætluðu ekki að taka afstöðu.“

Erfitt að heimsækja Grímsey

Afi Valgerðar bjó í Grímsey og hún hafði starfað í eynni á sumrin. *Hvernig ætli hafi verið að heimsækja eyna eftir að málið varð opinbert?*

„Það liðu mörg ár þangað til ég fór aftur til Grímseyjar og það var góð ástæða fyrir því. Það var mjög erfitt. Sem dæmi voru frændi minn og sonarsonur mannsins að fermast á sama tíma. Það er óskrifuð regla í Grímsey að skólasystkini fermast saman og alltaf er haldin sameiginleg veisla. En ég gat ekki farið í fermingarveisluna hjá litla frænda mínum af því að ég vissi að fjölskylda gerandans yrði þarna.“

Valgerður segist hafa upplifað marga dökka daga fyrst og fremst persónulega, en sem fyrr segir urðu einnig samfélagsleg áhrif af málinu.

Fékkstu jafnvel að heyra að það væri þér persónulega að kenna ef byggð myndi eyðast í eynni?

„Kannski ekki beint en ég upplifði að þetta mál hafði gífurleg áhrif í svo margar áttir. Svo eitt sé nefnt þá fluttu þessi hjón frá Grímsey eftir að ég kærði og sagði frá.“

Upplifðirðu að íbúarnir skiptu sér í tvær fylkingar?

„Já og þess vegna barðist ég, ég barðist af því ég þurfti að gera það, ég þurfti að berjast fyrir því að fólk hlustaði. Ekki bara út af mér heldur vegna þess að eftir að ég sagði frá stigu miklu fleiri konur fram sem höfðu vondar sögur af manninum að segja.“

Var svo sjúkt

Eftir því sem fram kom í fréttum á sínum tíma steig önnur kona fram undir nafni og lýsti því hvernig maðurinn hefði líka áreitt hana. Hún sendi ríkissaksóknara bréf, framburði Valgerðar til stuðnings. En allt kom fyrir ekki.

„Ég er þakklát þessari konu en það kom mér í raun ekki mjög á óvart þegar lögfræðingurinn bar mér þær fréttir frá saksóknara að málinu væri vísað frá. Mig grunaði að það yrði vísað í að þarna stæði orð gegn orði. Í raun upplifði ég ákveðinn létti þegar málinu lauk. Það fer enginn í svona málsókn að gamni sínu, hún getur tekið frá manni alla orku, þetta er alveg drulluerfitt. Ég dáist stundum að sjálfri mér að hafa gengið í gegnum þetta allt. En það er dálítið erfitt að segja það upphátt að ég er ekki viss um að ég myndi treysta mér í dag til að endurtaka leikinn vegna allrar þeirrar mótbáru sem skall á mér.

Aðspurð hvort það hafi verið eitthvert eitt atvik sem leiddi til þess að hún kærði manninn, svarar Valgerður:

„Ég var í vetrarfríi í Grímsey þegar fundum okkar bar óvænt saman. Þá tilkynnti hann mér að hann hefði sagt konunni sinni frá okkur. Að hún viti en ég megi ekki segja frá. Það var í rauninni þá sem ég ákvað að aðhafast. Hann vildi meina að við hefðum átt í ástarsambandi,

> Þegar margir setja sig upp á móti manni og rengja frásögn, þá getur það alveg gerst að maður efist um sjálfa sig, en það má maður alls ekki gera.

BÓKA MARKAÐUR

Á FISKISLÓÐ 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19

ÍSBÍLLINN KEMUR KL. 14.00

ALDREI BETRA VERÐ!

1.490 kr.

1.690 kr.

990 kr.



4.990 kr.

1.990 kr.

990 kr.

1.990 kr.

690 kr.



99 kr. TILBOÐ



990 kr.

NAMMI FYRIR BÖRNIN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

sem er í rauninni galið. Hann segir að „sambandið“ hafi verið með mínu samþykki og þar af leiðandi hafi reiði konunnar hans aðallega sprottið af því að hann hafi haldið fram hjá, en ekki því að hann hafði brotið á mér. Það var þá sem ég ákvað að kæra. Þetta var svo sjúkt.“

Gagnrýnir skýrslutöku lögreglu

Eins og Valgerður lýsir sjálf reyndi málið mjög á hana, en ætli henni hafi aldrei fallist hendur þegar bardaginn stóð sem hæst?

„Ég upplifði það mjög sterkt hve erfið þessi barátta reyndist, að leita réttar síns og segja frá. Það kom mér mjög á óvart hve erfitt það var að fara í yfirheyrslurnar,“ segir Valgerður og heldur áfram:

„Mér var úthlutað réttargæslukonu en við tengdumst aldrei neitt. Allt andrúmsloftið í yfirheyrslunum var rosalega þurrt og óþægilegt. Mér leið alltaf eins og ég þyrfti að berjast fyrir því að reyna að sannfæra viðstadda um að ég væri ekki að ljúga, líka réttargæslukonuna. Það var enginn mannlegur þáttur til staðar. Ég upplifði að það hefði verið hægt að vinna þessa vinnu miklu manneskjulegar en raunin varð og mér hefði fundist eðlilegra ef sálfræðingur hefði verið kallaður til.

Það var svo viðbjóðslega erfitt að segja svona hluti upphátt, allt sem ég hafði grafið. Að segja hluti sem ég hafði ekki einu sinni leyft mér að hugsa til enda, hvað þá að segja þá upphátt við einhvern þurran rannsóknarlögreglumann á Akureyri. Um leið og spurningarnar fóru að snúast um: Hvernig þekkirðu þennan? Um leið og allt varð svona kalt og fjarlægt þá leið mér eins og ég væri komin aftur í miðaldir, ég átti engan séns gegn kerfinu,“ segir Valgerður með miklum þunga. Úti er hætt að rigna og einn feiminn sólargeisli laumar sér inn um glugga áður en kvöldrökkrið tekur yfir.

Stundum ekki nóg að segja frá

„Maður má ekki gefast upp en málin eru bara svo mörg. Til dæmis þegar Robert Downey fékk uppreist æru. Hvernig gat það gerst? Það er ekki skrýtið að við konur séum hræddar við að aðhafast og stíga fram, sagan sýnir okkur aftur og aftur að við fáum það í andlitið að leita réttar okkar. Í þessu Robert Downey máli kannaðist ég við nokkrar stelpur sem tengdust því, stelpur sem börðust og börðust og börðust. Fyrir þær var það auðvitað eins og drullublaut ísköld tuska í andlitið að maðurinn skyldi fá uppáskrift um að samfélagið hefði samþykkt hann og hans fyrri verk. Strikað yfir fortíð hans.“

Valgerður elskar sjóinn en stundum hafa brimskaflar lífsins gengið nærri henni.

Hvernig finnst þér eftir að hafa tapað málsókninni að þú getir barist áfram fyrir réttlæti eins og var yfirskrift viðtalsins árið 2015?

„Fyrst og fremst með því að þegja ekki. Tala, segja frá. Ef fólk upplifir eitthvað sem áreiti eða óþægilegt þá þarf fólk að geta rætt það. Enginn á að þurfa að glíma við ofbeldi einn, það kemur ekkert gott úr því. Það er mjög erfitt að vinna úr svona hlutum sjálfur. En stundum er ekki nóg að segja frá. Ég hélt lengi vel að sú leið að segja frá til að vinna í sjálfri mér myndi duga, en svo komst ég að því að ég hafði ekki unnið markvisst úr mínum áföllum.“

Orð standa gegn orði

Árið 2014 kærði Valgerður Þorsteinsdóttir útgerðarmann í Grímsey fyrir meint kynferðisbrot sem hún sagði að hefðu byrjað árið sem hún fermdist. Brotin hefðu staðið yfir árum saman. Málinu var vísað frá, orð sagt standa gegn orði.

Í blaðaviðtali árið 2015 hét hún landsmönnum því að hún myndi aldrei hætta að berjast fyrir réttlætinu, hvað sem liði ákvörðunum lögreglu og dómstóla. Gríðarlegur titringur skapaðist þegar Valgerður sagði frá, enda miklir hagsmunir undir, kvótaeign og fleira. Samfélagsáhrifin í eynni urðu gríðarleg. Fólkið klofnaði í tvær fylkingar. Sumir sögðu að Valgerður hallaði máli og töldu að um ástarsamband væri að ræða. Það segir Valgerður galið þegar um ræði barn. Aðrir rómuðu Valgerði fyrir hugrekki og kölluðu hana brautryðjanda. Þetta var fyrir tíma #MeToo, alheimsvakningar sem breytt hefur umræðu og viðhorfum svo um munar.

Barátta Valgerðar hefur orðið stak í því mengi að æ fleiri konur rísa nú upp gegn ofbeldi og segja hingað og ekki lengra. Með aukinni samstöðu samfélagsins með þolendum segist Valgerður vongóð um að raddir þeirra sem brotið er á verði ekki endalaust þaggaðar eða dregnar í efa, eins og hún reyndi svo mjög á eigin skinni. Valgerður lokar nú hringnum, meðal annars með því að tala opinberlega á ný, í fyrsta skipti í tæp sjö ár.

> Þegar ég sagði frá þótti algjört tabú að ræða þetta, engin #MeToo-bylting var orðin að veruleika og ekkert öryggisnet til að grípa þolendur.

Hætti að drekka

Í hverju fólst þá þitt bjargræði þegar þú uppgötvaðir að þú værir enn að burðast með sekt sem ekki var þín?

„Ég hætti að drekka og sú sem hjálpaði mér að sjá það, var sponsorinn minn sem ég fór í gegnum reynslusporin með. Það var í rauninni hún sem opnaði augu mín fyrir því að ég gæti ekki borið ábyrgð á því sem gerðist þegar ég var fjórtán ára. En hún þurfti að segja mér það aftur og aftur og aftur. Hugsaðu þér.“

Í nóvember er liðið eitt ár frá því að Valgerður hætti allri áfengisneyslu.

„Að hætta að drekka hefur gefið mér frelsi til að taka góð skref. Mín reynsla er að áfengið heldur manni oft tilfinningalega föstum, maður staðnar og nær ekki að vinna úr áföllum. Ég gat ekki unnið úr mínum áföllum, ekki fyllilega, fyrr en ég varð allsgáð.“

Talið berst að breyttum lífsstíl ungmenna, að ekki þykir lengur nauðsynlegt að ganga í gegnum manndómsvígsluna sem fólst í brennivíni og öðru þvíumlíku ekki alls fyrir löngu.

„Já, það er frábært að nú stefni í að einn daginn verði meira norm að drekka ekki en að drekka. Ég tek eftir því á börum og í veislum að það er yfirleitt núorðið boðið upp á óáfenga drykki, hellingur af fólki er edrú. Mér finnst frábært að krakkar í menntaskólanámi séu ekki lengur settir í þá stöðu að þurfa að drekka, mér finnst það æðislegt.“

Aðspurð hvort hún telji kynferðisbrotin hafa valdið alkóhólismanum að einhverju leyti svarar Valgerður: „„Ég veit það ekki en þegar ég þurfti að ganga í gegnum það sem ég gekk í gegnum auðveldaði áfengið mér aldrei samskipti við hitt kynið, það jók aldrei mína sjálfsvirðingu eða annað slíkt.“

Af hverju gerðirðu þetta?

Aðspurð segir Valgerður gerandann klárlega hafa haft áhrif á það hvernig hún mótaðist sem einstaklingur.

„Orðum það bara þannig að fjórtán ára börn eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af öðru en hvort þau mæti of seint á handboltaæfingu eða hvort sá sem maður er skotinn í sé skotinn til baka. Vissulega eru alls konar brestir oft í fjölskyldum en þessi maður níddist á minni máttar. Sú spurning mun alltaf lifa hjá mér: Af hverju gerðirðu þetta?“

Valgerður segir þá staðreynd að þolendur séu í auknum mæli farnir að segja frá ofbeldi kveikja hjá sér von um betri heim. „Ég held líka að vonin felist í aukinni samstöðu hjá þolendum, ég held hún sé mjög mikilvæg. Mér finnst líka að karlmenn séu að koma inn með sterkari rödd, sem er frábært. Auðvitað snerta þessi mál karla alveg eins og konur.“

Heldurðu að heimurinn sé fullur af fólki sem gerir það sem það gerir af því að fólk heldur að það komist upp með það?

Ég er ekki í vafa um það og þess vegna er svo mikilvægt að halda þessari umræðu opinni. Af hverju ættu konur að hópast saman og ljúga sökum upp á einhverja menn?

Með listina í liði með sér

Við Valgerður látum staðar numið í þessu erfiða máli sem hún hefur rætt hnarreist með þungri undiröldu. Hún þarf að drífa sig heim og sinna listrænni köllun. Hún stundar bæði píanó- og söngnám við FÍH og starfar auk þess í lausamennsku hjá True North við framleiðslu. Sigrarnir að baki eru margir þrátt fyrir allt. Hún segist nýbúin að semja lag fyrir ADHD-samtökin og hefur sérstakt dálæti á gömlum íslenskum dægurlögum og djassstandördum.

„Ég er eldgömul sál, ég er 3.000 ára gömul sál sem elskar að segja sögur í gegnum texta, ljóð, lög. Listin hefur alltaf verið mín leið til að koma hlutunum frá mér. Listin hefur ekki bara verið mér nauðsynleg til að glæða lífið inntaki heldur hefur listin líka virkað eins og þerapía. Ég skrifa líka og mála. Allt helst í hendur.“ ■

Tónlistarsjóður auglýsir eftir styrkumsóknum til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2022.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á **www.rannis.is**. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur rennur út 1. nóvember 2021 kl. 15.00.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannís,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800
tonlistarsjodur@rannis.is.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Kveikjan að fullkomnu ferðalagi.

Nýr Kia Ceed SW Plug-in Hybrid.

Movement that inspires

Ferðalag um framandi slóðir víkkar sjóndeildarhringinn og laðar fram ferskar hugmyndir. Nýr Kia Ceed SW Plug-in Hybrid er búinn nýjum og spennandi tæknilausnum á borð við Kia UVO Connect ásamt öðrum nýjum akstursbúnaði. Stærra farangursrými, 57 km rafmagnsdrægi og hin einstaka 7 ára ábyrgð gera Kia Ceed SW Plug-in Hybrid að einstökum bíl.

Komdu og reynsluaktu nýjum Kia Ceed SW Plug-in Hybrid.
Opið í dag laugardag 12-16. Við tökum vel á móti þér.

Ceed SW Plug-in Hybrid verð frá:

4.640.777 kr.

Afborgun á mánuði 32.944 kr.**

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir fyrirtækja og heimila.
Nánar á askja.is/hledslulausnir

7 ÁRA ÁBYRGÐ KIA*
LOFORÐ UM GÆÐI

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lesnu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd. **m.v. 50% innborgun og lán til 84 mán. Vextir Á60%. Heildargreiðsla láns er 2.802.293 kr. Áætlaður hlutfallstala kostnaðar er 5,37%.

Afleiðingar félagslegrar einangrunar vegna heimsfaraldurs Covid-19 eru margvíslegar og ekki útséð með umfang þeirra. Ein afleiðingin sem var varla fyrirséð er lágt sjálfsmat vegna langvarandi áhorfs á sjálfan sig og aðra í gegnum vefmyndavélar, eða „Zoom dysmorphia“, sem á íslensku gæti útlagst sem „Zoom-líkamsskynjunarröskun“.

Þegar fjöldatakmarkanir og útgöngubönn um heim allan festu fólk heima hjá sér tók veröldin risa tæknistökk. Fjarfundabúnaður var orðinn staðalbúnaður hjá starfsstéttum sem áður höfðu vanist því að eiga mannleg samskipti augliti til auglitis. Kennarinn, sálfræðingurinn, starfsmannastjórinn og afi þinn hittu þig skyndilega bara á skjánum og flestir voru þeir heima á sófanum – þú líka.

En ein afleiðing þess að stara á eigin spegilmynd tímunum saman á fjarfundum er mögulega brengluð og brotin sjálfsmynd. Fyrirbærið sem um ræðir hefur verið kallað „Zoom dysmorphia“. Nafnið er sótt í fjarfundakerfið Zoom sem flestir eru farnir að þekkja eftir einangrunartímann. Persónulega lærði ég að þekkja Zoom rétt eftir að ég vissi hvað kórónaveira væri og leyfi mér að fullyrða að ég hafi ekki verið ein á þeim báti.

Afmynduð spegilmynd

Það var dr. Shadi Kourosh, húðsjúkdómalæknir og prófessor við læknaskóla Harvard, sem samkvæmt grein breska dagblaðsins The Guardian kom fram með hugtakið sem þó er ekki orðið að formlegri greiningu. Það gerði hún eftir að hafa fundið fyrir aukningu í tímapöntunum í lagfæringar á útliti eftir að faraldurinn hófst.

Í viðtali við The Guardian lýsti Kourosh yfir áhyggjum af því að síma- og tölvumyndavélarnar hefðu neikvæð áhrif á hugmyndir okkar um eigið útlit. Sjálf líkir hún myndavélunum þó frekar við töfraspeglana sem flestir þekkja úr speglasölum og afmynda spegilmynd þess sem fyrir framan þá stendur. Fólk sé þannig ekki að horfa á raunverulega spegilmynd sína í myndavélunum heldur sé myndin afmynduð vegna sjónarhorns og nálægðar við vélina.

Slæmt sjónarhorn með snjallsíma

Hún sagði aukna ásókn í fegrunaraðgerðir strax í upphafi faraldurs hafa komið sér á óvart enda var fólk á sama tíma hvatt til að forðast ónauðsynlegar læknisaðgerðir. Það voru helst lagfæringar á nefi og ennishrukkum sem urðu vinsælli og fólk kvartaði enn fremur yfir slappri húð í andliti og á hálsi. Því fór hún að velta fyrir sér hvort þessar útlitsáhyggjur gætu mögulega tengst því að fólk ver nú auknum tíma á fjarfundum. Að fólk héldi snjallsímanum mögulega í óhagstæðri hæð á fundunum, fyrir neðan höku og horfði þannig niður á sjálft sig. Lesendur sem eru óvissir um að sú staða hafi neikvæð áhrif á útkomuna, ættu að gera hlé á lestri hér og gera tilraun með myndavélina.

Filteruð fegurð

Frá árinu 2015 hefur hugtakið „Snapchat dysmorphia“ verið notað, þó meira í flimtingum, og lýsir því hvernig algengi sjálfa, eða „selfies“ með ýmiss konar breytingum eða filterum, hefur haft áhrif á sjálfsmynd myndefnisins. Samkvæmt grein The Guardian er þessi forveri Zoom-vandans ólíkur að því leyti að þá eru skjólstæðingarnir meðvitaðri um stöðuna. Þeir leita þá til lýtalæknis með filteraða mynd af sjálfum sér þar sem augun eru stærri, kinnbeinin hærri og húðin sléttari. Vitandi vel að um er að ræða mynd sem er ekki alveg sannleikanum samkvæm – en að þeirra mati þó betri en sú upprunalega – og óska eftir þeirri útkomu, með aðgerð.

Ein afleiðing einangrunar og samkomutakmarkana í heimsfaraldri er lágt sjálfsmat vegna langvarandi áhorfs á sjálfan sig og aðra í gegnum vefmyndavélar sem oft sýna ekkert sérlega gott sjónarhorn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Brengluð sjálfsmynd afleiðing fjarfunda

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Þegar kemur að Zoom dysmorphiunni er vandinn óskýrari og ómeðvitaðri þar sem fólk áttar sig ekki á brenglaðri myndinni sem myndavélin birtir því.

Svo auðvitað hefur það ekki hjálpað sjálfsmynd margra að vera fastir heima hjá sér, jafnvel ótilhafðir og hreyfingarlausir á sófanum, skoðandi mikið breyttar myndir af öðru fólki á samfélagsmiðlum.

Samkvæmt grein í tímaritinu Psychology Today vísar hugtakið Zoom dysmorphia til tegundar af líkamsskynjunarröskun, BDD, sem kallast andlits-dysmorphia. Þeir sem af henni þjást rýna sérstaklega í nef sitt, húð, tennur, eyru og aðra hluta andlits síns og vilja breyta því og forðast félagsleg samskipti.

Jafnvel þó Zoom dysmorphia finnist ekki enn í svokölluðu DSM-kerfi, eða handbók um greiningu og upplýsingar geðsjúkdóma og sé því ekki opinber greining, er þó vert að skoða hugtakið. Ekki síst þar sem litlar líkur eru á að fjarfundir hverfi eins hratt og þeir voru kynntir til sögunnar. Enda töluverður tímasparnaður sem hlýst af þeim, svo ekki sé minnst á jákvæð umhverfisáhrifin af því að ekki sé annar hver maður fljúgandi stórborga á milli fyrir stutt spjall.

> Fyrirbærið sem um ræðir hefur verið kallað Zoom dysmorphia.

Merki um Zoom dysmorphiu

- Kvíði fyrir fjarfundum þar sem myndavélar eru notaðar
- Mikil áhersla á að líta vel út fyrir fjarfundi
- Rýna í hvernig þú birtist á skjánum og leita að göllum
- Trúa því að aðrir séu að rýna í téða galla

> Fólk sé þannig ekki að horfa á raunverulega spegilmynd sína í myndavélunum heldur sé myndin afmynduð vegna sjónarhorns og nálægðar við vélina.

Líkamsskynjunarröskun – BDD

Líkamsskynjunarröskun er geðröskun sem einkennist af áleitnum hugsunum um útlitsgalla sem er þó ekki til staðar. Röskunin kemur að jafnaði fram á unglingsárum og er kynjahlutfall nokkuð jafnt. Þeir sem þjást af röskuninni eyða oft mörgum tímum á dag í að hugsa um útlit sitt og fylgir hugsununum yfirleitt áráttukennd hegðun, svo sem að líta endurtekið í spegil eða bera útlit sitt saman við útlit annarra. Vegið algengi röskunarinnar í almennu þýði er um 2% en er talsvert hærra í klínísku samhengi og á stofum húð- og lýtalækna. Hún hefur oft alvarlegar afleiðingar í för með sér, eins og mikla vanvirkni, skert lífsgæði, þunglyndi og mikla sjálfsvígshættu. Lítið er vitað um orsakir röskunarinnar og hvaða þættir spá fyrir um framvindu hennar. Hugræn atferlismeðferð og SRI-lyfjameðferð skila mestum árangri, en ljóst er að fegrunaraðgerðir skila litlu og geta verið skaðlegar fyrir þessa skjólstæðinga.

Úr fræðigreininni Líkamsskynjunarröskun – Helstu einkenni, algengi, greining og meðferð, eftir Hrefnu Harðardóttur lýðheilsufræðing, Örnu Hauksdóttur faraldursfræðing og Andra Steinþór Björnsson sálfræðing. Birtist í Læknablaðinu árið 2019.

Sjötíu prósenta aukning

Beiðnir um fjarfundi með breskum lýtalæknum jukust um 70 prósent árið 2020 miðað við árið á undan. En rétt eins og kollegar þeirra í Bandaríkjunum tóku þeir bresku eftir því að heimsfaraldur hafði þau áhrif að almenningur fór að horfa meira í spegilmynd sína, ekki endilega með jákvæðri niðurstöðu fyrir sjálfsmyndina.

Bandalag breskra lýtalækna sérhæfðra í fegrunarlækningum, eða BAAPS, hefur meira að segja fundið hugtak yfir aukninguna og kalla hana The Zoom Boom, eða Zoom-sprengjuna og gaf síðasta sumar út tilkynningu til almennings varðandi læknafundi í gegnum vefmyndavél.

Í tilkynningu sinni hvöttu læknarnir almenning til varfærni og árvekni vegna mikillar aukningar á læknatímum í gegnum fjarfundabúnað meðan á útgöngubanni stóð. Sagði í tilkynningu að jafnvel þótt læknar fögnuðu því að geta átt samskipti við skjólstæðinga sína í gegnum fjarfundabúnað væri fólk hvatt til að ganga úr skugga um að læknar hefðu tilskilin réttindi og fara varlega í að sýna viðkvæma líkamshluta í gegnum vefmyndavélar.

Eins og að horfa í spegil marga tíma á dag

Ásmundur Gunnarsson, sálfræðingur og sérfræðingur í klínískri sálfræði hjá Kvíðameðferðarstöðinni, hefur töluvert unnið með líkamsskynjunarröskun, eða „Body dysmorphic disorder“. Hann er ekki hissa á að stanslaus berskjöldun frammi fyrir myndavélinni hafi áhrif á sjálfsmynd fólks.

Aðspurður segist Ásmundur ekki hafa heyrt um Zoom dysmorphia. „Þarna er í raun verið að tala um kvíðavandamál sem nefnist líkamsskynjunarröskun eða Body dysmorphic disorder.“

Stanslaus berskjöldun

Ásmundur segir hugtakið Zoom dysmorphia skírskotun í þá upplifun margra sérfræðinga að með tilkomu fjarfunda og aukinni notkun myndavéla á tímum Covid sé fólk útsettara fyrir ofangreindum áhyggjum. „Þetta er dálítið svipað og að standa fyrir framan spegilinn sinn í marga klukkutíma á dag,“ segir hann.

„Hjá hversu mörgum þetta byrjar að trufla daglegt líf þeirra og veldur þeim mikilli vanlíðan er erfitt að segja, en líklegt að þetta trufli frekar þá sem eru nú þegar ósáttir við útlit sitt. Stanslaus berskjöldun í myndavélinni gerir svo hlutina verri þegar þessi hópur byrjar að fókusa meira á myndina af sjálfum sér frekar en aðra og verja miklum tíma í að rífa sig niður, bera sig saman við aðra og/eða laga útlit sitt á einhvern hátt.“

Áhersla á útlit gríðarleg

Ásmundur bendir á að áherslur á útlit í nútímasamfélagi séu auðvitað gríðarlegar. „Alls staðar sjáum við fólk sem lítur „fullkomlega“ út. Í þáttum, bíómyndum, tímaritum og – kannski hvað mest – á samfélagsmiðlum.“

Stanslaus skilaboð dynja á fólki um að gott útlit endurspegli hamingju, velgengni og aðdáun. „Skilaboð sem oftast bera þann undirliggjandi tón að við lítum aldrei nógu vel út og að við þurfum að gera eitthvað í því, en umfram það – að virði okkar, sátt og samþykki sé háð útliti okkar. Það er því kannski ekki skrítið að fólk sé minna sátt með útlit sitt á þeim tímum sem við lifum. Nýleg rannsókn í Bretlandi benti til að mynda til þess að einn af hverjum þremur unglingum og fimm fullorðnum skammaðist sín fyrir útlit sitt.

Það hefur líka verið umræða á milli sálfræðinga og lýtalækna og eru lýtalæknar nú byrjaðir að skima meira fyrir þessum vanda. Erlend rannsókn frá 2016 gaf til kynna að um 80 prósent lýtalækna vissu ekki að þeir voru að framkvæma aðgerðir á fólki með BDD.“

Ekki aukning í leit að aðstoð

Þrátt fyrir þetta segir Ásmundur sálfræðinga ekki finna fyrir því að fólk sæki sér í auknum mæli aðstoð við þessum vanda sem þó mögulega sé að verða algengara. „Það geta verið alls kyns ástæður fyrir því, meðal annars sú að fólk skammist sín fyrir að hafa þessar áhyggjur og beri þær í hljóði. Sömuleiðis getur verið að fólk sjái þetta ekki endilega sem andlegt vandamál heldur útlitslegt. Það leitar því frekar til húð- eða lýtalækna, sem er oft ekki sú þjónusta sem mun skila því betri líðan,“ segir Ásmundur.

Ásmundur Gunnarsson sálfræðingur segir sjálfsmiðaða athyglina auka hættu á ósanngjörnum kröfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aðspurður telur Ásmundur líklegt að samfélagsmiðlafilterar hafi mótandi áhrif á upplifun fólks af útliti sínu.

„Nú getur fólk ekki aðeins borið sig saman við aðra heldur líka við við hina „fullkomnu“ mynd af sjálfum sér. Hvort sem það er gert með því að nota filtera eða taka fimmtíu sjálfur til að ná réttu myndinni. Þetta getur ekki annað en mótað óraunhæfa og skakka líkamsímynd og ruglað smá í okkar hugmyndum um eðlilegt útlit. Jafnvel þótt við séum á yfirborðinu meðvituð um að þetta sé allt í plati.“

Mötuð af óraunhæfum stöðlum

Ásmundur bendir á að heili okkar sé sífellt mataður af óraunhæfum útlitsstöðlum. „Útlitið skiptir öllu máli. Allar hrukkur, fellingar, bólur og önnur ummerki þess að ég sé í eðli mínu ófullkomin manneskja skulu víkja – þá má ég vera hamingjusamur, sáttur og sýna mig. En til lengri tíma, sérstaklega ef fólk er óöruggt fyrir og lifir og hrærist í heimi samfélagsmiðla, leiða þessar kröfur líklega til þess að það skapast meira ósamræmi á milli þess hvað það sér og hvað það vill sjá. Og í hvert sinn sem það lítur í spegil og horfist í augu við raunveruleikann verður það fyrir sífellt meiri vonbrigðum. Rannsóknir virðast styðja þetta og benda til þess að þeir sem verja meiri tíma í að laga myndir af sér, tjái meiri óánægju með útlit og neikvæðari líkamsímynd.“

Er þetta eitthvað sem gæti átt þátt í þróa BDD hjá viðkvæmum hópum?

„Já, líklega. Fólk sem er óöruggt með útlit sitt er oft líklegra en aðrir til að nálgast samfélagsmiðla á hátt sem virðist næra enn frekara óöryggi og áhyggjur. Þessi hópur fólks er til að mynda líklegri til að byrja að einblína meira á og rýna í það sem það er ósátt við í eigin útliti, hvort sem það er á fjarfundinum, Instagram eða í speglinum, og byrjar þar með að taka meira eftir og hugsa meira um það sem það er ósátt við,“ segir Ásmundur og bendir blaðamanni á að prófa að standa nálægt spegli og stara á eitthvað sem hún sé ósátt við í fimm mínútur og skoða hvaða áhrif það hafi.

„Til lengri tíma eykur þessi sjálfmiðaða athygli líka hættuna á því að fólk byrji að sjá sig á annan, oft ósanngjarnari hátt. Líkamsímyndin breytist til hins verra. Allur samanburðurinn, sjálfurnar og filterarnir, auk annarra leiða sem fólk fer oft í þessum efnum eins og að fela útlit sitt, laga það eða forðast aðstæður, virðist sömuleiðis næra þá hugmynd að útlit skipti öllu máli og gera mann enn ósáttari við sjálfan sig. Fólk festist með öðrum orðum í vítahring og þegar þessi vítahringur byrjar að hafa mikil áhrif á vinnu, nám eða daglegt líf fólks köllum við hann BDD.“

Aðspurður segir Ásmundur fulla ástæðu til að hafa áhyggjur af þessari þróun en þó sé margt hægt að gera til að sporna gegn henni og þar sé fræðslan fremst.

„Í fyrsta lagi fræðsla á samfélagslegu leveli, að ungu kynslóðirnar öðlist sem mesta innsýn í það hversu miklar og óraunhæfar kröfurnar um það hvernig við eigum að líta út eru orðnar. Sömuleiðis er mikilvægt að fólk viti af því að þegar áhyggjur verða að vandamáli sem truflar í daglegu lífi er mikilvægt að tala um það, því þessi vandamál þrífast í skömminni. Það er fyrsta skrefið í að leita sér hjálpar við vandamáli sem hefur nafn (BDD) og til er árangursrík sálfræðimeðferð við sem það getur leitað sér aðstoðar með hjá viðeigandi sérfræðingi,“ segir hann að lokum.

Fólk sem vinnur heima tekur eftir fleiru

Þórdís Kjartansdóttir, lýtalæknir hjá Dea Medica, segist aðspurð ekki hafa orðið vör við Zoom dysmorphiu þó að hún kannist við kenningar um að fjölgun Zoom-funda skýri auknar heimsóknir til stéttarinnar.

„Ég hef ekki heyrt um eða orðið vör við Zoom dysmorphiu sem gæti verið þýtt á íslensku sem Zoom-líkamsskynjunarröskun.

Líkamsskynjunarröskun eða BDD, Body dysmorphic disorder, er alvarlegt sálrænt vandamál eða stundum sjúkdómur sem við lýtalæknar reynum alltaf að greina og vísa áfram til sálfræðinga eða geðlækna.

Þessir Zoom-fundir eru aftur á móti taldir hluti af skýringu á aukningu á heimsóknum til okkar lýtalækna víða um heim, svokallað Zoom Boom. Fólk sem vinnur mikið heima á fjarfundum horfir á sig í tölvunni og tekur kannski meira eftir hrukkum og augnpokum. Svo eru kannski líka einhverjir sem hafa látið sig dreyma um að gera eitthvað lengi en ekki gefið sér tíma. Svo vegna heimsfaraldursins höfðu þeir svigrúm til þess. Fólk hefur notað tækifærið og drifið sig í aðgerð,“ útskýrir Þórdís.

Þórdís Kjartansdóttir lýtalæknir segir mikilvægt að læknar séu á varðbergi gagnvart brenglaðri sjálfsmynd ungs fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Er aukin óánægja með útlit með aukningu samfélagsmiðla og nú fjarfunda á Covid-tímum eitthvað sem er í umræðunni hjá íslenskum læknum?

„Við lýtalæknar reynum að þekkja fólk með BDD úr skjólstæðingum okkar og vísa því til réttra aðila. Félag okkar lýtalækna á Íslandi skipulagði árið 2019 fræðslufund þar sem sálfræðingur hélt fyrirlestur um BDD. Við þurfum annars að vera vakandi fyrir því að hafa væntingarnar raunhæfar og hjálpa skjólstæðingum okkar að fara ekki yfir strikið.“

Brengluð sjálfsmynd ungs fólks

Aðspurð hvort hún kannist við að fólk geri óraunhæfar kröfur til útlits í tengslum við filtera á samfélagsmiðlum svarar Þórdís því neitandi. Spurð hvort fólk eigi það til að mæta með breyttar myndir af sjálfu sér og óska eftir að líkjast frekar þeirri mynd svarar Þórdís: „Fólk kemur stundum með gamlar myndir af sér áður en aldursbreytingar komu og vill líkjast þeirri mynd en ekki breyttar myndir.“

Er þetta þróun sem við ættum að hafa áhyggjur af?

„Þetta er erfið spurning sem hefur á sér margar hliðar, en nei, ég hef ekki orðið vör við það í mínum kúnnahóp. Við þurfum að vera á varðbergi gagnvart brenglaðri sjálfsmynd ungs fólks og við lýtalæknar gegnum stundum stóru hlutverki þar. Almennt ættum við fullorðnu að hjálpa unga fólkinu okkar að fá bættari sjálfsmynd og ekki að reyna að líkjast myndum á samfélagsmiðlum,“ segir Þórdís að lokum. ■



Geimfararnir komu frá þremur löndum. MYND/SPACE ICELAND

Geimfarar í Stefánshelli

Hópur alþjóðlegra vísindamanna kom hingað til lands í sumar til að halda geimfaraþjálfun í Stefánshelli. Tilgangurinn var að sjá hvort geimfararnir gætu búið um sig og rannsóknarstöð sína inni í hellinum, í búningunum, innan ákveðins tímaramma því álíka helli er að finna á tunglinu.

Marc Heemskerk, geimjarðfræðingur og einn vísindamanna rannsóknarhópsins EuroMoonMars, stóð fyrir geimfaraþjálfun í Stefánshelli frá lokum júlí fram í ágúst.

Verkefnið er hluti af híbýlahönnun fyrir tunglið og Mars en Ísland þótti heppilegur staður fyrir tilraunina því hér er að finna helli sem á að svipa til þeirra sem eru á tunglinu. Vegna hættu á að verða fyrir loftsteinum og vegna mikillar geislunar er ekki hægt að vera á yfirborði tunglsins í lengri tíma, því væru hellarnir á tunglinu ákjósanlegri fyrir híbýli og rannsóknarstöðvar.

Marc segir að steinarnir í hellinum, jafnvel efnasamsetning þeirra, sé mjög líkt því sem er í steinum á tunglinu. Hann segir þó enn lítið vitað um hellana á tunglinu og hvernig þeir líti út og því sé erfitt að vita hvernig væri að vera inni í þeim til lengri tíma.

„Við fórum í Stefánshelli til að athuga hvort það væri hægt að búa í hellinum og hvaða vandamál gætu komið upp. Þannig var þetta mjög „beisik“ fyrsta skoðun til að athuga hvort mannfólk geti búið í hellinum án þess að verða bilað og drepa hvert annað. Það er óskastaða þegar fólk er í geimnum,“ segir Marc og hlær.

Hópurinn sem tók þátt í tilrauninni var nokkuð alþjóðlegur en þau komu alls frá 17 löndum um allan heim. Geimfararnir komu frá Líbanon, Hollandi, Íslandi og Sviss og í fyrsti ferðinni frá Póllandi, Austurríki og Skotlandi.

„Það var gott að hópurinn var fjölþjóðlegur en hafði einnig nokkur vandamál í för með sér eins og með samskipti. Við lærðum af þessu að tryggja betur að allir geti talað sama tungumál svo að ekkert misskiljist,“ segir Marc.

Lovísa Arnardóttir
lovisaa
@frettabladid.is

Handgerðir spænskir búningar

Hann segir að tilraunin hafi gengið nokkuð vel og samkvæmt áætlun.

„En við áttum í vandamálum tengdum Covid. Við ætluðum að vera hér í maí og júní en vegna þess frá hversu mörgum löndum fólk var að koma þá var það ekki hægt á þeim tíma,“ segir Marc.

Hann segir að Covid hafi einnig haft áhrif á flutning geimbúninganna en þeir bárust rétt í tæka tíð.

„Þeir eru handgerðir á Spáni. Smáatriðin eru mikil og búningarnir eru mjög raunverulegir og líta mjög vel út á mynd. En teymið á Spáni gat aðeins byrjað að vinna í búningunum í maí og það þýddi að það kláraði aðeins tveimur vikum áður en við hófumst handa hér. Þá átti eftir að senda þá til landsins og við fengum þá aðeins í hendurnar tveimur og hálfum degi áður en við byrjuðum sem þýddi að við höfðum lítinn tíma til að æfa okkur í að komast í þá og gera breytingar á þeim.“

Vélmenni prófuðu fyrst

Marc segir að skipulagning tilraunarinnar hafi verið víðtæk og í miklu samráði við yfirvöld á Íslandi. Þau hafi viljað gæta að öryggi þátttakenda auk þess sem þau vildu gæta þess að skaða ekki náttúruna. Þau notuðu vélmenni til að aðstoða við tilraunina.

„Það hefur líka verið gert á tunglinu því það er alltaf spurning hvort það sé réttmætt að senda manneskjur á myrkt yfirborð tunglsins þar sem lítið er vitað um aðstæður og hvort þær komist til baka. Okkur, mannfólkinu, líður því oft betur með að prófa fyrst með vélmenni. Ef þau festast er annað hvort hægt að reyna að leysa þau og ef ekki þá getur maður frekar sætt sig við að tapa einni milljón en að tapa mannslífi.“

Hann segir að ein helsta áskorunin við verkefnið séu aðstæðurnar og aðbúnaðurinn. Geimbúningarnir sjálfir eru um tvö kíló og þegar geimfarinn er með hjálminn á sér þá getur hann ekki séð til hliða eða upp, heldur aðeins beint. Þá eru þeir einnig með hanska sem hindrar fínhreyfingar.

Bakverkir í nokkra daga

„Þau voru með bakverki og verki í hálsinum í nokkra daga þannig það er eitthvað sem þarf að bæta í geimbúningum almennt. Þeir eru í raun nokkurs konar geimskip en ef fólk vill vera lengur í geimnum þarf það að geta verið í búningunum til lengri tíma og þá þarf að skoða hvernig geimfararnir gætu verið fljótari að komast í búninginn. Það er alltaf hætta á því, ef það er of erfitt, að þeir hætti að nenna að fara í búninginn og loki sig af inni í hellinum. Það getur verið þeim mjög hættulegt auk þess sem tækin og tólin þurfa viðhald og ef þarf að vera snar í snúningum þá getur það hamlað geimförunum og jafnvel verið lífshættulegt, þeim sjálfum og öðrum sem eru þar með þeim.“

> „Þannig var þetta mjög „beisik“ fyrsta skoðun til að athuga hvort mannfólk geti búið í hellinum án þess að verða bilað og drepa hvert annað.
>
> Marc Heemskerk

Settu stöðina í vitlausan enda

Hann segir að í næstu tilraunum langi þau að nota vélmennin meira í samráði við geimfarana. Geimfararnir fóru í raun ekki inn í hellinn fyrr en í tilrauninni sjálfri heldur fengu þeir myndir, myndbönd og fengu að prófa sig áfram áður en þeir svo fóru og áttu að setja upp geimstöðina á svæðinu.

„Ég hélt að við hefðum gefið þeim nokkuð góðar leiðbeiningar en þau settu stöðina í vitlausan enda. Það var því nokkuð fyndið að sjá hvernig mismunandi teymi komust að ólíkum lausnum með staðsetningu stöðvarinnar.“



Ætli það sé svona á tunglinu? MYNDIR/SPACE ICELAND

Marc er hér fyrir miðju í bláa bolnum að aðstoða geimfarana á vettvangi.

Einn tungldagur sem mánuður

Hann segir að næstu skref verkefnisins séu hluti af Artemis-verkefninu sem felist í því að láta geimfara búa á tunglinu í einn heilan dag.

„Einn tungldagur er einn mánuður í okkar tíma. Það eru þá fjórtán dagar í birtu og fjórtán dagar í myrkri og því er hugmyndin að framkvæma fyrsta hluta tilraunarinnar sem væri þá í fjórtán daga birtu. Við erum núna að reyna að fjármagna það og eigum von á því að geta komið aftur til að gera þetta á Íslandi á næsta eða þarnæsta ári.“ ■

Stefánshellir er einn lengsti hellir landsins, 3.500 metrar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

LAUGARDAGUR 18. september 2021

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

Handboltamaðurinn Alexander Petersson hefur tekið kollagenduftið og Joint Rewind-hylkin frá Feel Iceland á hverjum morgni í tvö ár. MYND/AÐSEND

Atvinnumaður í handbolta í 23 ár

Alexander Petersson hefur tekið fæðubótarefni frá Feel Iceland í tvö ár og segir að þau hafi hjálpað honum að lengja íþróttaferilinn, sem spannar núna meira en tvo áratugi. 2

Heilbrigð melting er grunnur að góðri heilsu



Handboltamaðurinn Alexander Petersson notar kollagenduft og Joint Rewind-hylkin frá Feel Iceland og segir að þau eigi þátt í því að hann hefur getað haldið íþróttaferli sínum áfram eins lengi og raun ber vitni, en hann er enn að keppa sem atvinnumaður í Þýskalandi þrátt fyrir að vera orðinn 41 árs gamall.

Alexander fæddist í Riga í Lettlandi og flutti til Íslands þegar hann var 18 ára til að láta draum sinn um að verða atvinnumaður í handbolta verða að veruleika.

„Ég vildi gerast atvinnumaður en það eru fáir sem að stunda handbolta í Lettlandi og ég átti í erfiðleikum með að finna gott lið. Það var stórt skref að komast til Íslands, ég var búinn að sjá landsliðið keppa á stórmótum og heyra góða hluti um deildina, yngri leikmenn væru góðir og að það væri gott að vera á Íslandi," segir hann.

> **Ég mæli með kollagenfæðubótarefnunum frá Feel Iceland. Ég hef séð íþróttafólk taka þau inn og ég veit að það hefur hjálpað mörgum. Ég er ánægður með vörurnar og þær hafa án efa hjálpað mér að eiga svona langan feril.**
>
> Alexander Petersson

Íslendingar æfa mikið

Alexander fékk samning hjá þýsku liði árið 2003, fimm árum eftir að hann flutti til Íslands. Hann hefur nú búið í Þýskalandi í 18 ár. Hann segir að það hafi verið töluverð viðbrigði að koma þangað.

„Það er gott að vinna sem atvinnumaður í handbolta í Þýskalandi. Þú getur lifað á því og það er töluvert einfaldara að spila hér en á Íslandi," segir hann. „Íslendingar æfa mikið í öllum íþróttum, mun meira en atvinnumenn æfa hér og eru kannski að taka tvær æfingar á dag á meðan þeir eru í fullri vinnu og með fjölskyldu í ofanálag, jafnvel án þess að fá greitt fyrir það.

Æfingar eru í lágmarki, veðrið er gott og það er allt skemmtilegt við að vera hérna segir Alexander. „Mér finnst gott að búa hér og tók konuna mína með á sínum tíma. Við erum búin að koma upp fjölskyldu og vera ánægð hérna allan þennan tíma."

Frábær meðbyr frá Íslandi

Alexander fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 2003 og byrjaði að keppa fyrir íslenska landsliðið árið 2005.

Alexander hefur átt farsælan feril, bæði með félagsliðum í Þýskalandi og með íslenska landsliðinu. Hann segir að silfrið á Ólympíuleikunum 2008 hafi líklega verið hápunkturinn á ferlinum með íslenska landsliðinu, en að bronsverðlaunin á EM 2010 standi líka upp úr. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

„Þegar mér bauðst að keppa með íslenska landsliðinu var ég ekki í vafa, því ég vildi keppa fyrir Ísland og það var frábært að komast með landsliðinu út á stórmót og keppa á evrópskum vettvangi," segir Alexander. „Þegar ég var í landsliðinu náðum við mjög góðum árangri, en silfrið á Ólympíuleikunum 2008 var líklega hápunkturinn. Bronsverðlaunin á EM 2010 standa líka upp úr.

Það er líka frábært að finna alltaf hvað allt Ísland er með okkur, það hefur alltaf hvatt mig til að gefa meira og meira. Það eru allir að fylgjast með og allir í liðinu fá meðbyr." útskýrir Alexander. „Þetta hjálpaði mér líka að vera alltaf í toppformi og gefa allt í Þýskalandi, því ég veit að Íslendingarnir eru alltaf að fylgjast með. Svo er líka geggjað að koma til Íslands, því það eru allir svo góðir og jákvæðir í minn garð."

Alexander tekur inn kollagenduftið og Joint Rewind-hylkin frá Feel Iceland á hverjum einasta morgni. MYND/AÐSEND

Fjölskyldan skiptir öllu

Alexander byrjaði í atvinnumennsku 18 ára gamall og er nú 41 árs, svo hann hefur átt 23 ára feril, sem er langur tími í svona hörkuíþrótt.

„Ég held að ég hafi verið heppinn að skrokkurinn hafi haldið. Maður lærir líka alltaf mikið um líkamann og hvernig á að sjá um sig, æfa, borða, sofa og koma sér aftur í form þegar maður meiðist," segir hann. „Ég hef lagt mig fram við að gera sífellt betur, en ég er líka búinn að vinna mikið í því að viðhalda mér í góðu formi.

Ég fékk menningarsjokk þegar ég kom fyrst til Íslands. Þar lærði ég að æfa mikið og gefa alltaf allt í íþróttina og svo hélt ég áfram að læra í Þýskalandi um meiðsli, mataræði, svefn og allt það," segir Alexander. „Svo hefur konan mín að sjálfsögðu hjálpað mér mjög mikið. Hún var ólétt þegar við fórum til Þýskalands og það er mjög gott að hafa gott bakland. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hafa réttu manneskjuna með sér, ég hefði aldrei náð jafn langt án konunnar minnar og barnanna."

Léttari á sér og líkaminn tilbúinn í meiri átök

Alexander tekur inn kollagenduftið og Joint Rewind-hylkin frá Feel Iceland á hverjum einasta morgni og tekur þessi efni með sér hvert sem hann fer.

„Ég tek hylkin og set kollagenið út í kaffið á hverjum morgni. Ég byrjaði að taka þessi fæðubótarefni fyrir tveimur árum. Ég tek ýmiss konar fæðubótarefni og er alltaf að reyna að finna eitthvað nýtt sem hjálpar mér," segir hann.

„Það tók smá tíma að finna einhvern mun á líkamanum. Ég hef trú á þessu og mér finnst ég almennt léttari á mér," segir Alexander. „Ég hef líka getað haldið áfram að spila og æfa með atvinnumönnum í háum gæðaflokki í langan tíma og þetta hlýtur að koma að gagni við að styrkja liði og hægja á öldrun þeirra, sem hjálpar mér að vera lengur í atvinnumennskunni. Mér líður líka betur en áður, sem er kannski af því að ég spila minna, en kannski var það líka þetta sem varð til þess að ég gat farið aftur í landsliðið þegar ég var 40 ára, að skrokkurinn var tilbúinn í meiri átök. Það er erfitt að segja, ég lifi eins og íþróttamaður og það er margt sem hjálpast að.

Ég mæli með kollagenfæðubótarefnunum frá Feel Iceland. Ég hef séð íþróttafólk taka þetta inn og ég veit að þetta hefur hjálpað mörgum. Það eru allir ánægðir með kollagenið og það er ég líka. Ég er ánægður með vörurnar og þær hafa án efa hjálpað mér að eiga svona langan feril," segir Alexander að lokum. ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars á eftirtöldum stöðum: Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupum, Fjarðarkaupum, Apótekaranum, Fríhöfninni, Jurtaapótekinu, Krónunni og Nettó. Nánar á feeliceland.com.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

TRI

CUBE

castelli

CUBE 2022

FORPÖNTUN

WWW.TRI.IS

CUBE STEREO

DT SWISS

DT SWISS

TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 571-8111 Netfang: info@tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

Skiptir öllu máli að hafa trú á sjálfum sér

Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Lukka Mörk Sigurðardóttir, einn efnilegasti klifrari landsins, ákvað nýlega að hefja atvinnumennsku. Hún segir klifur vera frábæra íþrótt sem geri henni kleift að gleyma öllu og vera í sínum eigin heimi. Fram undan eru Evrópu- og Heimsmeistaramót.

Lukka Mörk Sigurðardóttir steig fyrst inn í Klifurhúsið í Reykjavík aðeins átta ára gömul. Fjórum árum síðar var henni boðið að vera hluti afrekshóps Klifurfélags Reykjavíkur og frá þeim tímapunkti má segja að fátt annað hafi komist að í lífi hennar. Í dag er þessi öfluga íþróttakona sautján ára og tók nýlega þá ákvörðun að leggja frekara nám á hilluna í bili og einbeita sér að fullu að klifuríþróttinni. „Frá því ég var ung stelpa hefur mig dreymt um að ferðast um heiminn og klifra. Þegar ég sá hvað margar æfinga- og keppnisferðir voru fram undan ákvað ég að þetta væri rétti tíminn til að leggja allt undir, fresta frekara námi og hella mér á fullu í klifrið. Eftir að sú ákvörðun var tekin hóf ég að leita að styrktaraðilum, setti upp vefinn www.lukkamork.com og setti kraft í Instagram síðuna mína (@lukka_mork) en ég hvet sem flesta til að fylgja mér eftir. Fyrsti stóri styrktaraðilinn kom nýlega í hús og ég er bjartsýn á framtíðina. Það skiptir öllu máli að hafa styrktaraðila sem gera mér kleift að hafa klifur að atvinnu og um leið gott bakland sem styður við mig. Þannig opnast allt önnur tækifæri til að ná árangri.“

Klifrið heillaði snemma

Lukka Mörk ólst upp í Kópavogi og eyddi flestum sumrum á ferðalögum og fjöllum innanlands með foreldrum sínum. Hún segir því ekki koma á óvart að helstu áhugamál hennar séu klifur og útivist. „Áður en ég steig fyrst inn í Klifurhúsið prófaði ég fullt af íþróttum eins og margir krakkar. Ég heillaðist þó fljótt af klifri eftir að hafa prófað fyrsta tímann átta ára gömul og festist í því.“

Hún segir margt heilla við íþróttina. „Félagsskapurinn er frábær og andinn er virkilega góður innan íþróttarinnar. Samkenndin er ótrúlega mikil og vináttan líka, þrátt fyrir samkeppni og iðkendur hjálpast allir að og styðja hver annan, líka á mótum. Þetta er frábær íþrótt sem gerir mér kleift að gleyma öllu og vera í mínum eigin heimi.“



Lukka Mörk Sigurðardóttir ætlar sér stóra hluti á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margir titlar

Undanfarin ár hafa einkennst af mörgum verðlaunum og góðum árangri. „Mér gekk strax mjög vel og fór á pall á fyrsta mótinu fáeinum vikum eftir að ég byrjaði að æfa. Frá tíu ára aldri hef ég síðan unnið flesta titla sem voru í boði hér á landi. Á síðasta ári var fyrirkomulaginu breytt þannig að 16-17 ára kepptu bæði í sínum flokki og í opnum flokki, þannig að ég var líka að keppa við bestu fullorðnu kvenkyns klifrarana. Þá náði ég bæði Íslandsmeistaratitli í grjótglímu, sem er klifur án línu í lágum veggjum, í 16-17 ára flokki og opnum flokki og bikarmeistaratitli í 16-17 ára flokki og opnum flokki. Ég náði svo 4. sæti á Norðurlandamótinu 2019 og í ágúst lenti ég í 7. sæti á sama móti en allur undirbúningur fyrir mótið truflaðist mikið vegna Covid, enda var mótinu frestað tvisvar.”

Verður líka að vera gaman

Stærstu verkefnin fram undan eru Evrópu- og Heimsmeistaramótin þar sem hún ætlar sér góðan árangur. „Fyrst tek ég þó þátt í Norðurlandamótinu í línuklifri þar sem ég set stefnuna á eitt af efstu fimm sætunum og næst tekur við Evrópumótið í grjótglímu í byrjun næsta árs. Ég er einbeitt í því að standa mig sem best, bæði fyrir mig sjálfa og fyrir Ísland og íslenskt klifur. Og svo er auðvitað mikilvægast að hafa gaman af þessu öllu saman.“

Aðspurð um ráð til ungra stelpna og stráka sem vilja láta drauminn rætast þegar kemur að íþróttum, segir hún að öllu skipti að hafa trú á sjálfum sér og hafa gaman af. „Þetta er ekki auðvelt og hver og einn hefur sína erfiðleika að glíma við á leiðinni en það er þess virði og þroskar mann til framtíðar.“ ■

Fleiri myndir á frettabladid.is

MYND/SIGOGSIG



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



MYND/SIGOGSIG

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Sky Lagoon leitar að metnaðarfullum og ráðagóðum einstaklingum í eftirfarandi stöður:

- Sölustjóri
- Markaðsfulltrúi

Nánari upplýsingar eru að finna á skylagoon.is undir vertu memm.

Sky Lagoon is looking for ambitious and solution-oriented people for the following positions:

- Sales Manager
- Marketing Coordinator

Further infomation can be found at skylagoon.is under vertu memm.

SKY LAGOON

BY PURSUIT

MOSFELLSBÆR

Verkefnastjóri skipulagsmála

Verkefnastjóri hjá Embætti skipulagsfulltrúa á umhverfissviði

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjölgun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti og er nú unnið að fjölbreyttu lóðaframboði með gerð nýrra deiliskipulaga. Sveitarfélagið er einnig með í undirbúningi endurskoðun aðalskipulags sem kallar á innleiðingu Borgarlínunnar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, nýrra minjaskráninga, flokkunar landbúnaðarlands, frumdragavinnu samgöngumannvirkja sem og fleiri áætlana í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu.

Verkefnastjóri starfar undir stjórn skipulagsfulltrúa og framkvæmdastjóra umhverfissviðs og vinnur með þeim að ýmsum verkefnum málaflokksins. Verkefnastjóri tekur þátt í störfum skipulagsnefndar og fundarhaldi. Hann hefur umsjón með skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og formlegu afgreiðsluferli skipulagstillagna. Hann sinnir ráðgjöf varðandi skipulags- og byggingartengd málefni og samskiptum við viðskiptavini sveitarfélagsins. Verkefnastjóri kemur að stofnun lóða, yfirferð lóðablaða og gerð lóðaleigusamninga.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám sem samsvarar meistaragráðu á háskólastigi er skilyrði (skipulagsfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt eða sambærilegt).
- Verkefnastjóri þarf að hafa þekkingu á sviði skipulagsmála.
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi skipulagsmála er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulagsfærni og metnaður.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli er nauðsynleg.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun og teymisvinnu.
- Góð tölvukunnátta og þekking á teikniforritum sem og öðrum forrit sem notuð eru við skipulagsvinnu er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2021.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdarstjóri umhverfissviðs og Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

ESA | EFTA Surveillance Authority

Legal Officer

Internal Market Affairs
Financial Services

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Role Description

ESA is recruiting a legal officer to join its Internal Market Affairs Directorate, who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Financial Services in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein and Norway).

In the area of financial services, ESA has certain decision-making powers towards national supervisory authorities and market operators (including credit institutions, insurance companies and investment firms) established in the EEA-EFTA States. The powers to adopt binding decisions correspond to powers with the European Supervisory Authorities, EBA, EIOPA and ESMA in the EU.

We are looking for an experienced candidate with a minimum of 5 years' working experience and solid knowledge of regulatory and/or supervisory work in the financial services field in the public and/or private sector. The successful candidate will be expected to follow and participate in the work of the European Supervisory Authorities at board level, and engage in close, regular co-operation with those Authorities. A certain share of the financial services cases involves Norway and entails large amounts of documentation in the Norwegian language. As such, we are looking for lawyers with experience of the language, legal system, economy and national administration of Norway.

Other tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, and drafting of decisions, opinions and reports. Depending on workload and other developments, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law.

Job Reference: 17/2021 - Deadline for applications: midnight CET Sunday 3 October 2021 - Start date: As soon as possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

---

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

STARFSFÓLK ÓSKAST

Prentmet Oddi óskar eftir
tveimur starfsmönnum í 100% starf.

Vélamanni í umbúðadeild

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu
á að stjórna vélum í framleiðslufyrirtæki.

Aðstoðarmanni í bókband og umbúðadeild

Starfið er aðalega fólgið í að aðstoða
við bókbandsvélar og umbúðavélar.

Við leitum eftir handlögnum, reyklausum og
heilsuhraustum einstaklingum. Kostur er að þeir
hafi unnið í prentsmiðju eða framleiðslufyrirtæki.

Vinnutíminn er frá 8:00-16:00 og til 15:30
á föstudögum. Möguleiki er á aukavinnu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri
mannauðsmála í **isi@prentmetoddi.is**, s. **856 0601** og
https://prentmetoddi.is/um-okkur/atvinnuumsokn/.

Umsóknarfrestur er til 30. september n.k.

Prentmet Oddi er stærsta og framsæknasta prentsmiðja
landsins sem býður upp á heildarlausnir og hágæða
prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta
fara vel saman í framleiðslunni. Fyrirtækið er Svansvottað og
framleiðir pappírsumbúðir, bækur og allt almennt prentverk.
Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar
að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akureyri og Selfossi

Slökkviliðsstjóri

GRINDAVÍKURBÆR

Grindavíkurbær leitar að metnaðarfullum einstaklingi í framtíðarstöðu slökkviliðsstjóra Grindavíkurbæjar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og starfsemi slökkviliðs Grindavíkur og að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Mikil áhersla er lögð á áreiðanlega þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri og stjórnun slökkviliðs
- Ábyrgð á faglegri starfsemi, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna
- Stjórn slökkvistarfs við eldsvoða og á vettvangi mengunaróhappa á landi
- Eldvarnareftirlit, skipulag, úttektir, umsagnir og eftirfylgni
- Umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og ábyrgð á virkni þeirra
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Samskipti við íbúa, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila
- Situr í almannavarnanefnd

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding sem slökkviliðsmaður sbr. 17. gr. laga nr. 75/2000 og að lágmarki eins árs reynsla í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður
- Menntun sem nýtist í starfi
- Menntun til eldvarnareftirlits er kostur
- Stjórnunarreynsla og þekking á rekstri
- Þekking á yfirferð og eftirliti tækja og búnaðar æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Leiðtogafærni, þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og vilji til þess að tileinka sér nýjungar í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Vegna eðli starfs og viðbragðs utan dagvinnutíma er æskilegt að viðkomandi sé búsettur í Grindavík eða innan 15 mínútna akstursfjarlægðar

Grindavík er vinalegur 3600 manna sjávarútvegsbær á suðvesturhorni landsins. Í bænum eru leik-, grunn- og tónlistarskólar ásamt öflugu íþrótta- og tómstundastarfi.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla hefur verið burðarás atvinnulífs í Grindavík og er bærinn ein öflugasta verstöð landsins.

Í Grindavík er einnig öflug ferðaþjónusta, mörg veitingahús, gistihús, hótel og fjögurra stjörnu tjaldsvæði, góð útisundlaug með heitum pottum, heilsuræktarmiðstöð, verslanir, banki og öll nauðsynleg þjónusta.

Nánari upplýsingar má finna á:
www.grindavik.is

Umsókn gildir í 6 mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með **4. október 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Einnig skal fylgja afrit af leyfisbréfi og prófskírteini. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið var stofnað þann 26. ágúst 1977 og var þá sameignarfélag sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Fyrirtækið hóf formlega starfsemi þann 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða ohf. var stofnað á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 2001.

Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða starfsmann í stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf og stýrir viðkomandi fjármálasviði fyrirtækisins. Starfsstöð er á Ísafirði.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármála- og skrifstofustjórn.
- Umsjón með gerð og framsetningu fjármálalegra stjórnendaupplýsinga.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Árshlutauppgjör og gerð ársreiknings.
- Samningagerð.
- Ábyrgð á gagnaskilum vegna rekstrar.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og rekstrar, meistarapróf er æskilegt.
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórn.
- Reynsla og þekking af gerð árs- og/eða árshlutauppgjöra og reikningshaldi.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og fagmennska.
- Góð tölvufærni og kunnátta er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum og upplýsingatækni

Sameyki er stærsta stéttarfélagið innan BSRB og leggur áherslu á fagmennsku við gerð kjarasamninga og framúrskarandi þjónustu við félagsmenn. Enn fremur leggur félagið áherslu á ábyrgan rekstur, sterkan og framsækinn hóp starfsmanna, góða vinnuaðstöðu, uppbyggilega mannauðsstjórnun, og sterka og samheldna starfsmannaheild. Markmið félagsins er einnig að tileinka sér notadrjúgar tæknilausnir í rekstri, tryggja skýra yfirsýn yfir hagþróun og vinna með bestu launagögn og upplýsingar á hverjum tíma. Nánari upplýsingar um félagið er að finna á sameyki.is.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða hagfræðing/sérfræðing til starfa til að sinna fjölbreyttum verkefnum m.a. við greiningar um þróun efnahagsmála, framsetningu upplýsinga og verkefnastjórnun yfir fjárhags- og upplýsingakerfum félagsins.

Viðkomandi starfar þvert á deildir félagsins og næsti yfirmaður er skrifstofustjóri. Viðkomandi starfar náið með formanni og öðru starfsfólki Sameykis m.a. við þróun tækni og gagnavinnslu fyrir þá kjarasamninga sem félagið gerir.

Starfssvið:

- Ábyrgð á upplýsingakerfum Sameykis, samþættingu þeirra og virkni.
- Greining á vinnumarkaðsmálum, þróun efnahagsmála og launaþróun.
- Umsjón með launatölfræði, framsetning talnaefnis, greininga og skýrslugerð.
- Gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Fræðsla tengd kjarasamningum.
- Aðstoð og ráðgjöf við samninganefndir félagsins við gerð kjarasamninga.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, verkfræði eða skyldum greinum. Meistarapróf er kostur.
- Marktæk reynsla af hagfræðistörfum / sem nýtist í starfinu.
- Áhugi og góð þekking á upplýsingatæknimálum þ.m.t. þekking á gagnagrunnum og samvirkni ólíkra kerfa.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Þekking og reynsla af málefnum stéttarfélaga og vinnumarkaðsmálum er kostur.
- Lipurð og lausnamiðuð framganga í samskiptum og samvinnu.
- Færni til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

FORSTÖÐUMAÐUR SÖLUDEILDAR INNFLUTNINGS

Öflugur leiðtogi í alþjóðlegu umhverfi

Eimskip auglýsir eftir öflugum leiðtoga til að gegna starfi forstöðumanns söludeildar innflutnings. Söludeild innflutnings er hluti af sölu- og viðskiptastýringarsviði Eimskips sem ber ábyrgð á sölustarfsemi félagsins fyrir inn- og útflutning. Leitað er af stjórnanda með sterk tengsl við íslenskt atvinnulíf til að leiða teymi í framlínusveit félagsins sem heldur utan um viðskiptasambönd við marga af stærstu viðskiptavinum Eimskips.

Helstu verkefni

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum innflutningsdeildar
- Eftirfylgni með stefnu og markmiðum sviðsins
- Ábyrgð á áætlanagerð og mánaðarlegum uppgjörum innflutningsdeildar
- Ábyrgð á tengslum við stærstu viðskiptavini félagsins
- Tryggja öfluga liðsheild og drifkraft innan deildarinnar
- Samvinna og samskipti við aðrar einingar innan félagsins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Reynsla af rekstri eininga eða deilda
- Góð enskukunnátta er skilyrði og dönskukunnátta er kostur
- Leiðtogahæfni og alþjóðleg reynsla er kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og viðskipta-stýringarsviðs, bje@eimskip.com. Tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar á alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim. Hjá Eimskip starfar úrvalshópur starfsmanna í fjölbreyttum störfum. Lögð er áhersla á jöfn tækifæri í heilbrigðu starfsumhverfi þar sem verkefnamiðað vinnurými skipar stóran sess.

EIMSKIP

DEILDARSTJÓRI VERKSTÆÐIS

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) óskar eftir að ráða deildarstjóra verkstæðis. SHS sinnir slökkvi- og björgunarstarfi og sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu, ásamt ýmsum störfum sem þessu tengjast. Starfsstöðvar okkar eru fjórar og er verkstæðið staðsett í Skógarhlíð. Starfið heyrir undir varaslökkviliðsstjóra. Um er að ræða 100% starf, viðkomandi þarf jafnframt að vera reiðubúin/n að sinna tilfallandi útköllum utan dagvinnutíma.

Helstu verkefni:

» Almennur rekstur og starfsmannahald á verkstæði
» Umsjón með bilanagreiningum og viðgerðum á bifreiðum og öðrum búnaði
» Fyrirbyggjandi eftirlit, viðhalds- og viðgerðarvinna
» Samskipti við starfsfólk SHS vegna eftirlits og viðhalds alls kyns búnaðar
» Samskipti við birgja og þjónustuaðila
» Fræðsla til starfsfólks SHS um bifreiðar og búnað
» Lagerhald á rekstrarvörum, varahlutum o.fl.
» Ýmis þjónusta við starfsstöðvar SHS

Hæfniskröfur:

» Bifvélavirki, meistararéttindi kostur
» Reynsla af rekstri og mannaforráðum kostur
» Reynsla af viðgerðum
» Aukin ökuréttindi æskileg
» Góð samstarfs- og samskiptahæfni
» Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
» Góð íslensku- og enskukunnátta
» Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri á **birgirf@shs.is** eða í síma **528-3000**.
Umsókn ásamt ferilskrá berist á netfangið **starf@shs.is**. Hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | Skógarhlíð 14 | S: 528 3000 | www.shs.is

Össur is looking for strong leaders and developers to join our Bionics Department in Research & Development (R&D)

- **Technology manager** to lead the software development projects for the Bionics product line
- **Embedded programmer** working within a group that is focusing on development of various modules for the Bionics product line
- **Embedded programmer** focusing on Bionic product function and performance

The Bionic team is responsible for developing microprocessor controlled prosthetic knees and ankles, designed to improve people's mobility around the world. The developers are part of an interdisciplinary team within R&D.

Technology Manager – Software Team

ROLE

- Lead development and maintainance of applications for mobile devices
- Lead development and maintainance for support software systems
- Requirement analysis with internal and external stakeholders
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards
- Lead future vision for the department

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science, engineering or relevant field
- Minimum of 5 years work experience
- Minimum of 3 years of leading software teams
- Fullstack experience
- Experience in developing cloud solutions
- Experience in IoT solutions is considered a benefit
- Experience in medical device development is considered a benefit
- Excellent English proficiency

Embedded Programmer – Firmware Team

ROLE

- Development of embedded systems for microprocessor controlled prosthetics
- Develop roadmap for supporting embedded systems
- Requirement analysis with internal and external stakeholders
- Participation in risk management activities
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards
- Define and maintain internal work processes for medical device development according to relevant regulation

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science or Engineering
- Minimum of 5 years of programming experience
- Experience in C and C++
- Experience in real time systems
- Experience in FPGA is considered a benefit
- Experience in medical device development is considered a benefit
- Excellent English proficiency

Embedded Programmer – Applications Team

ROLE

- Development of microprocessor controlled prosthetics
- Embedded programming
- Signal analysis and processing
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science or Engineering
- Experience in C/C++ programming
- Experience in embedded programming
- Experience in real time systems
- Excellent English proficiency

Application period ends September 27th 2021.

Please apply on our website: **ossur.is/mannaudur** under the appropriate position.

We urge those interested to apply, regardless of gender and origin.

For further information contact our HR department by calling **515 1300.**

2017 – 2021 Excellent in Iceland

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3500 employees in 26 countries worldwide.

The core values of the company are **Honesty – Frugality – Courage.**

OSSUR.IS



ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSTJÓRI

Ein af stærri bílaleigum landsins leitar að öflugum þjónustu- og rekstrarstjóra til starfa. Fyrirtækið er rótgróið og í góðum rekstri. Hjá því starfa um 50 manns. Viðkomandi starfsmaður tilheyrir stjórnendateymi fyrirtækisins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Starfið felst m.a. í að hafa umsjón með og yfirsýn yfir þjónustuþætti fyrirtækisins og að þjónustan sé alltaf eins og best verður á kosið, allt frá pöntun að afhendingu. Starf viðkomandi felst í að tryggja að allir starfsmenn vinni saman að því markmiði og starfar viðkomandi náið með flotastjóra fyrirtækisins.

Starfið byggir á miklum samskiptum og því þarf viðkomandi að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og geta tjáð sig vel á bæði íslensku og ensku.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Þekking og reynsla af rekstri og þjónustustjórnun
- Mjög góð samskiptahæfni
- Mikil þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að fá aðra með sér til góðra verka

FAST Ráðningar

Nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða í tölvupósti á netfangið, lind@fastradningar.is

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðunni www.fastradningar.is og láta fylgja með ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur til og með 26. september nk.

Móttökuritari

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir móttökuritara í 80-100% starf. Starfssvið er símsvörun, almenn afgreiðsla og ritarastörf. Færni í mannlegum samskiptum, góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið solveig@tannrettingastofan.is fyrir 28. september nk.

Skólabúðirnar Reykjaskóla

Spennandi og skemmtilegt starf.

Óskum eftir kennara/leiðbeinanda við Skólabúðirnar Reykjaskóla.

Áhugavert starf fyrir manneskju sem hefur brennandi áhuga að vinna með börnum og unglingum
Húsnæði á staðnum gegn vægri húsaleigu.

Umsóknir og upplýsingar sendist á karl@skolabudir.is

Verk- eða tæknifræðingur á sviði byggðatækni

- verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit

Verkfræðistofa Reykjavíkur leitar að verkfræðingi eða tæknifræðingi til starfa við verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit á sviði byggðatækni. Áhugasömum einstaklingi sem býr yfir:

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
- Starfsreynsla af sambærilegum störfum er æskileg
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góðri kunnáttu í íslensku og ensku.

Starfið felst m.a. í vinnu við verkefnastjórnun, framkvæmdaeftirlit, áætlanagerð og ráðgjöf við lagningu vega, gatna, stíga og veitukerfa.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið á vsr@vsr.is

Verkfræðistofa Reykjavíkur

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólastjóri - Rauðaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Rauðaborg lausa til umsóknar.

Rauðaborg er þriggja deilda leikskóli við Viðarás í Seláshverfi. Leiðarljós skólans eru gleði, virðing og sjálfsefling. Gluggaveggir eru á alla vegu innanhúss og leiksvæðin dreifast um allt húsið þannig að börn og starfsfólk hittast óháð deildum. Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi Rauðborgar þar sem hlutverk hinna fullorðnu er að hvetja og aðstoða börn til að læra í gegnum leikinn. Unnið er með Blæ, vináttuverkefni Barnaheilla, og námsefnið Lubbi finnur málbein skipar fastan sess. Unnið er markvisst að innleiðingu allra þátta menntastefnu Reykjavíkurborgar og áhersla er lögð á vellíðan, að byggja upp styrk og einbeitingu barnanna. Leikskólinn er staðsettur í næsta nágrenni við fjölbreytt útivistarsvæði og hafa börnin tekið gróðurlund í fóstur sem þau heimsækja reglulega til að læra um náttúruna og njóta hreyfingar og útiveru. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Rauðaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast", þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.
Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2022. Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

VERKEFNASTJÓRI NÝSKÖPUNAR OG FJÁRFESTINGA Á VESTFJÖRÐUM

Ertu glöggur greinandi sem kemur hlutum í verk?

Viltu hafa áhrif á þróun atvinnulífs á Vestfjörðum?

Vestfjarðastofa óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra nýsköpunar og fjárfestinga til starfa. Um nýtt og spennandi starf er að ræða sem hefur það að markmiði að auka nýsköpun og fjárfestingar á Vestfjörðum.

Ráðið er í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021.
Nánari upplýsingar um starfið eru á www.vestfirdir.is

Vestfjarðastofa er sjálfseignastofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna.

Starfinu er hægt að sinna frá öllum starfsstöðvum Vestfjarðastofu.

Vestfjarðastofa

Atvinnueign
Fasteignamiðlun

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Óskum eftir löggiltum fasteignasala eða nema í löggildinganámi til að annast sölu og leigu fasteigna.

Mikilvægir kostir eru sjálfstæð vinnubrögð, gott frumkvæði, fagmennska og góð þjónustlund.

Nánari upplýsingar veitir
Halldór Már Sverrisson, löggiltur fasteignasali - leigumiðlari, viðskiptafr.
símanúmer: 898 5599 - **tölvupóstur: halldor@atvinnueign.is**

Atvinnueign ehf - Síðumúla 13 - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

ESA | EFTA Surveillance Authority

Legal Officer
Internal Market Affairs

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Role Description

ESA is recruiting a legal officer to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA).
The successful candidate will be assigned responsibilities for surveillance work in relation to the application of general Internal Market law.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law. Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with experience of dealing with EEA law on the four freedoms. Experience in other areas of EEA law is also desirable. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law. On an ongoing basis, a significant share of the cases handled by IMA involve Norway. The cases may further involve considerable amounts of documentation in the Norwegian language. As such, we are looking for lawyers with experience within the field of internal market law and knowledge of the language, legal system, economy and national administration of Norway.

Job Reference: 18/2021 - Deadline for applications: midnight CET Sunday 3 October 2021 - Start date: As soon as possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**



Lögfræðingur á sviði upplýsingaréttar

Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu löggjafarmála til að gegna störfum ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ritaraþjónusta úrskurðarnefndar um upplýsingamál.
- Umsýsla í kringum nefndina, birting úrskurða o.fl.
- Að semja drög að úrskurðum í kærumálum.
- Umsjón með málaskrá nefndarinnar og störfum starfsnema.
- Samskipti við málsaðila og opinbera aðila sem í hlut eiga.
- Gerð árlegrar skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga.
- Önnur verkefni á málefnasviðum skrifstofunnar samkvæmt ákvörðun skrifstofustjóra hverju sinni.

Hæfniskröfur
- Fullnaðarpróf í lögfræði með embættisprófi eða grunn- og meistaraprófi.
- Góð kunnátta í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti.
- Sveigjanleiki, samstarfshæfni, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking og starfsreynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Reynsla af ritun úrskurða í kærumálum er æskileg.
- Góð kunnátta í a.m.k. einu öðru Norðurlandamáli er æskileg.

Starfið heyrir undir skrifstofu löggjafarmála sem meðal annars hefur með höndum gæðaeftirlit með stjórnarfrumvörpum og stjórnartillögum, ábyrgð á undirbúningi og eftirfylgni með þingmálaskrá ríkisstjórnar, umsjón með endurskoðun stjórnarskrár í samræmi við áherslur forsætisráðherra hverju sinni, ábyrgð á stefnumótun varðandi stjórnsýslulög og upplýsingalög, mótun siðareglna og eftirfylgni með þeim ásamt því að sinna lögfræðilegri ráðgjöf til forsætisráðherra og annarra skrifstofa ráðuneytisins. Jafnframt annast skrifstofan ritaraþjónustu fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu auglýsingar, sbr. reglur um auglýsingar lausra starfa nr. 1000/2019.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2021. Sótt er um starfið á Starfatorgi.

**Nánari upplýsingar veitir Hafdís Ólafsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu löggjafarmála,
hafdis.olafsdottir@for.is**

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis á Heilsugæsluna á Akureyri

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings svæðis á Heilsugæslunni á Akureyri.

Yfirhjúkrunarfræðingur ber faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð.
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi til að taka þátt í áframhaldandi þróun og uppbyggingu heilsugæsluþjónustu til framtíðar í samræmi við stefnu HSN.

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. október 2021 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Fagleg og stjórnunarleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðinni og stoðstarfsemi hennar, samkvæmt skipuriti
- Þátttaka í klínísku starfi
- Staðarumsjón
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur og tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Hefur umsjón með starfsemi heilsugæslustöðvarinnar samkvæmt skipuriti ásamt yfirlæknum
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

Hæfniskröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun er æskileg
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla og góð samskiptafærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.
Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini og íslenskt hjúkrunarleyfi. Umsókn fylgi jafnframt starfsferilskrá og upplýsingar um nám og fyrri störf. Umsækjendur eru auk þess beðnir um að skila kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfi og sýn á starfið.

Nánari upplýsingar veita Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750 og Kristjana E Guðlaugsdóttir - kristjanag@hsn.is

Umsóknarfrestur er til og með 27.09.2021
Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is og einnig á starfatorg.is.

Viltu taka þátt í að koma í veg fyrir einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum?

Vinnueftirlitið auglýsir eftir að ráða öflugan verkefnisstjóra til a.m.k. tveggja ára til að leiða þróun á nýrri vefsíðu fyrir félagslegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Verkefnið er liður í að fylgja eftir tillögum aðgerðarhóps félags- og barnamálaráðherra í kjölfar #MeToo-hreyfingarinnar sem hófst árið 2017. Um er að ræða spennandi og framsækið verkefni sem felur í sér einstakt tækifæri til að hafa áhrif á vellíðan starfsfólks á innlendum vinnumarkaði.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilsu- og umhverfissviðs Vinnueftirlitsins en viðkomandi mun vinna í nánu samstarfi við þverfaglegt teymi sérfræðinga og hagsmunaaðila á vinnumarkaði.

Möguleikar á starfsstöð eru í Reykjavík, Akureyri eða Egilsstöðum.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Leiða þróun og uppsetningu á nýrri vefsíðu fyrir félagslegt vinnuumhverfi
- Þróa árangursríkar leiðir til forvarna til að styðja við heilbrigða fyrirtækjamenningu
- Hanna gagnvirk greiningartæki og fræðsluefni til stuðnings við félagslegt áhættumat
- Halda utan um samstarfsverkefni og samráðshópa tengda verkefninu
- Ritstýra útgáfu og uppfærslu efnis á vefsíðu í samráði við fagaðila og ritstjórn.
- Kynningarmál

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun kostur
- Haldbær reynsla af tengdum störfum á vinnumarkaði
- Þekking á íslenskum vinnumarkaði
- Árangursrík reynsla af stjórnun verkefna
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri.
- Framúrskarandi samskiptahæfni og reynsla af því að vinna með fjölbreyttum hópi hagsmunaaðila.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta í máli og riti
- Þekking og/eða reynsla af fjölmenningu æskileg
- Vammleysi svo sem að framkoma á vinnustað og utan hans samrýmist verkefninu

Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og er hlutverk þess að tryggja að allir komi heilir heim úr vinnu.

Lykilþættir í starfsemi stofnunarinnar er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir og eftirlit með vinnuumhverfi vinnustaða og með vinnuvélum og tækjum.

Einnig annast stofnunin fræðslu um vinnuvernd, virka innleiðingu öryggismenningar á vinnustöðum, gott félagslegt starfsumhverfi, heilsueflingu á vinnustöðum og markvissar aðferðir í vinnuverndarstarfi.

Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vinnueftirlit.is.**

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna en Vinnueftirlitið leggur áherslu á að greiða samkeppnishæf laun.

Umsókn um starfið skal fylgja ferilskrá með upplýsingum um umsagnaraðila sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstudd hæfni viðkomandi sem nýtast mun í starfinu. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um starfið.

Vinsamlegast sækið um á alfred.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Umsóknir gilda í sex mánuði frá því umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita:
Svava Jónsdóttir, sviðsstjóri heilsu- og umhverfissviðs (svava.jonsdottir@ver.is)
og Hildur Ösp Gylfadóttir, mannauðsstjóri, (hildur.gylfadottir@ver.is) í síma 550 4600.

Umsóknarfrestur er til og með 30. september 2021.

Vinnueftirlitið

ALÞINGI

Ræstitæknir

óskast á skrifstofu Alþingis.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Canada

COMMON SERVICES ASSISTANT

The Embassy of Canada in Reykjavik seeks to hire an eligible candidate for the designated position as above.

Closing date for applications is 27 September 2021

Further details and link to apply:

www.canadainternational.gc.ca/iceland-islande/
Our Office
Job Opportunities

GTS ehf

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:
- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónustu fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Leiðbeinandi á frístundaheimili

Urriðaholtsskóli
- Leiðbeinendur á frístundaheimili

Leikskólinn Akrar
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

Leikskólinn Holtakot
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Laus störf
hjá Kópavogsbæ

Laus störf í grunn- og leikskólum hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

Frístundaleiðbeinandi – Álfhólsskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli

Sérkennari/þroskaþjálfi – Kópavogsskóli

Skólaleiðbeinandi – Hörðuvallaskóli

Skólaliði – Kársnesskóli

Stuðningsfulltrúi - Kársnesskóli

Leikskólar

Leikskólakennari – Arnarsmári, Álfatún, Dalur, Efstihjalli, Marbakki, Núpur

Leikskólakennari í hlutastarf – Dalur, Urðarhóll

Leikskólakennari/þroskaþjálfi – Sólhvörf

Sérkennari - Austurkór

Sérkennslustjóri – Marbakki

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

Sérfræðingur í sök og sakarskiptingu

Á spennandi tímum leitar Vörður að jákvæðri og þjónustumiðaðri manneskju í teymi þeirra sem sinna sök og sakarskiptingu ökutækjatjóna.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skráning og umsýsla ökutækjatjóna
- Mat á sök og sakarskiptingu
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina sem lenda í ökutækjatjóni
- Innri þjónusta og ráðgjöf vegna ökutækjatjóna

Hæfniskröfur

- Frumkvæði, þjónustulipurð og fagmennska
- Skipulögð vinnubrögð, vandvirkni og nákvæmni
- Breytingafærni og framsýni
- Góð samningatækni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu eða reynslu af því að vinna með umferðarlög og lög um ökutækjatryggingar og gæti viðeigandi menntun s.s. lögreglu eða ökukennara nýst í starfinu. Áhugi, þekking og reynsla af ökutækjum eða sambærileg starfsreynsla og hér um ræðir er kostur.

Við hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrefna Kristín Jónsdóttir, forstöðumaður á tjónasviði, **hrefna@vordur.is.**

Umsóknarfrestur er til 24. september nk. Sótt er um á vordur.is.

Vörður er **fyrirtæki ársins hjá VR** síðastliðin þrjú ár og hlaut einnig hvatningarverðlaun fyrir framúrskarandi **samfélagsábyrgð 2020 frá Creditinfo og Festu.** Vörður er **jafnlaunavottað fyrirtæki frá árinu 2014.**

Við bjóðum metnaðarfullt starfsumhverfi, jákvæðan og hvetjandi starfsanda þar sem fólk er hvatt til að eiga opin og hreinskiptin samskipti og taka virkan þátt í verkefnum sem og eigin starfsþróun.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2021

vörður

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa

Viltu vinna á fjölbreyttum vinnustað ?

Faxaflóahafnir sf óska eftir að ráða húsasmið til starfa.

Starfið felst í vinnu við ýmis viðhaldsverkefni við hafnirnar.

Hjá Faxaflóahöfnum starfa 70 manns, en fyrirtækið leggur áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum og að þróa snjallar og grænar hafnir. Einnig felst í starfsemi fyrirtækisins þróun lands, umsýsla og skipulag lóða, hafnarþjónusta og gæðavottanir. Starfsmaðurinn mun hafa starfsstöð í bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi.

Öll kyn eru hvött til að sækja um en fyrirtækið hefur skýr jafnréttismarkmið og vill auka fjölbreytileika í starfsliði sínu.

Umsókn ásamt ferliskrá sendist til Faxaflóahafna sf. á netfangið **olafur@faxafloahafnir.is** eigi síðar en föstudaginn 1. október n.k.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Jóhann P. Guðnason yfirverkstjóri í netfanginu **johannpall@faxafloahafnir.is**

Erum við að leita **að þér?**

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Í Langanesbyggð búa um 500 manns í fjölskylduvænu umhverfi.

Í Grunnskóla Þórshafnar eru 65 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugu íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans. Skólinn var endurnýjaður árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar. Nýr leikskóli var tekin í notkun haustið 2019.

Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og stendur Ungmennafélag Langaness fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust á Þórshöfn óskar eftir hjúkrunarforstjóra

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust á Þórshöfn óskar eftir hjúkrunarforstjóra til starfa.

Hjúkrunarforstjóri ber ábyrgð á hjúkrunarþætti heimilisins og að daglegur rekstur sé í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Einnig ber hjúkrunarforstjóri ábyrgð á rekstri heimilisins og starfsmannahaldi, ásamt rekstrarstjóra. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt.

Ákveðinn sveigjanleiki er á vinnutíma og þarf að vera möguleiki á að sinna bakvöktum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Á Nausti er rými fyrir 14 íbúa, í 11 hjúkrunarrýmum og 3 dvalarrýmum.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi.
- Reynsla af stjórnun og starfi með öldruðum æskileg.
- Ríkt stjórnunar-, samskipta- og skipulagshæfni áskilin.
- Áhugi á starfi með öldruðum skilyrði.

Viðkomandi þarf að hafa ríka samskipta-, samstarfs- og skipulagshæfni og hafa gaman af því að umgangast eldra fólk.

Íslenskukunnátta er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar gefur Karítas Ósk Agnarsdóttir hjúkrunarforstjóri í síma 468-1322 eða 849-0361 eða á netfangið naust@langanesbyggd.is

Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 1. október nk. Umsóknir sendist á netfangið langanesbyggd@langanesbyggd.is

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Sviðsstjóri iðnstýringa- og nemabúnaðar

Ískraft leitar að öflugum leiðtoga í starf sviðsstjóra iðnstýringa- og nemabúnaðar. Sviðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á þjónustu, sölu og faglegri ráðgjöf til viðskiptavina. Hann ber einnig ábyrgð á innflutningi og birgðastýringu og samskiptum við birgja.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem reynir á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og gott skipulag. Lögð er rík áhersla á jákvæð samskipti og samvinnu ásamt því að viðkomandi falli vel að góðri liðsheild fyrirtækisins. Eftirsóknarvert er að fá til liðs við okkur þá sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina og hafa jákvætt hugarfar.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sviðstjóri ber ábyrgð á sölu, ráðgjöf og innflutningi á iðnstýri- og nemabúnaði
- Samskipti við erlenda birgja
- Tilboðsgerð
- Innflutningur og birgðastýring
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Verkfræðingur/tæknifræðingur/iðnfræðingur eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á iðnstýringum og nemabúnaði skilyrði
- Reynsla af sölu, ráðgjöf og vörustýringu
- Góð almenn tölvukunnátta
- Forriturnarkunnátta á PLC/HMI og skjástýrikerfum er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki í starfi
- Góð íslensku og ensku kunnátta

Sótt er um á ráðningarvef okkar á www.iskraft.is/um-okkur/iskraft/laus-storf/ Nánari upplýsingar veitir Brynjar Stefánsson, framkvæmdastjóri Ískraft, brynjar@iskraft.is Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Hvetjum alla áhugasama til að sækja um óháð kyni. Umsóknarfrestur til 26. september 2021.

Framúrskarandi fyrirtæki · 2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri · ÍSKRAFT

Ískraft er rafiðnaðarheildsala og leiðandi á því sviði á íslenskum markaði. Fyrirtækið hefur starfað síðan 1975. Ískraft rekur 4 starfsstöðvar, í Kópavogi, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ.

CRM sérfræðingur

Við leitum að öflugum einstaklingi í hlutverk CRM sérfræðings. Starfið felur í sér að tryggja að upplifun viðskiptavina sé höfð í forgrunni og að hagsmunir viðskiptavina séu ávallt hafðir að leiðarljósi í sölu og þjónustu fyrirtækjalausna fyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Kortleggja ferðalag viðskiptavina í viðskiptum við Símann
- Hámarka jákvæða upplifun viðskiptavina af þjónustu fyrirtækisins og marka stefnu því tengdu
- Vinna að umbótum á þjónustu og söluferlum
- Þátttaka í þverfaglegum verkefnum til að tryggja jákvæða upplifun viðskiptavina
- Ráðgjöf, uppsetning og aðlögun í CRM umhverfi fyrirtækjalausna

Hæfni og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Haldbær reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á Salesforce er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Afburða samskipta- og skipulagshæfni
- Lausnamiðuð umbótahugsun
- Ögguð og nákvæm vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 3. október næstkomandi.
Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum **siminn.is/storf**.
Fyrirspurnum skal beint á netfangið **mannaudur@siminn.is**.
Í anda jafnréttisstefnu Símans hvetjum við alla til að sækja um; óháð kyni.

Markaðsfyrirtæki ársins Topp 5 2020 ÍMARK

Toyota Kauptúni

BÍLAMÁLARI

Toyota Kauptúni leitar að reyndum bílamálara sem getur hafið störf sem fyrst. Um framtíðarstarf er að ræða í frábæru starfsumhverfi.

STARFSSVIÐ:
- Almenn störf bílamálara

HÆFNISKRÖFUR:
- Próf í bílamálun
- Starfsreynsla er skilyrði
- Góð þekking á bílum
- Vandvirkni og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Vinnutími er mán-fim 08:00-17:00 og fös 08:00-15:30

Umsókn, ásamt ferilskrá og kynningarbréfi, óskast fyllt út á vef félagsins www.toyotakauptuni.is
Nánari upplýsingar veitir Fanný Bjarnadóttir, fanny@toyota.is
Umsóknarfrestur er til 1. október.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570-5070

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2021 Toyota Kauptúni

bsi ISO 14001 Environmental Management CERTIFIED EMS 518325

DISTICA



ÖFLUGUR STJÓRNANDI GÆÐADEILDAR

Distica leitar að metnaðarfullum leiðtoga til að sinna starfi deildarstjóra gæðadeildar. Við leitum að dugmiklum einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, drifkraft, yfirsýn og áhuga á að reka öfluga deild sem annast gæðamál og þjónustu fyrir marga af stærstu lyfja- og lækningatækjaframleiðendum heims. Deildarstjórinn er hluti af öflugu stjórnendateymi Distica og heyrir beint undir framkvæmdastjóra Distica.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á uppbyggingu, rekstri, þróun og viðhaldi á ISO9001 vottuðu gæðastjórnunarkerfi
- Ber ábyrgð á að gæðakerfið sé samofið allri starfsemi Distica
- Skipulag gæðadeildar og stefnumótun til framtíðar
- Samskipti og gæðatryggingasamningar við innri og ytri birgja
- Ábyrgð á árangursmælikvörðum deildarinnar
- Faglegur leiðtogi gæðadeildar
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og starfsmannamálum gæðadeildar
- Greining á gæðamálum þvert á Veritas samstæðuna m.t.t. samþættingar og hugsanlegrar sameiningar í framtíðinni
- Breytingastjórnun, verkefnastýring og framkvæmd umbótaverkefna
- Gerð og ábyrgð á rekstraráætlunum
- Virk þátttaka í framkvæmdastjórn Distica
- Umsjón með innri og ytri úttektum
- Áhættugreiningar, birgjamat og gildingar á búnaði og ferlum
- Þjálfun starfsfólks

Menntun og reynsla

- Háskólamenntun í heilbrigðisvísindum sem nýtist í starfi og framhaldsmenntun er kostur
- Þekking á gæðamálum lyfja er skilyrði
- Þekking á GMP/GDP kröfum. Reynsla og þekking á rekstri gæðakerfa og úttekta skilyrði
- Þekking á ISO 9001 gæðastjórnunarstaðli
- Þekking og reynsla af stjórnun og sambærilegum störfum
- Afburða hæfni í samskiptum og stjórnun starfsmanna
- Góð færni, þekking og reynsla í notkun Navision og annarra upplýsingakerfa
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 25. SEPTEMBER

Tekið er við umsóknum í gegnum ráðningarvef Distica, **www.distica.is** og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn.

Nánari upplýsingar um starfið veita Júlía Rós Atladóttir, framkvæmdastjóri, juliaa@distica.is s. 665-7501 og Pétur Veigar Pétursson, starfsmannastjóri, petur@veritas.is s. 897-1626.

Distica sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lyfjum og heilbrigðisvörum og hefur til þess leyfi frá Lyfjastofnun. Gæðakerfi fyrirtækisins er vottað samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001 og það uppfyllir einnig kröfur Evrópusambandsins um góða starfshætti í lyfjadreifingu (GDP). Distica er hluti af fyrirtækjasamstæðu Veritas ásamt Artasan, MEDOR, Vistor og Stoð.

GILDI DISTICA ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

Móttökuritari

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir móttökuritara í 80-100% starf. Starfssvið er símsvörun, almenn afgreiðsla og ritarastörf. Færni í mannlegum samskiptum, góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið solveig@tannrettingastofan.is fyrir 28. september nk.

Skólabúðirnar Reykjaskóla

Spennandi og skemmtilegt starf.

Óskum eftir kennara/leiðbeinanda við Skólabúðirnar Reykjaskóla.

Áhugavert starf fyrir manneskju sem hefur brennandi áhuga að vinna með börnum og unglingum
Húsnæði á staðnum gegn vægri húsaleigu.

Umsóknir og upplýsingar sendist á karl@skolabudir.is

Verk- eða tæknifræðingur á sviði byggðatækni

- verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit

Verkfræðistofa Reykjavíkur leitar að verkfræðingi eða tæknifræðingi til starfa við verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit á sviði byggðatækni. Áhugasömum einstaklingi sem býr yfir:

• Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
• Starfsreynsla af sambærilegum störfum er æskileg
• Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
• Góðri kunnáttu í íslensku og ensku.

Starfið felst m.a. í vinnu við verkefnastjórnun, framkvæmdaeftirlit, áætlanagerð og ráðgjöf við lagningu vega, gatna, stíga og veitukerfa.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið á vsr@vsr.is

Verkfræðistofa REYKJAVÍKUR

VERKEFNASTJÓRI NÝSKÖPUNAR OG FJÁRFESTINGA Á VESTFJÖRÐUM

Ertu glöggur greinandi sem kemur hlutum í verk?

Viltu hafa áhrif á þróun atvinnulífs á Vestfjörðum?

Vestfjarðastofa óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra nýsköpunar og fjárfestinga til starfa. Um nýtt og spennandi starf er að ræða sem hefur það að markmiði að auka nýsköpun og fjárfestingar á Vestfjörðum.

Ráðið er í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021.
Nánari upplýsingar um starfið eru á www.vestfirdir.is

Vestfjarðastofa er sjálfseignastofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna.

Starfinu er hægt að sinna frá öllum starfsstöðvum Vestfjarðastofu.

Vestfjarðastofa

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Húsavík, yfirlæknir

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) Húsavík óskar eftir að ráða yfirlækni til starfa. Gott húsnæði í boði.

Læknar sem starfa hjá HSN eru með aðalstarfsstöð á heilsugæslustöð og sinna móttöku sjúklinga og heilsuvernd ásamt því að sinna vaktþjónustu í héraði. Starfið felur einnig í sér störf á sjúkra- og hjúkrunarsviði. Störfin fela í sér þverfaglega samvinnu innan sem og út fyrir stöðina. Góð reynsla hefur verið af teymisvinnu lækna og hjúkrunarfræðinga, sem snýr að móttöku, eftirfylgd og utanumhaldi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lækninga HSN.

Leitað er eftir sérfræðingi með góða reynslu, stjórnunar- og faglega hæfni til að taka þátt í áframhaldandi þróun og uppbyggingu heilsugæsluþjónustu til framtíðar í samræmi við áherslur heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Starfshlutfall er 100% og um er að ræða framtíðarstarf sem laust er 1. desember eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Læknisþjónusta á heilsugæslusviði
- Yfirlæknir er leiðtogi starfstöðvar sinnar og hefur þríþætta ábyrgð; faglega og fjárhagslega ábyrgð sem og starfsmanna-ábyrgð.

Hæfniskröfur
- Íslenskt lækningaleyfi
- Góðrar íslenskukunnáttu er krafist
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Leiðtogahæfileikar og geta til að leiða umbótastarf og breytingar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og sveigjanleiki
- Sérfræðiviðurkenning í heimilislækningum kostur
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Ökuleyfi
- Óskað er meðmæla

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti eða staðfestingu á íslensku lækningaleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, meðmælum og viðtölum við umsækjendur.

Starfsstöðin á Húsavík sinnir Húsavík og nágrenni. Unnið er í teymisvinnu í nánu samstarfi hjúkrunarfræðinga og lækna. Á svæðinu búa um 2.400 manns, helstu atvinnugreinar eru iðnaður, þjónusta við ferðamenn, sjávarútvegur og verslun. Leik-, grunn- og framhaldsskólar eru í héraðinu. Í héraði heilsugæslunnar í S-Þingeyjarsýslu búa um 3.900 manns, bæði í blómlegri sveit og í þéttbýli í Mývatnssveit og Húsavík. Náttúra og menning er lifandi og fjölbreytileg og atvinnuuppbygging í fullum gangi. Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu HSN búa um 36.000 manns og starfsmannafjöldi er um 600 talsins. Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkrahúsþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma.

Nánari upplýsingar veita:
Unnsteinn Ingi Júlíusson - unnsteinn.ingi.juliusson@hsn.is - 464 0500 og Örn Ragnarsson - orn.ragnarsson@hsn.is - 432 4200

Umsóknarfrestur er til og með 04.10.2021 - Sótt er um starfið á Starfatorgi.is og á heimasíðu HSN undir Laus störf.

Við leitum að öflugum liðsfélaga á Orkusvið N1

Orkusvið er nýtt svið hjá N1 sem hefur umsjón með sölu á raforku og rafhleðslustöðvum félagsins. N1 er í fararbroddi í orkuskiptum og með skipulögðum og viðurkenndum aðgerðum kostar N1 kapps um að lágmarka umhverfisspor frá starfsemi félagsins.

Í boði er fjölbreytt starf á líflegum vinnustað þar sem verkefnin eru krefjandi og skemmtileg. Hér er einstakt tækifæri til að vinna með samhentum og metnaðarfullum einstaklingum í að byggja upp nýtt og árangursmiðað svið.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Júlíusson forstöðumaður Orkusviðs, **magnusj@n1.is.**

Áhugasamir sæki um á www.n1.is – merkt **Sérfræðingur Orkusvið.** Umsóknarfrestur er til og með **29. september**.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina á raforku og hleðslustöðvum
- Orkumiðlun (kaup og sala raforku á raforkumarkaði)
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Utanumhald um samninga
- Almenn ráðgjöf um vörur og þjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi eða reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af sölustörfum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta á Excel
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð samskiptahæfni

JAFNLAUNAVOTTUN 2021 - 2024

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ

Verkefnastjóri framkvæmda og bygginga

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar stöðu verkefnastjóra á skipulags- og umhverfissviði sem heyrir beint undir sviðsstjóra.

Starfssemi sviðsins lýtur m.a. að eftirfarandi

- Bygginga- og skipulagsmálum
- Rekstri og framkvæmdum fasteignum, götum, gangstéttum, stígum, opnum svæðum og stofnanalóðum í eigu Akraneskaupstaðar
- Umhverfismál, brunamál, dýraeftirlit, sorphreinsun, vinnuskóli og grænn flokkur

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun verkefna og eftirlit með framvindu
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana
- Þátttaka í undirbúningi verkefna og rýni verkefna á hönnunar- og útboðsstigi
- Tæknivinna og gerð útboðsgagna
- Eftirlit með verkefnum er lúta að upp-byggingu og viðhalds fasteigna Akranes kaupstaðar
- Leysir af byggingarfulltrúa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, m.a. verk fræði, tæknifræði eða sambærilegt
- Löggilding sem hönnuður skv.25. gr. mann virkjalaga nr. 160/2010 er kostur
- Þekking og reynsla af teikniforritum ásamt færni í notkun Microsoft office hugbúnaðar
- Reynsla og þekking á málaflokknum er kostur
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 30. september næstkomandi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Harpa Hallsdóttir, mannauðsstjóri Akraneskaupstaðar, *harpa@akranes.is*.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem fram koma ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins. Vakin er athygli á því að starfið hentar öllum kynjum.

Akraneskaupstaður

ALÞINGI

Ræstitæknir

óskast á skrifstofu Alþingis.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Canada

COMMON SERVICES ASSISTANT

The Embassy of Canada in Reykjavik seeks to hire an eligible candidate for the designated position as above.

Closing date for applications is 27 September 2021

Further details and link to apply:

www.canadainternational.gc.ca/iceland-islande/
Our Office
Job Opportunities

GTS ehf

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:

- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónustu fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli
- Leiðbeinandi á frístundaheimili

Urriðaholtsskóli
- Leiðbeinendur á frístundaheimili

Leikskólinn Akrar
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

Leikskólinn Holtakot
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

Deildarstjóri fasteigna Sjómannadagsráðs

Sjómannadagsráð leitar að stjórnanda í teymi sem annast umsýslu eigna og þjónustu við starfsemi dótturfélaga þess. Starfið felur í sér umsjón með daglegum rekstri og áætlunargerð um viðhald, endurbætur og breytingar á fasteignum á 8 starfsstöðvum Hrafnistuheimilanna og 4 starfsstöðvum leiguíbúða Naustavarar, auk annarra eigna Sjómannadagsráðs.

Helstu verkefni

- Ábyrgð á árlegri vinnslu framkvæmdaáætlana
- Ábyrgð á þjónustu iðnaðarmanna
- Umsjón með viðhalds- og endurbótaverkefnum
- Umsjón með þjónustusamningum, öryggis- og aðgengismálum
- Ábyrgð á útleigu og viðhaldi fasteigna
- Ábyrgð og vinnsla á ástandsmati, viðhalds- og kostnaðaráætlunum
- Umsjón og eftirfylgni með framgangi og kostnaðarmati viðhaldsverkefna
- Samskipti við stjórnendur dótturfélaga, leigjendur og meðeigendur
- Ábyrgð á daglegri umsýslu vegna umsjónar eigna

Menntunar- og hæfnikröfur

- Framhaldsmenntun á háskólastigi í byggingarverkfræði, byggingar-tæknifræði eða sambærilegu
- Reynsla og þekking af rekstri fasteigna og samstarfi við notendur þeirra
- Reynsla af verkefnastjórnun og verkstjórn
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til samstarfs
- Þekking og færni til að nýta upplýsingatæknikerfi, verkbeiðnakerfi og gæðakerfi sem starfinu tengjast
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Sjómannadagsráð er móðurfélag Hrafnistu, Naustavarar og Happdrættis DAS sem vinna saman að tveimur höfuðmarkmiðum félagsins; að gefa sjómannadeginum verðugan sess og afla fjár til að reisa og reka aðstöðu og þjónustu fyrir aldraða. Rekstur Sjómannadagsráðs gengur að mestu út á að annast fasteignir og styðja við þjónustu sem veitt er í húsnæði á vegum þess.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september 2021.
Vinsamlegast skilið inn ferilskrá og kynningarbréfi með umsókninni.
Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurður Garðarsson, framkvæmdarstjóri Sjómannadagsráðs, sigurdur.gardarsson@sjomannadagsrad.is**

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við
að leita **að þér?**

RANNSÓKNARSTJÓRI

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins auglýsir laust til umsóknar starf rannsóknarstjóra. Rannsóknarstjóri framfylgir stefnu stofnunarinnar um þróun rannsóknarstarfs, hefur frumkvæði að rannsóknum og veitir ráðgjöf um málefni sem að þeim lúta.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með rannsóknum sem unnar eru á stofnuninni
- Er í forsvari fyrir rannsóknarnefnd stofnunarinnar og tekur þátt í þróun gagnagrunns hennar
- Þátttaka í innlendu og erlendu rannsóknar-samstarfi, þ.m.t. samstarfi við háskóla
- Þátttaka í nýsköpun og þróun þjónustunnar

Hæfniskröfur

- Doktorspróf sem nýtist í starfi
- Þekking á tölfræði
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna og ungmenna
- Reynsla af rannsóknarstarfi
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Starfshlutfall er 100% og greiðast laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsókn um starfið skal fylgja ferilskrá og kynningar- bréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu. Sótt er um starfið á **starfatorg.is**. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í 6 mánuði frá birtingu auglýsingar þessarar.

Á Greiningar- og ráðgjafarstöð starfa um 60 starfsmenn. Hlutverk stofnunarinnar er að tryggja að börn með alvarlegar þroska-skerðingar sem leitt geta til fötlunar síðar á ævinni fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem bæta lífsgæði þeirra (sjá nánar á www.greining.is). Greiningar- og ráð-gjafarstöð ríkisins er framsækin stofnun með fjölskylduvæna starfs- mannastefnu sem býður m.a. upp á sveigjanlegan vinnu-tíma. Gildi stofnunarinnar eru fagmennska, framsækni, velferð og virðing.

Nýir starfsmenn fá handleiðslu og starfs-þjálfun á aðlögunartíma og er lögð áhersla á þróun í starfi og tækifæri til sí- og endurmenntunar.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september 2021.
Nánari upplýsingar veita Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður, í síma 510 8400 eða á soffia.larusdottir@greining.is og Evald E. Sæmundsen, rannsóknarstjóri, í síma 510 8400 eða á evald.e.saemundsen@greining.is.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Erum við
að leita **að þér?**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —
Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Borgartún, Snorrabraut – Katrínartún – göngu- og hjólastígur,** útboð nr. 15312.
- **Hraunbær 153 - 163, yfirborðsfrágangur 2021**, útboð nr. 15313.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

RARIK 21024
Larsenstræti 4 Selfossi
Nýbygging skrifstofu og aðstöðuhúss

Húsnæðið er uppsteypt einnar hæðar skrifstofuhúsnæði með tengibyggingu að þjónustu og lagerrými. Að auki er aðstöðuhúsnæði á lóð sem einnig er uppsteypt. Húsnæðið er einangrað og klætt að utan.

Helstu magntölur:

Undirstöðumót:	734	m²
Fylling inn í grunn:	1.000	m³
Fylling í lóð:	650	m³
Mótafletir:	3.583	m²
Steinsteypa:	835	m³
Útveggjaklæðning	1.280	m²

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. maí 2023.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á útboðsvef RARIK (utbod.rarik.is) frá og með þriðjudeginum 21. september 2021.

Skila þarf tilboðum á útboðsvef fyrirtækisins (utbod.rarik.is) fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 12. október 2021.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is

Umhverfismat á tillögu að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

Fyrir liggur tillaga að nýrri Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Þessi svæðisáætlun tekur til starfssvæðis fjögurra sorpsamlaga og 32 sveitarfélaga á suðvesturhluta landsins. Áætlunin er unnin af samstarfsvettvangi sorpsamlaganna á grundvelli samkomulags sem gert var 15. maí 2009, og á grundvelli samþykktar samstarfsvettvangsins frá 11. maí 2017.

Á grundvelli 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana er svæðisáætlunin hér með lögð fram til kynningar og óskað eftir athugasemdum almennings innan 6 vikna eða fyrir 29. október nk. Áætlunina á rafrænu formi má nálgast og hlaða niður á sameiginlegum vef samlaganna www.samlausn.is.

Vinsamlega sendið athugasemdir til Teits Gunnarssonar (teitur@mannvit.is). Frekari upplýsingar veitir Teitur Gunnarsson hjá Mannviti, fyrir hönd verkefnisstjórnar samlaganna.

SORPA · Sorpstöð Suðurlands · Kalka · Sorpurðun Vesturlands

Akraneskaupstaður

ÚTBOÐ

LEIKSKÓLI ASPARSKÓGUM 25
Lóðafrágangur

Landslag ehf., fyrir hönd Fasteignafélags Akraness, óska eftir tilboðum í framkvæmdir við lóðarfrágang á nýjum leikskóla við Asparskóga 25, Akranesi.

Verkið nær til heildarfrágangs lóðar.

Verktaki skal setja upp girðingar, koma fyrir frárennsliskerfi á lóð, koma fyrir snjóbræðslukerfi, ganga frá rafkerfi og raflýsingu lóðar, helluleggja gönguleiðir og stéttar, malbika bílastæði, ganga frá djúpgámum, aðstoða við uppsetningu leiktækja, ganga frá fallvarnarefnum, þökuleggja grassvæði, ganga frá gróðurbeðum, gróðursetja tré og runna.

Helstu stærðir:

Hellulögn	2.400 m2
Malbik	1.055 m2
Fallvarnarefni	1.500 m2

Heildarstærð lóðar um 8.000 m2 brúttó.

Verktaki tekur við byggingarsvæði frá verktaka sem annast uppsteypu og utanhússfrágang. Byggingarsvæðið er afgirt og með hliði inn á vinnusvæðið.

Verklok á útboðsáfanga er 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 25. ágúst 2021 með því að senda tölvupóst á netfangið landslag@landslag.is þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda, netfang og símanúmer tengiliðs bjóðanda.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18 Akranesi í síðasta lagi **8. október 2021 kl. 13:30.**

VERKÍS · LANDSLAG

Landsvirkjun

Útboð á uppsetningu hrunvarna á Kárahnjúkum
Vettvangsskoðun
28. september 2021

Landsvirkjun áformar útboð á verkframkvæmd vegna uppsetningar á hrunvarnargirðingum í Fremri-Kárahnjúk sumarið 2022.

Þar sem vetraraðstæður á svæðinu eru krefjandi er einungis mögulegt að skoða verkstaðinn og kynna sér aðstæður að sumri eða hausti, og er því boðað til skoðunarferðar nú. Mögulegir bjóðendur eru hvattir til að nýta sér tækifærið á meðan veður leyfir. Miðað er við að útboðsgögn verði tilbúin fyrir lok árs 2021 og verður útboðið auglýst aftur þá.

Frekari upplýsingar um verkframkvæmdina og tilhögun vettvangsferðarinnar sem fyrirhuguð er 28. september nk. kl. 11-13 má sjá á heimasíðu Landsvirkjunar landsvirkjun.is/frettir/utbod-karahnjukar

Áhugasamir skulu tilkynna þátttöku sína á innkaup@landsvirkjun.is fyrir 24. september.

Akraneskaupstaður

ÚTBOÐ

LEIKSKÓLI ASPARSKÓGUM 25
Innanhússfrágangur

Batteríið arkitektar ehf., fyrir hönd Fasteignafélags Akraness, óska eftir tilboðum í framkvæmdir við innanhússfrágang í nýjum leikskóla við Asparskóga 25, Akranesi.

Verkið nær til innanhússfrágangs, smíði og uppsetningar innréttinga, ásamt lögnum og raflögnum sem tengjast innanhússfrágangi.

Verktaki skal setja upp innveggi, smíða og koma fyrir innihurðum og innigluggum, sjá um frágang gólfa, lofta, handriða, lyftu og málningarvinnu. Hann skal annast smíði og uppsetningu fastra innréttinga og búnaðar. Ennfremur skal verktaki leggja hita- og fráveitu- og neysluvatnslagnir í bygginguna, annast uppsetningu og frágang rafkerfa og lýsingar.

Helstu stærðir:
- 1. hæð 966,6 m2
- 2. hæð 552,4 m2
- 3. hæð 46,3 m2

Heildarstærð byggingar 1565,3 m2 og 5607 m3

Verktaki tekur við byggingarsvæði frá verktaka sem annast uppsteypu og utanhússfrágang. Byggingarsvæðið er afgirt og með hliði inn á vinnusvæðið.

Verklok á útboðsáfanga er 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi frá og með 16. ágúst 2021 með því að senda tölvupóst á netfangið batteriid@arkitekt.is þar sem fram kemur heiti verks, nafn bjóðanda, netfang og símanúmer tengiliðs bjóðanda.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akraneskaupstaðar, Stillholti 16-18 Akranesi í síðasta lagi 8. október 2021 kl. 14:00.

VERKÍS · BATTERIID ARKITEKTAR

HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Löggildingarnámskeið fyrir mannvirkjahönnuði

Námskeið fyrir mannvirkjahönnuði, sem óska löggildingar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til að gera aðal- og séruppdrætti sbr. ákvæði 25. og 26. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, verður haldið í nóvember 2021 og verður námskeiðið í fjarkennslu. Opnað verður fyrir fyrirlestra mánudaginn 15. nóvember og verða þeir opnir til 27.nóvember. Námskeiðinu lýkur með prófi laugardaginn 27. nóvember, (allar dagsetningar eru settar fram með fyrirvara um breytingar).
Námskeiðsgjald er 95.000.- kr. og 60.000.- kr. fyrir þá sem sækja námskeiðið til endurmenntunar án prófs.

Umsókn fer fram á vef IÐUNNAR- fræðsluseturs https://www.idan.is/ ásamt fylgigögnum eigi síðar en **miðvikudaginn 3. nóvember 2021.**

Fylgigön eru:
1) afrit af prófskírteini umsækjanda
2) vottorð frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti um réttindi til starfsheitis
3) vottorð/um 3 ára starfsreynslu, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga um mannvirki

Nánari upplýsingar gefur Birgir Hólm í síma 663 7140 .

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
Borgartúni 21,
105 Reykjavík.

Rangárþing eystra

Rangárþing eystra óskar eftir tilboðum í framkvæmdina: NÝR LEIKSKÓLI Á HVOLSVELLI, VALLARBRAUT - HÚSBYGGING

Lýsing á verkinu:
Verkið felst í byggingu og fullnaðarfrágangi nýs leikskóla á Hvolsvelli. Þegar verktaki kemur að verki verður búið að jarðvegsskipta undir húsi og girða vinnusvæðið. Byggingin er á staðsteyptum sökklum. Staðsteyptur kjallari er að hluta til undir húsinu. Útveggir eru úr forsteyptum samlokueiningum og innveggir úr forsteyptum veggeiningum. Hluti útveggja er klæddur með lóðréttri viðarklæðningu úr rauðum sedrusviði. Þak verður staðsteypt plata, einangrað að ofan, vínildúkur og malarlag. Vindföng á suðurhliðum og útigeymsla á lóð eru úr timbri.

Frárennslis, regn- og drenlagnir eru PVC pípur ásamt tilheyrandi brunnum. Neysluvatnslagnir eru rör í rör með tilheyrandi deilikistum. Húsið er hitað með gólfhita. Stofnlagnir að deilikistum neysluvatns- og gólfhita eru rör í rör lagnir.

Helstu magntölur eru áætlaðar:

• **Birt flatarmál**	**1.650 m²**
• **Heildar rúmmál**	**5.590 m3**
• **Steypumót**	**2.300 m²**
• **Steinsteypa**	**600 m3**
• **Bendistál**	**40.000 kg**
• **Forsteyptar útveggjaeiningar**	**1.000 m²**
• **Forsteyptir innveggir**	**1.400 m²**
• **Utanhúss klæðning**	**365 m²**
• **Þakfrágangur**	**1.650 m²**
• **Gólfdúkur**	**1.375 m²**
• **Frárennsli/Neysluvatn/Gólfhiti**	**900 m/ 2.000 m / 7.900 m**
• **Loftræstikerfi**	**19.200 m3/klst**

Upphaf framkvæmda: Framkvæmd hefst þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði bjóðanda.

Lok framkvæmda: Verkinu skal skila eins og því er lýst í útboðsgögnum, en loka skiladagur verksins er 28. febrúar 2023.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með **miðvikudeginum 22. september 2021 kl. 14:00.** Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum: https://mannvit.ajoursystem.is

201 Kópavogur

Fjölbýli með lyftu | 76 fm | 2-3 herb.

54.900.000

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

OPIÐ HÚS
21. sept. 17:00-18:00

Vallakór 1-3, íbúð 202

203 Kópavogur

Fjölbýli - bílageymsla | 115,2 fm | 3 herb.

Tilboð

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA Rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
olafur@eignamidlun.is
663 2508

Hjarðarhagi 36

107 Reykjavík

Með bílskúr | 125,2 fm | 3ja-4ra herb.

61.900.000

Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
magnea@eignamidlun.is
861 8511

Hvassaleiti 28

103 Reykjavík

Fjölbýli með bílskúr | 169,2 fm | 5 herb.

67.900.000

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
sverrir@eignamidlun.is
588 9090

OPIÐ HÚS
19. sept 12:00-13:00

Álfaland 15

108 Reykjavík

Einbýli - 2 aukaíbúðir | 420 fm | 12 herb.

152.000.000

Hreiðar Levý Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
661 6021

OPIÐ HÚS
22. sept 17:00-17:45

Leirvogstunga 12

270 Mosfellsbær

Einbýlishús - Aukaíbúð - Pallur | 253,1 fm | 6 herb.

114.900.000

Hreiðar Levý Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
661 6021

OPIÐ HÚS
21. sept 17:00-17:45

Laugateigur 21

105 Reykjavík

Kjallari | 77,6 fm | 3 herb.

43.900.000

Hreiðar Levý Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
hreidar@eignamidlun.is
661 6021

OPIÐ HÚS
19. sept. 14:00-14:30



Geirsgata 4

101 Reykjavík

Fjölbýli | 112 fm | 2-3 herb.

97.900.000

Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815

Þórðarsveigur 20

113 Reykjavík

Fjölbýli | 109.1 fm | 3 herb.

57.900.000

Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
unnar@eignamidlun.is
867 0968

OPIÐ HÚS
21. sept. 17:00-17:30

Austurgata 33

220 Hafnarfjörður

Einbýlishús – stór lóð | 118 fm | 5 herb.

79.500.000

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
thora@eignamidlun.is
777 2882

Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
824 9093

Guðlaugur I. Guðlaugsson
Löggiltur fasteignasali
864 5464

Sverrir Kristinsson
Löggiltur fasteignasali
588 9090

Guðmundur Sigurjónsson
Löggfræðingur og löggiltur fasteignasali
588 9090

Þórarinn M. Friðgeirsson
Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
899 1882

Þóra Birgisdóttir
Löggiltur fasteignasali
777 2882

Hilmar Þór Hafsteinsson
Löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
824 9098

Brynjar Þór Sumarliðason
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
896 1168

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
824 9096

Magnea Sverrisdóttir
MBA og löggiltur fasteignasali
861 8511

Hreiðar Levý Guðmundsson
Löggiltur fasteignasali
661 6021

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
694 6166

Bjarni T. Jónsson
Viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
895 9120

Ólafur H. Guðgeirsson
MBA rekstrarhagfræðingur og löggiltur fasteignasali
663 2508

Gunnar Helgi Einarsson
Löggiltur fasteignasali
615 6181

Kári Sighvatsson
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
899 8815

Unnar Kjartansson
Löggiltur fasteignasali
867 0968

Lárus Ómarsson
Löggiltur fasteignasali
824 3934

Elvar Árni Lund
Löggiltur fasteignasali
693 3518

Jenný Sandra Gunnarsdóttir
Skrifstofustjóri
588 9090

María Guðrún Waltersdóttir
Ritari
588 9090

Ásdís Hrönn Júlíusdóttir
Ritari
588 9090

Sigurður Þorsteinsson er vöru- og upplifunarhönnuður og einn eigenda Design Group Italia, eins elsta og stærsta hönnunarfyrirtækis Ítalíu. Sigurður er maðurinn á bak við ýmsa hönnun sem Íslendingar þekkja vel án þess þó að vita hver stendur að baki henni.



Sigurður er einn eigenda Design Group Italia, eins elsta og stærsta hönnunarfyrirtækis Ítalíu. Sigurður er maðurinn á bak við ýmsa hönnun sem Íslendingar þekkja og hefur starfað fyrir stórfyrirtæki á borð við Pepsi, ABB, Unicef, 3M og Unilever. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hönnuðurinn á bak við tjöldin

Helena Rós Sturludóttir
helenaros@frettabladid.is

Sigurður Þorsteinsson lifir fyrir hönnun, segir það ekki vinnuna sína heldur eitt helsta áhugamál sitt. Hann hefur unnið fyrir stórfyrirtæki víða um heim, líkt og Pepsi, ABB, Unicef, 3M og Unilever. Þá hefur hann meðal annars unnið fyrir íslensku stórfyrirtækin Bláa Lónið og 66°Norður.

Fyrsti hluturinn sem Sigurður hannaði, þá tæplega þrítugur, var penni en Sigurður var þá nýútskrifaður úr námi í iðnaðar- og vöruhönnun frá IED-skólanum í Mílanó á Ítalíu. Hann segist heppinn að hafa fengið tækifæri til að hanna hlut strax eftir nám, en það sé óalgengt. „Að fara á veitingastað og sjá þjóninn taka niður pöntunina með pennanum sem ég hafði hannað þótti mér voðalega gaman svona nýskriðinn úr skóla. Það var ákveðið kikk," rifjar Sigurður upp glaður í bragði.

Sigurður útskýrir að þótt penninn hafi verið hefðbundinn í útliti, fallegt, klassískt ítalskt merki, hafi hann verið hagnýtur. Hann hafi ekki verið með tappa ofan á heldur klikk-fídus. „Vinur minn þoldi mig ekki. Hann var að taka lokapróf í arkitektúr þar sem prófessorinn sat og yfirheyrði hann, alltaf með pennann klikk, klakk, klikk, klakk. Þetta er kannski táknrænt, þetta er bara penni, fallegt form, en hann er hagnýtur og með ákveðnum smáatriðum."

Fyrsti hluturinn sem Sigurður hannaði var þessi penni.

Svaf í hengirúmi í átta mánuði

Eftir námið hafði Sigurður ákveðið að vera áfram í Mílanó og viða að sér reynslu í hönnun. Design Group Italia réð hann í vinnu einungis tveimur dögum eftir útskrift og segir hann fyrstu mánuðina hafa verið ákveðið ströggl. Námslánin voru búin og foreldrar hans gátu ekki stutt hann fjárhagslega.

Til að spara sér húsaleigu svaf hann í hengirúmi sem hann flakkaði með á milli vina og skólafélaga í rúma átta mánuði. Þá hafi komið stundir þar sem hann átti ekki annan samastað en vinnustaðinn. „Ég gat alltaf farið í stúdíóið og sofið þar í verstu tilfellunum. Ég átti ekki að gera það en ég gerði það samt, ég var með lykla."

Sigurður telur marga Íslendinga sem hafa stundað nám erlendis og ákveðið að dvelja áfram úti eiga svipaða sögu að segja. Þetta sé ákveðið ferli sem fólk þurfi að ganga í gegnum. „Auðvitað var þetta mjög gaman. Ég held að mannskepnan sýni sitt besta undir álagi. Ef lífið er of einfalt og auðvelt þá týnumst við frekar. Undir álagi hefur maður ekki tíma til að velta sér upp úr hlutunum," segir hann.

Varð meðeigandi eftir tvö ár

Tveimur árum eftir að Sigurður hóf störf hjá Design Group Italia var fyrirtækið í erfiðri stöðu. Eftir efnahagskreppu á Ítalíu var reksturinn erfiður. Eigandinn greip þá til þess ráðs að bjóða starfsfólki sínu, sem þá taldi um tuttugu manns, að gerast meðeigendur til að bjarga fyrirtækinu.

„Ég hafði engu að tapa þannig að ég sagði já. Það voru margir eldri starfsmenn sem afþökkuðu og misstu starfið," segir Sigurður. Árið 1994 var Sigurður, tæplega þrítugur, því orðinn meðeigandi í Design Group Italia. „Við lækkuðum í launum, það var hluti af þessu. Ég var með í að stýra fyrirtækinu og á tímabili vorum við bara þrír. Síðan erum við búnir að stíga hægt og rólega upp."

Hönnun er 360 gráður

Sigurður segist aldrei hafa ætlað að dvelja lengi hjá Design Group heldur hafi hann haft í hyggju að fara í frekara nám. Hins vegar sé hann nú, hátt í þrjátíu árum síðar, enn á sama stað. Hægt og rólega hafi fyrirtækið stækkað og tekið á sig fjölbreyttari mynd. Í dag eru starfsmenn um áttatíu talsins.

„Við erum skrýtið fyrirtæki, með mjög vítt hlutverk. Það er að hluta af því að ég hef trú á því að hönnun sé 360 gráður." Með því segist hann eiga við að fyrirtækið geti sinnt öllum helstu þörfum hönnunar; fyrir notanda, neytanda og njótanda. Það sé eitt af því sem hann hafi fengið að gera í verkefnum sínum á Íslandi, meðal annars fyrir Bláa Lónið og 66°Norður.

„Öll erlend stórfyrirtæki brjóta þessa þjónustu niður. Fyrir mér er það mjög vitlaus nálgun því þá hefur þú ekki heildarsýn. Ísland er mikið opnara og ég hef fengið að vera með puttana í öllu. Til dæmis má benda á árangur 66°Norður þegar við endurskoðuðum allt vörumerkið," segir Sigurður. Árangurinn hafi ekki leynt sér og það sama eigi við um Bláa Lónið.

The Retreat stærsta verkefnið

Þrátt fyrir að hafa búið í Mílanó í 33 ár hefur Sigurður aldrei sagt bless við Ísland. Hann hóf samstarf við Bláa Lónið og 66°Norður árið 1997. Árið 2005 hafi samstarfinu við 66°Norður lokið en hann vinnur enn í dag fyrir Bláa Lónið. „Ég er pínulítið faldi maðurinn á bak við Bláa Lónið."

Aðspurður hvað sé stærsta verkefnið á ferlinum svarar Sigurður um hæl: „The Retreat-hótelið í Bláa Lóninu. Það tók fjögur ár af mínu lífi. Þar fengum við möguleikana. Ég veit ekki hvort Íslendingar geri sér grein fyrir því en þetta er flottasta lúxushótel í Skandinavíu og reyndar víðar. Á tveimur árum fengum við 32 hönnunarverðlaun. Við erum ekki að tala um lítil verðlaun heldur þau mikilvægustu sem þú getur fengið."

Meðal verðlauna sem verkefnið hlaut voru Best of the Best hönnunarverðlaun Red Dot árið 2019 sem þykja ein virtustu hönnunarverðlaun heims. Design Group Italia og Basalt Arkitektar hönnuðu The Retreat í samstarfi við Bláa Lónið.

> Ég hafði engu að tapa þannig að ég sagði já. Það voru margir eldri starfsmenn sem afþökkuðu og misstu starfið.

Nýjasta verkefni Sigurðar var nýlega opnað á besta stað í Kaupmannahöfn og ber heitið D Stúdíó. Þar koma saman hönnunarfyrirtæki á borð við Lois Poulsen, Flos og B&B Italia í framúrstefnulegu sýningarrými. MYND/AÐSEND

Stærstu hönnuðir heims

Nýjasta verkefni Sigurðar var nýlega opnað á besta stað í Kaupmannahöfn og ber heitið D Stúdíó. Þar koma saman stærstu hönnunarfyrirtæki heims á borð við Lois Poulsen, Flos og B&B Italia í framúrstefnulegu sýningarrými. Sigurður segir markmiðið með hönnun rýmisins hafa verið að búa til áfangastað fyrir fólk, þar sem það getur staldrað við og fengið ýmsa þjónustu.

Hannaðar hafi verið ólíkar ferðir fyrir hvern og einn, venjulega neytendur, arkitekta, stúdenta, innanhússarkitekta, fasteignasala, hönnuði og fleiri. Vörum sé raðað saman með óvenjulegum hætti sem auðveldi fólki að ímynda sér vörurnar í sínu eigin lífi. ■

VELDU HOLLARI KOST ÁN ÞESS AÐ FÓRNA BRAGÐINU

FIMM BRAGÐTEGUNDIR Í BOÐI

FAST™

PRÓTEINSTYKKI

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðbjörg Þorleifsdóttir

Hrísmóum 1, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu, Hraunvangi, Hafnarfirði, sunnudaginn 12. september sl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju kl. 14.00 mánudaginn 20. september. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Sigurborg Sigurðardóttir
Svanhvít Sigurðardóttir
María Sigurðardóttir
Halldór Ó. Sigurðsson
Þóra Sigurðardóttir
Ingvar E. Sigurðsson
Ljótur Ingason
Ragnar Jörundsson
Páll Sigurðsson
Margrét H. Hjaltested
Sigurður G. Jóhannsson
Edda Arnljótsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,

Sigurður Hafsteinn Hallgrímsson

(Diddi Hallgríms)

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, mánudaginn 13. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 20. september klukkan 13. Streymt verður frá útförinni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is. Aðstandendur vilja þakka starfsfólki á Höfða fyrir hlýja og góða umönnun og sérstaklega starfsfólki Jaðars.

Jakob Sigurðsson
Sólveig Salvör Sigurðardóttir
Arnheiður Sigurðardóttir
Sigrún Sigurðardóttir
Aðalbjörg Alla Sigurðardóttir
Frans Páll Sigurðsson
Stefanía G. Sigurðardóttir
Valdimar K. Sigurðsson
Ólöf Bjarney Hauksdóttir
Ívar Magnússon
Helgi Sigurbjörnsson
Elvar Grétarsson
Brynja Valdimarsdóttir
Pétur Svanbergsson
Lilja Þorsteinsdóttir
og aðrir aðstandendur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Nærgætni, hlýja og virðing
Við andlát ástvinar
ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn
Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allt á fullt í Iðnó á ný

Opnunarhátíð fer fram í Iðnó í dag til að fagna því að hefðbundin starfsemi hefjist þar á nýjan leik eftir nokkrar breytingar.

arnartomas@frettabladid.is

Guðfinnur segir að margir hafi sterkar skoðanir á Iðnó og það með réttu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Iðnó opnar dyr sínar á nýjan leik í dag eftir að hafa legið í hálfgerðum dvala á meðan á faraldrinum stóð. Af því tilefni er slegið til opnunarhátíðar sem stendur yfir í dag og boðið verður upp á dagskrá fyrir unga sem aldna.

„Við ætlum að glæða lífi í Iðnó aftur, enda hefur húsið verið lokað í um eitt og hálft ár," segir Guðfinnur Sölvi Karlsson rekstrarstjóri IÐNÓ. „Húsið verður aftur opið frá morgni til kvölds alla daga þar sem hægt verður að skoða húsið og kynnast sögu þess, stoppa við í kaffi eða kjötsúpu þegar verið er að gefa öndunum og svo verða auðvitað fjölbreyttir viðburðir á boðstólum."

Iðnó hefur í gegnum árin verið nýtt undir nánast hvað sem er, hvort sem það eru leiksýningar, erfidrykkjur eða æfingapláss fyrir harmónikufélag. Guðfinnur segir að það sé ekki að fara að breytast.

„Við mun taka við öllu eins og Iðnó hefur gert í gegnum tíðina, og jafnvel enn meiru," segir hann. „En öll gömlu gildin verða líka."

Viðkvæm andlitslyfting

Þá hefur tíminn undir feldinum einnig verið nýttur í að gefa húsinu andlitslyftingu þótt ekki megi miklu breyta án þess að allir brjálist.

„Breytingarnar eru búnar að vera í fullu samstarfi við Minjastofnun og arkitektinn sem sá um að endurreisa húsið í lok tíunda áratugarins," segir Guðfinnur. „Við höfum litlu breytt fyrir utan að slípa upp en samt viðhalda í gamla mátann. Það er auðvitað ekki hægt að snerta þennan sal, hann er eiginlega alveg eins nema það er aðeins búið að mála og laga hann til."

Þá hafa mestar breytingar verið gerðar við innganginn þar sem Guðfinnur segir að oft hafi getað myndast flöskuháls. „Það er búið að setja upp gullfallegt afgreiðsluborð sem var teiknað fyrir löngu síðan af Páli Bjarnasyni," segir hann. „Við rífum ekkert eða breytum engu stórvægilegu. Þetta er hús sem fólk hefur auðvitað miklar skoðanir á og það koma hingað menn sem hafa verið með fundi í einhver sjötíu ár. Ef maður færi vitlaust að þessu þá væri maður bara réttdræpur!"

Dagskrá opnunarhátíðarinnar hefst klukkan 12 og má kynna sér í heild á Facebook síðu IÐNÓ. ■

Okkar ástkæri,

Hjálmar Jóhannesson

húsasmíðameistari,
Norðurtúni 13, Siglufirði,

lést á Sjúkrahúsinu á Siglufirði þann 15. september sl. Boðið er til kveðjustundar á Kaffi Rauðku, Siglufirði, þann 20. september nk. milli kl. 16 og 18.

Kolbrún Friðriksdóttir
Jóhannes Hjálmarsson
Sandra Hjálmarsdóttir
Einar Hrafn Hjálmarsson
Brynja Björk Úlfarsdóttir
Haukur Arnórsson
Þórunn Anna Elíasdóttir
barnabörn og langafabarn.

†

Ástkær dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

Virginía Eva S. Guðmundsdóttir

lést mánudaginn 2. ágúst í Sviss. Minningarathöfn verður frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 23. september kl. 13.00. Bálför hefur farið fram. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Píeta samtökin.

Helga I. Þorkelsdóttir
Helgi Þór Guðmundsson
Gunnar Már Guðmundsson
Edith Þóra Pétursdóttir
Marta María Hirst
Breki Þór, Embla Rut og Logi Hrafn Helgabörn,
Guðmundur Karl og Ingibjörg Erla Gunnarsbörn

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Ólafsdóttir

leikskólakennari,
Þorrasölum 5-7,

sem lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 9. september, verður jarðsungin frá Lindakirkju mánudaginn 20. september klukkan 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Magnús Kr. Halldórsson
Unnur Gyða Magnúsdóttir
Ólafur Magnússon
Halldór Guðjón Magnússon
Maron Kristófersson
Rakel Ýr Sigurðardóttir
Erna Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur sonur okkar, bróðir og barnabarn,

Gunnar Már Björnsson

lést miðvikudaginn 8. september. Útför hans fer fram frá Seltjarnarneskirkju, mánudaginn 20. september kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á verkefnið Frú Ragnheiður hjá Rauða krossinum.

Björk Hreinsdóttir
Elín Margrét Björnsdóttir
Anna María Björnsdóttir
Anna Björg Agnarsdóttir
Björn G. Aðalsteinsson

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Sigrún Sigurðardóttir

Heiðargerði 58, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 12. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 23. september kl. 13. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki krabbameinsdeildar Landspítalans fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Árni Þór Kristjánsson
Fjölnir Þór Árnason
Guðrún Árnadóttir
Fróði Árnason
Björg Alexandersdóttir
Martin Kollmar
og barnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Hanna Gunnarsdóttir

sérkennari,
Rúgakri 3a, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 16. september. Útförin verður auglýst síðar.

Sverrir Gunnarsson
Lára Áslaug Sverrisdóttir
Jón Höskuldsson
Davíð Björn Pálsson
Gunnar Sverrisson
Þórey Ólafsdóttir
Sverrir Geir Gunnarsson
Stefanía Theodórsdóttir
Sigríður Thea Sverrisdóttir
Halldór Árni Gunnarsson
Embla Rún Björnsdóttir
Þórunn Hanna Gunnarsdóttir

Ástkær móðir mín, systir okkar og mágkona,

Álfrún Gunnlaugsdóttir

prófessor og rithöfundur,

lést miðvikudaginn 15. september á líknardeild Landspítalans.

Bjarki Kaikumo
Gylfi Gunnlaugsson
Ragnhildur Hannesdóttir
Ólafur Gunnlaugsson
Margrét Ingimarsdóttir

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhann Sæmundsson

frá Ási, Dalabyggð,

andaðist á Dvalarheimilinu Silfurtúni laugardaginn 4. september sl.

Útför hans fer fram frá Staðarhólskirkju í Saurbæ laugardaginn 25. september kl. 14. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Silfurtúns, reikn.nr. 0312-13-700021, kt. 530586-2359 (Lionsklúbbur Búðardals).

Sæmundur G. Jóhannsson
Jóhanna B. Jóhannsdóttir
Guðbjörn Guðmundsson
Margrét Jóhannsdóttir
Finnbjörn Gíslason
Kristján V. Jóhannsson
Svanhildur Halldórsdóttir
Ingibjörg Jóhannsdóttir
Þórður Már Svavarsson
Jarþrúður H. Jóhannsdóttir
Freyr Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Sigurðsson

fyrrverandi skólastjóri,

sem lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 10. september, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 24. september kl. 10.00. Streymt verður frá útförinni á: www.skjaskot.is/jonsigurdsson
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á krabbameinsdeild og líknardeild Landspítalans.

Sigrún Jóhannesdóttir
Óli Jón Jónsson
Ágústa Kristófersdóttir
Snorri Jónsson
Bára Ósk Einarsdóttir
Kristín Emilsdóttir
Helgi Björnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

Einar Hjaltason

læknir,
Björtuhlíð 6, Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 6. september sl. Útför fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. september klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarsjóð bráðasviðs Landspítalans.

Birna Sigurðardóttir
Hjalti Sveinn Einarsson
Trausti Einarsson
Berglind Brynjólfsdóttir
Sigrún Einarsdóttir
Einar Magnús Einarsson
Margrét Ingvarsdóttir
Margrét Jóna Einarsdóttir
Baldur Þórólfsson
og barnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Reynir Jónsson

(Gassi)

Ásakór 7,

lést 15. september.
Útförin fer fram frá Lindakirkju fimmtudaginn 23. september kl. 15.

Kolbrún Halldórsdóttir
Inga Dóra Guðmundsdóttir
Snorri Torfason
Elías Guðmundsson
Jón Þór Guðmundsson
Kolbrún Sigurðardóttir
Hafdís Mjöll Guðmundsdóttir
Róbert Ericsson
Guðný Halldórsdóttir
Guðbrandur K. Jónasson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Þórir Friðjónsson

Hjarðarholti 8, Akranesi,
áður Hóli, Svínadal,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi miðvikudaginn 15. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 24. september kl. 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akraneskirkju, www.akraneskirkja.is.

Sigríður Illugadóttir
Friðjón Guðmundsson
Sylvía Rós Helgadóttir
Kristjana J. Jóhannsdóttir
Jón Þórólfur Guðmundsson
Silja Ósk Björnsdóttir
Sæunn K. Guðmundsdóttir
Jóhann S. Andrésson
Sigurþór Guðmundsson
Sigríður Ólöf Valdimarsdóttir
og afabörnin.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, ömmu og langömmu,

Hjördísar Hentze Magnússon

Suðurbraut 8, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs fyrir hlýhug og góða umönnun.

Sigurður Birgir Magnússon
Ólafur Sigurðsson
Freyja Margrét Sigurðardóttir
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

Ingibjargar Ýrar Pálmadóttur

barnakennara,
Hvassaleiti 58,

sem lést föstudaginn 23. júlí sl.

Ragnhildur Rós Indriðadóttir
Skarphéðinn G. Þórisson
Pálmi Indriðason
Anna Halldórsdóttir
Helgi Indriðason
Ólafur Skúli Indriðason
Helga Ágústsdóttir
Jón Skúli Indriðason
Sigríður Jóhannsdóttir
Dagný Bergþóra Indriðadóttir
Ásmundur Indriðason
Jóhanna Þyri Sveinsdóttir
Erna Indriðadóttir
Andrés Svanbjörnsson
Ingibjörg Ýr, Indriði, Þuríður, Björn Þór, Birta Líf, Katrín Helga, Jóhann Skúli, Kristín Ýr, Jón Freyr, Frosti, Reimar, Valva og barnabarnabörn.

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir og afi,

Kristján Grétar Sigvaldason

Eskihlíð12a, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 12. september sl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 24. september kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á Píeta samtökin.

Álfgeir Logi Kristjánsson
Anna Gréta Hrafnsdóttir
Hugi Freyr Álfgeirsson
Nói Steinn Álfgeirsson
Ýmir Hrafn Álfgeirsson

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingimundur Magnússon

ljósmyndari,

lést þann 12. september síðastliðinn. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 24. september kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Elliheimilið Grund njóta.

Magnús Ingimundarson
Brynhildur Ingvarsdóttir
Gunnar Ingimundarson
Hrund Sch. Thorsteinsson
Bolli Þór Bollason
Hrefna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Reynir Torfason

skipstjóri og listmálari,

andaðist mánudaginn 13. september sl.
Útför hans fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 2. október nk. kl. 14.
Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu Viðburðastofu Vestfjarða.

Aðstandendur hins látna.

Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrafnhildur Gunnarsdóttir

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 6. september 2021.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Erna Þrúður Guðmundsdóttir
Gunnlaugur Guðjónsson
Steinunn Gunnlaugsdóttir
Ragnar Lövdahl
Hjalti Gunnlaugsson
Gunnar Karl Gunnlaugsson
Anna Margrét Pálsdóttir
Gunnlaugur Ernir, Benedikt Elí, Hrafnhildur Helena og Víkingur Ernir

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

Hjördís Þórðardóttir

íþróttakennari,

lést mánudaginn 13. september sl.
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju miðvikudaginn 22. september kl. 13.00.

Árni Árnason
Dóra G Wild
Árni Haukur Árnason, Agnes Wild, Egill K. Wild og fjölskyldur þeirra.

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

Guðjón Magni Einarsson

vélstjóri,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 7. september. Jarðsett var í kyrrþey að ósk hins látna. Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Blóð- og krabbameinslækningadeildar Landspítalans.

Sif Guðmundsdóttir
Einar Ingi Guðjónsson
Bjartmar Ás Guðjónsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og tengdasonur,

Þorsteinn Valsson

Stuðlaseli 1, Reykjavík,

lést 8. september.
Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 21. september kl. 13.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Minerva Gísladóttir
Anna Pála Þorsteinsdóttir
Guðmundur Ingi Hammer Kjartansson
Gísli Þráinn Þorsteinsson
Sara Atladóttir
Snjólaug Þorsteinsdóttir
Anna Pála Þorsteinsdóttir
Snjólaug Kristinsdóttir
Gísli Sæmundsson

Pottaplöntur
Ný sending vikulega

25% afsláttur

52%

blómaval

Benjamín-fíkus
11.5 cm pottur.
11308329

949kr
~~1.990 kr~~

25%

blómaval

Jukka
19 cm pottur.
11261449

3.592kr
~~4.790 kr~~

Nýtt í Blómavali
Margir litir og gerðir

33%

blómaval

Caladium Bicolor Hybrid
11 cm pottur.

1.990kr
~~2.990 kr~~

26%

blómaval

Orkidea
12 cm pottur. 11325000

1.990kr
~~2.690 kr~~

Hausterikur
í Blómavali

blómaval

28%

Hausterikur 3 stk.
3 stk. að eigin vali.

1.299kr
~~1.797 kr~~

Hausterikur 1 stk. **599kr**

Haustlaukarnir eru komnir
Loforð um litríkt vor

Magnpakkning
1.990kr/pk

Crocus blandaðir litir, 50 stk.
Crocus Grand Maitre, 50 stk.
Crocus Jeanne d'Arc, 50 stk.
Páskaliljur magnpakkning, 20 stk.
Páskaliljur Harlequin Mixed, 20 stk.
Tulipa Apeldoorn Red, 50 stk.
Tulipa Apeldoorn Elite Red & Yellow, 50 stk.
Tulipa Golden Oxford Yellow, 50 stk.
Tulipa Peacok, 50 stk.
Tulipa Purissima, 50 stk.
Tulipa Red Riding Hood, 50 stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

PHILIPS
Loftljós
Box, svart eða hvítt, 1x4.5W SELV.
6165793 ,6165794

10.405kr

PHILIPS
Kastari
Pongee svartur 1xNW.
166494

3.485kr

PHILIPS
Kastari
Runner, hvítur 1x.
6166915

6.145kr

25%

damixa™
Handlaugartæki
Silhouet, 190 mm svart.
8000057

27.490kr
~~36.735 kr~~

31%

FERRO

Sturtusett
Með skipti, Rondo, svart.
7810205

14.990kr
~~22.035 kr~~

37%

EUROHOME enjoy living

Harðparket
8 mm, Colorado eik, 4V-AC4 C32. 147124

2.983kr/m²
~~4.698kr/m²~~

25%

Lamett

Vinylparket
Douro, Honey, 5,0 mm,55 mm yfirlag, með áfestu undirlagi. 147492

3.990kr/m²
~~5.085kr/m²~~

19%

Electrolux

Ofn
SteamBake tækni, kata-lískur sjálf-hreinsibúnaður, tekur 72 ltr., orkuflokkur A. 1860076

79.990kr
~~98.990kr~~

Pottasett
Rose Gold 10 stk.
2002952

30%

20.283kr
~~28.975kr~~

enox enjoy life
ÞÝSKT GÆÐAMERKI

Þurrkari
Öflugur 8 kg barkalaus þurrkari, með 16 kerfum, í orkuflokki B, er 69dB. 1860473

64.990kr
~~84.990kr~~

Sparaðu 15.000kr

AEG
Þvottavél
8 kg, 1400 snúninga, kolalaus mótor. Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar. 1860502

79.990kr
~~94.990kr~~

20%

HiKOKI

Borvél 18V + 100 fylgihlutir
2 stk., 1.5Ah, Li-ion rafhlöður, 2ja gíra, hersla 52Nm, 22 átakstillingar, sn./mín., 0-450/1250, Led ljós. 5247080

35.995kr
~~44.995 kr~~

Nilfisk
Háþrýstidæla
125 bör, 1,4kW, málmdæla, sjálfvirkt stopp og start kerfi, 438 ltr./312 ltr./klst., hámarkshiti á vatni 40°C, Click and Clean kerfi. 5254250

20%

17.995kr
~~22.495 kr~~

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Haustveisla

Nýtt blað á **husa.is**
Skannaðu QR kóðann

Vinsælir LADY litir
Skannaðu QR kóðann

LADY innimálning

20% afsláttur

Einstök litaupplifun

Grænvara



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum i lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist himneskt fyrirbæri (15)
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „18. september“.

Sudoku

		2	8				1	
	8	3			6		5	9
				3				
		8		4		1		
	4		9	7		5		
3	5		6	2		8		4
	9	4			7			5
1	7		3					6
2			4		9	7		

8				5	6			
		6	7	8		2		
		5						
				2		6		
2		4			3		8	
			5	4		9		1
	3	8				1		
1	6		4	9				
4			6				9	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

Tæpur sigur

Bergur Reynisson og Skúli Skúlason unnu glæsilegan sigur í loka tvímenningsmóti Sumarbridge síðastliðinn 10. september. Þeir félagar unnu naumlega með 59,8% skori en Sigurður Jón Björgvinsson og Sveinn Ragnarsson enduðu á hæla þeirra með 59,6% skori. Þessi pör áttust við í lokaumferð mótsins og voru Bergur og Skúli með umtalsverða forystu. Þeir voru mjög óheppnir í þessu spili þar sem Bergur og Skúli sátu NS. Austur var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ G10853
♥ 52
♦ D1084
♣ D8

Vestur
♠ KD
♥ ÁDG87
♦ ÁG7
♣ K62

Austur
♠ Á92
♥ 943
♦ K96
♣ G1074

Suður
♠ 764
♥ K106
♦ 532
♣ Á953

Sigurður og Sveinn enduðu í þremur gröndum í vestur. Þeir komust aldrei að því að þeir áttu hjartasamlegu í sögnum. Bergur spilaði út spaðagosa og vestur spilaði strax laufi í öðrum slag. Bergur fór eðlilega upp með drottninguna og hélt áfram spaðasókninni. Sagnhafi hélt áfram hreinsun laufsins og spilaði laufkóng. Sagnhafi fékk síðan 11 slagi með heppnaðri hjartasvíningu. Spilið var spilað á 15 borðum og alltaf spilaður hjartasamningur, nema á þessu borði. Menn fengu ýmist 10 eða 11 slagi og nokkrir fóru niður. Skor Bergs og Skúla var því hreint núll fyrir spilið og setan var ekki hagstæð, fór 35-77 fyrir Sigurð og Svein. Spenningurinn var eflaust mikill, en töluverð forysta Bergs og Skúla nægði í sigurinn. Bergur og Skúli fengu 469 stig en Sigurður og Sveinn 467. ■

Lausnarorð síðustu viku var
LAUGARDALSHÖLL

H	Æ	T	T	U	L	E	G	I	R		F		Ú		L		S		U
	F		U		A		E		Í	Þ	R	Ó	T	T	A	M	A	N	N
F	I	S	K	I	M	I	Đ	U	M		Á		B		S		M		G
	N		T		A		H		T	Ú	S	S	L	I	T		K		A
E	G	G	H	I	M	N	A		A		Ö		Á		S	Á	R	U	M
	A		Ú		U		R	Ó	L	E	G	A	S	T	A		U		Æ
K	R	I	S	T	N	I	Đ		I		U		I		M	Á	L	I	Đ
	L		A		K		R	Á	Đ	S	M	A	N	N	A		L		R
R	A	U	N	T	A	L	A	N		P		L		Á	R	E	I	T	A
	U		N			A		Æ		O	K	K	A	R		N		R	
Á	S	T	A	R	P	U	N	G	U	R		A		E		G		Ú	
H		R		A		S		Đ		V	E	L	V	I	L	J	A	Đ	I
Æ	Đ	A	R	K	Ó	N	G	A	N	A		Đ		Đ		A		U	
T		N		A		A		R		G	L	A	S	A	B	R	A	M	L
T	A	F	L	B	O	R	Đ	A	N	N	A		K		A		T		Á
U		U		L		A			A		F	R	E	Y	Đ	I	V	Í	N
S		G	L	E	R	R	Ú	Đ	U		L		S		G		I		A
A		L		T			R		T	R	A	N	S	F	Ó	L	K	I	Đ
M	J	A	L	T	A	L	A	G	I		U		U		L		I		U
T		R		I			N		N		S	K	R	I	F	A	Đ	U	R

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Höfnum Jöklu, Sif og Skaða (7)
10 Á stuttum spottanum voru menn að barma sér og keyra í kapp (12)
11 Hinn ríflega hálfs metra sperðill (9)
12 Slöngurnar taka nokkurn veginn lítra, segja guttarnir (12)
13 Flagið nær að rugla þann sem allt veit (9)
14 Ofeldaðar rófur kokkaðar í kássu (10)
15 Gekkó og kómódó teljast til hinna betri afbrigða (11)
17 Vaða kana mun æða út um opin (12)
18 Fyrir utan vísi að burkna að utan er hann nánast samvaxinn sjálfum sér (9)
22 Ílát fyrir allt varðveitir Hnitbjörg (10)
26 Rússneskur prins var mikill aðalsmaður (10)
29 Görótt blanda og belgískt öl krefjast ekki postulíns (11)
31 Mælir grands og nólós brást vegna flóttans úr félaginu (10)
32 Fer í steikatjaldið í leit að minjagrip (11)
33 Afréttur afkvæma áa okkar er ætíð hátt uppi (10)
35 Við skulum ræða kóð og hvítvoðung (9)
38 Fugla þessa má þekkja á bakhluta þeirra og drykk (9)
39 Munu rafbílarnir komast milli mýra? (5)
40 Að þessum grút horfnum birti ég ákall um meira (9)
41 Nú úðar hugað barn grimma menn í uppnámi (9)
42 Kinka kolli til samþykkis (5)
43 Huslar hann þá útlægan hal (9)

LÓÐRÉTT

1 Hamhleypur fara með botni fljóts (9)
2 Óttast að ég detti uppfyrir á næsta öryggisventli (9)
3 Karlar jafnt sem kóngar njóta afreka mannsandans (9)
4 Drekar flytja glæpalýð þar sem færi er fyrir þá (9)
5 Hungur hala sem aldrei víkja (10)
6 Saga um fanga sem fílar flengingar og flýr því æ oní æ (10)
7 Hvar finn ég hressustu og mittissverustu mennina? (8)
8 Hvort er meiri peningur í stigunum eða fiskunum? (10)
9 Þessi aðdróttun frá Erni er engu skárri en hinar (10)
16 Það held ég maður tjútti í þessum gleðskap (10)
19 Er nokkuð að eðlilegu kalli eftir kornmeti? (12)
20 Færa fót af brauði út af þessu prinsippi (12)
21 Ráðast öll í einu inn á fund mikilla átaka (11)
23 Ekki líkar ýkja mörgum/ómannblendna frúna við (7)
24 Hin horfna skel alls sem hverfur? (7)
25 Hörð hengja blikur á snúru (11)
27 Staðfestir staðsetningu hinnar einu sönnu lausnar (10)
28 Leitar skjóls innan Lapplands (10)
30 Eru örugg því öndin blífur þótt biskupinn bregðist (9)
34 Lukkulegir landkönnuðir borða þetta gjarnan (6)
36 Gera mistök er þau leifa þessu lítilræði (5)
37 Leita að typpum á öllum bæjum (5)

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Morðið við Huldukletta, eftir Stellu Blómkvist** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Vény Lúðvíksdóttir, Hafnarfirði.**

ILVA

TAX FREE AF ÖLLUM VÖRUM*

16.-20. SEPT.

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði. Gildir á meðan birgðir endast.

FAST SENDINGAR-GJALD MEÐ PÓSTINUM HVERT Á LAND SEM ER!

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11:00-18:30, helgar 12-18

ILVA Akureyri Mánudaga - föstudaga 11-18,
laugardaga 10-17, sunnudaga 13-17

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

DORMA
Láttu drauminn rætast

TAX FREE veisla af öllum sófum, sófaborðum, teppum, mottum og púðum*
16. til 25. september

HOUSTON hornsófi
Sófinn fæst með hægri eða vinstri horni. Stærð sófa: B275 x D210 x H85 cm
fullt verð: 249.900 kr.
Aðeins 201.544 kr.

LICATA hornsófi
Sófinn fæst með hægri eða vinstri tungu og í þremur mismunandi áklæðum. Stærð sófa: B262 x D226 x H82 cm
fullt verð: 269.900 kr.
Aðeins 217.661 kr.

TWIGGY sófi
Flottur þriggja sæta sófi í slitgóðu áklæði. Fætur úr svörtum við.
Stærð: L180 x D92 x H95 cm
fullt verð: 129.900 kr.
Aðeins 104.764 kr.

BOGGIE sófi
Flottur þriggja sæta sófi í slitgóðu áklæði. Sófinn kemurí nokkrum litum og tveimur mismunandi áklæðum.
Stærð: L186 x D77 x H85 cm
fullt verð: 119.900 kr.
Aðeins 96.699 kr.

* Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum, teppum, mottum, sófaborðum og púðum, nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt

FRÉTTABLAÐIÐ

Veðurspá Laugardagur



Í dag verða austan 10-18 m/s með suðurströndinni, annars hægari. Rigning með köflum sunnan til og vestan en þurrt lengst af norðan og austanlands en rigning í kvöld. Hiti 8-12 stig að deginum. Á sunnudag verða suðvestan 10-18 m/s norðvestantil á landinu, annars hægari. Smá skúrir, einkum sunnan og vestan til. Hiti 7-13 stig.■

Frosin bláber

Sigurður Þ. Ragnarsson
vedur
@frettabladid.is

Þó næturfrostin séu vart farin að láta á sér kræla styttist óðum í að greina megi næturfrost í lengstu spám. Næsta vika verður að miklu leyti laus við næturfrost sem þýðir að enn er hægt að fara til berja, nú eða leyfa kartöflunum, rófunum, gulrótunum og hvað þetta nú allt heitir að vera aðeins lengur í jörðu.

Vert er þó að hafa í huga að þegar loft kólnar, þyngist það og leitar í lautir og rennur niður hlíðar niður á lægsta punkt. Þar verður því fyrst frost. Þetta er atriði sem skiptir máli þegar menn velta fyrir sér hve lengi kartöflurnar mega vera án þess að skemmast.

Annar þáttur sem hér telur er að maður heyrir fólk stundum nefna að það hafi mælst næturfrost á þessum eða hinum staðnum, hér skiptir meginmáli hve lengi frostið staldraði við. Náði það eitthvað niður í moldina? Vissulega er nóttin orðin lengri og tími útgeislunar því lengri. Það er því alveg umhugsunarvert að nýta helgina til að njóta uppskerunnar.

Gallinn er hins vegar sá að helgarhorfurnar nú eru ekkert alltof skemmtilegar til slíkrar útivinnu. Góða helgi. ■

	Sunnudagur	Mánudagur
Reykjavík	9 3	9 14
Ísafjörður	8 7	9 6
Akureyri	12 9	9 1
Egilsstaðir	13 7	14 6
Kirkjubæjarklaustur	11 4	12 6

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Hausttilboð

Steinn og sökkull, grátt granít,
grafskrift og skrautmynd (efst).
Uppsetning á höfuðborgarsvæði,
Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi.
Frí sending um allt land

Tilboð 1

Blómarammi - innanmál 45 cm

Verð:
Sett eins og á mynd : 498.000
Sett án blómaramma : 398.000
Steinn : 298.000

Tilboð 2

Blómarammi - 45 cm innanmál

Verð:
Sett eins og á mynd : 585.000
Sett án blómaramma : 485.000
Steinn : 385.000

Tilboð 3

Verð:
Steinn með lugt: 240.000
Steinn : 195.000

Paradiso

Svartur

Grár

Tilboð 4 á meðan birgðir endast
Hægt að setja tvö nöfn

Verð: Sett eins og á mynd : 350.000
Steinn án aukahluta : 255.000

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

Nýlegar njósnamyndir af arftaka Passat

njall@frettabladid.is

Framendinn er lægri en á öðrum ID-módelum og farþegarýmið nær langt fram.

Um daginn náðust njósnamyndir af Areo B sem er framleiðsluútgáfa ID.Vizzion-tilraunabílsins. Er bíllinn rafdrifinn arftaki Passat-fólksbílsins og ætlað að keppa við hinn vinsæla Tesla Model 3.

Volkswagen ID.Vizzion var fyrst frumsýndur á Genf-bílasýningunni árið 2018 en þar var sagt að drægi hans yrði um 600 km. Talsvert hefur breyst á þremur árum og nýjasta afurð Volkswagen er ID.4 Life með 77 kWst rafhlöðu og svipað drægi. Þar sem að Areo B er stærri bíll má búast við enn meira drægi þar sem hann mun hafa stærri rafhlöðu. Búast má bæði við afturhjóladrifnum og fjórhjóladrifnum GTX-útgáfum af bílnum, ásamt langbaksútgáfu eins og sýnt var fram á með ID.Space Vizzion tilraunabílnum. ■

Fyrsti bíllinn var í þessum Rivian-bláa lit og fleiri bílar fylgdu í kjölfarið.

Fyrsti Rivian-pallbíllinn af færibandinu

njall@frettabladid.is

Fyrsti Rivian-pallbíllinn rúllaði af færibandinu í vikunni í verksmiðju merkisins í Illinois.

Forstjóri Rivian, RJ Scaringe, tísti myndum af tilefninu þar sem bílnum var fylgt með fögnuði úr hlaði af starfsmönnum verksmiðjunnar og fjölskyldum þeirra. Ekki eru liðin þrjú ár síðan Rivian sást fyrst á bílasýningunni í Los Angeles. Síðan það gerðist hefur fyrirtækið keypt verksmiðju Mitsubishi í Normal Illinois og breytt að sínum þörfum.

Aðeins eru liðin þrjú ár síðan Rivian var sýndur í Los Angeles.

Einnig hefur merkið fengið milljarða dollara aðstoð frá Amazon og Ford, en til stendur að merkið fari á almennan hlutabréfamarkað fyrir lok þessa árs. ■

Það eru mikil líkindi með útliti Corolla Cross og Yaris Cross sem gefur tilefni til að ætla að von sé á honum til Evrópu.

Toyota Corolla Cross er kominn á Japansmarkað

Toyota hefur sett Corolla Cross-jepplinginn á markað í Japan, en þó að það sé eina landið þar sem bíllinn er seldur í augnablikinu er ekki loku fyrir það skotið að bíllinn verði boðinn í Evrópu. Þar myndi hann keppa við vinsæla bíla eins og Nissan Qashqai og Peugeot 3008.

njall@frettabladid.is

Toyota setti Yaris Cross á markað í Evrópu fyrir skemmstu og stutt er síðan Toyota Highlander fór á Evrópumarkað, en hann hafði aðallega verið seldur í Bandaríkjunum og Ástralíu.

Yfirmenn hjá Toyota hafa líka leitt að því getum að von sé á jepplingi í þessari stærð fyrir Evrópumarkað. Fyrir er C-HR jepplingurinn sem höfðar ekki til allra í kaupendahópi millistærðarjepplinga. Til dæmis er skottið í CH-R aðeins 377 lítrar meðan að Corolla Cross státar af 487 lítrum.

Toyota Corolla Cross er byggður á GA-C undirvagninum sem er sá sami og er undir Corolla. Algengasta vélin er 1,8 lítra bensínvél og hægt er að fá hann í tvinnútgáfu sem skilar 120 hestöflum. Í Japan verður hægt að fá hann með fjórhjóladrifi þar sem að afturdrifið er með rafmótor, líkt og í nýjum Yaris Cross. Einnig er tveggja lítra tvinnútgáfa sem skilar 181 hestafli. ■

Renault 5 rafbíllinn mun koma á markað 2024

njall@frettabladid.is

Renault var einn framleiðenda sem notuðu tækifærið til að kynna nýja bíla á sýningunni í München og þar má sjá Renault 5 rafbílinn sem er með tilvísun í hinn vinsæla bíl með sama númeri frá síðustu öld.

Framleiðandinn hefur nú staðfest að bíllinn muni fara í framleiðslu árið 2024 og þá sem ódýr gerð rafbíls. Verður hann fyrsti rafbíllinn til að nota nýjan undirvagn sem Renault og Nissan eru að hanna í sameiningu og kallast CMF-BEV og er fyrir smærri rafbíla.

Renault 5 rafbíllinn var kynntur fyrr á árinu en er nú sýndur í fyrsta skipti.

Að sögn yfirmanna hjá Renault er sá undirvagn lykillinn að því að hægt verði að bjóða ódýrari rafbíla af smærri gerðinni og mun nýr Renault 5 geta kostað allt að þriðjungi minna en núverandi Renault Zoe.

Rafhlaðan sem notuð verður með þessum nýja undirvagni mun gefa bílnum um 400 km drægi. Eins og er má búast við 134 hestafla rafmótor í Renault 5 en það gæti þó breyst á þessum þremur árum, enda örar breytingar í rafbílum. ■

Gott úrval notaðra bíla

Einnig tökum við gamla bílinn uppí valda bíla fyrir **500.000 kr.***

591787 — 4X4

Toyota Landcruiser 150 Gx '21, sjálfskiptur, ekinn 5 þús.km. **Verð:** 12.490.000 kr.

446423 — 4X4

Verð ..... 3.490.000 kr.
Innborgað ..... 500.000 kr.
Eftirstöðvar ..... 2.990.000 kr.
Afborgun á mánuði ..... 46.653 kr.**

SsangYong Tivoli Xlv Hlx '18, sjálfskiptur, ekinn 60 þús. km. **Verð:** 3.490.000 kr.

800423 — 4X4

Hyundai Tucson Phev Style+ '21, sjálfskiptur, ekinn 8 þús. km. **Verð:** 5.890.000 kr.

780033 — 100% rafmagn

Opel Amera-e Premium '20, sjálfskiptur, ekinn 22 þús. km. **Verð:** 4.190.000 kr.

Meira úrval á **notadir.benni.is**

Bílabúð Benna | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. * Tökum aðeins 1 bíl uppí hvern nýlegan notaðan bíl. **Forsendur: 7 ára lán hjá Lykli. Útborgun 500.000 kr.

Jeep | 4xe

KYNNUM NÝJAN JEEP®

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

TRYGGÐU ÞÉR BÍL FYRIR VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU

PLUG-IN HYBRID

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI

6.699.000 KR.**

**SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.862.000 KR.

*VERÐ EFTIR ÁRAMÓT VEGNA HÆKKUNAR Á VSK:

7.179.000 KR.*

- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ
- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
- 10,1" SNERTISKJÁR MEÐ LEIÐSÖGUKERFI
- BLINDHORNS OG AKREINAVARI

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR

Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími
- háþróuð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

NASSAU CE - merkt framleiðsla

Byggðu til framtíðar með hurðum frá Idex IDEX

idex.is - sími: 412 1700

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

„Ringulreiðin og sjónarspilið er heillandi en sýgur alltof oft kraftinn úr sögunni," segir gagnrýnandinn.

Halastjörnur tvær

LEIKHÚS

Rómeó og Júlía

Þjóðleikhúsið
Höfundur: William Shakespeare
Leikstjórn og leikgerð: Þorleifur Örn Arnarsson
Leikarar: Ebba Katrín Finnsdóttir, Sigurbjartur Sturla Atlason, Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Bríet Ísis Elfar, Ernesto Camilo Aldazábal Valdés, Hallgrímur Ólafsson, Hilmar Guðjónsson, Jónmundur Grétarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Rebecca Hidalgo, Salka Valsdóttir, Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason
Þýðing: Jón Magnús Arnarsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Þjóðleikhúsið byrjar leikárið með látum. Verkefnum Þorleifs Arnar Arnarssonar fylgir ávallt eftirvænting enda er hann þekktur fyrir djarfa nálgun þar sem fátt er heilagt, sérstaklega klassíkin. Í þetta skipti glímir hann við sjálfan William Shakespeare og táningaturtildúfurnar Rómeó og Júlíu.

Ásamt því að leikstýra Rómeó og Júlíu skrifar Þorleifur Örn leikgerðina. Hann hikar ekki við að hrófla hressilega við handritinu, eins og hans er von og vísa, með misgóðum árangri þó. Hinn frægi forleikur er með breyttu sniði, persónum er slegið saman, aðrar felldar út og lokafléttan endurofin, sem verður rædd síðar. Nýjum og ungum þýðendum á Shakespeare ber að fagna, Jón Magnús Arnarsson og Harpa Rún Kristjánsdóttir takast á við verkefnið af þori og tilraunamennsku, en gleyma samt ekki ljóðrænum hljómgrunni textans. Vonandi kemur þýðingin út á bók, þýðingar eftir nýja spámenn eiga til að gleymast.

Stríðandi fylkingar

Rómeó og Júlía koma kannski úr ólíkum stjörnukerfum en þráin eftir þögn í glundroðanum beinir þessum halastjörnum á sama sporbauginn, allt til endaloka. Sigurbjartur Sturla Atlason skakklappast svalur á sviðið með alla angist ungra manna á herðunum, sér og sigrar. Eftirminnileg frumraun í burðarhlutverki. Ebba Katrín Finnsdóttir styrkir stöðu sína sem ein áhugaverðasta leikkona sinnar kynslóðar. Sameiginlegar senur þeirra leiftra af barnslegri kæti og berskjölduðum tilfinningum sem persónurnar ráða illa við, en leikararnir hafa góða stjórn á, enda fjölhæf og fær.

Gengi Júlíu er túlkað á áhugaverðan máta af Ebbu Katrínu, Sölku Valsdóttur og Rebeccu Hidalgo. Gengi Rómeós er fjölmennara og óreiðukenndara. Hilmar Guðjónsson leikur Benvólió lipurlega en Atli Rafn Sigurðarson stendur stundum til hliðar við Merkútsíó en á öðrum stundum kemst hann á flug, mögulega er ástæðan endurskrifaði karakterinn. Arnar Jónsson leikur Kapúlett, subbulegan Karl Lagerfeld undirheimanna, af mikilli kostgæfni og sýnir að yfirvegun getur virkað jafnvel betur en yfirdrifin orka. Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir leika konurnar í lífi Júlíu. Saman standa þær fyrir kvenerkitýpur sem fylla oft heim karlkynshöfunda: þjónustustúlka, móðir, hóra. Lakari leikkonur túlka þessar persónur eintóna en báðar leikkonurnar nálgast þessar konur með manneskjulegum húmor og harmi.

Hallgrímur Ólafsson leikur hinn hallærislega París af kómískum krafti. Uppáþrengjandi nærvera hans er smellin en stundum verður hún of yfirþyrmandi í sýningunni, slíkt er á ábyrgð leikstjórans. Jónmundur Grétarsson á klárlega heima á stóra sviðinu en rækta hefði mátt viðmót Tíbalts betur. Sigurður Sigurjónsson og Örn Árnason njóta sín í skondnum smáhlutverkum, en grallarainnskotinu fyrir hlé hefði mátt sleppa.

Himingeimur af hugmyndum

Þorleifur Örn á svo sannarlega ekki við hugmyndateppu að stríða en flóðinu verður að finna farveg. Ringulreiðin og sjónarspilið er heillandi en sýgur alltof oft kraftinn úr sögunni. Hinn örlagaríki bardagi sem hrindir lokaatburðarásinni af stað er lýsandi fyrir listræna nálgun Þorleifs Arnar, bæði kosti og galla. Grunnhugmyndin er sterk en söngur Parísar grefur undan alvörunni og samtvinnuð persóna prestsins og Merkútsíós gengur ekki upp (þá sérstaklega dauðdaginn). Af þessum sökum er ekki nægilegur drifkraftur til að endirinn hitti í hjartastað. Rómeó og Júlía skína skærast í þöglum myndum; fyrsta augnablikið þegar augu elskendanna mætast, Júlía viti sínu fjær af harmi í örmum föstrunnar, Kapúlett lamaður yfir afleiðingum gjörða sinna …

Átök og mótsagnir einkenna leikmynd Ilmar Stefánsdóttur þar sem tækni og náttúra etja kappi. Moldarflagið er áhrifamikið, í því felst bæði líf og dauði. Búningahönnun Önnu Rúnar Tryggvadóttur og Urðar Hákonardóttur er neonlistaverk. Í heildina er myndbandsvinna Nönnu MSB og Signýjar Rósar Ólafsdóttur vel heppnuð, en samfélagsmiðlavísanirnar úr byrjun sýningarinnar fjara fljótlega út og sjást aldrei meir. Rök má færa fyrir því að sýningin sé nýi íslenski söngleikurinn sem beðið hefur verið eftir, enda leikur frumsamin tónlist stórt hlutverk. Tónlistarstjórnin er í höndum Sölku Valsdóttur og greinilegt er að hér eru á ferðinni töluverðir hæfileikar sem vonandi eiga eftir að blómstra enn meira. Flutningur og framkoma Bríetar Ísisar Elfar styrkir sýninguna, sömuleiðis danshönnun Ernesto Camilo Aldazábal Valdés og Rebeccu Hidalgo, partísenan kemst á annað svið með dansinum.

> Þrátt fyrir sterkan leikhóp nær ferðalagið ekki alla leið.

Samstundis er hjarta mitt órótt

Eftir því sem árin líða á fólk til að gleyma, viljandi eður ei, hversu agaleg unglingsárin geta verið. Hvað segir það um samfélag okkar að þekktasta ástarsaga hins vestræna heims sé saga af tveimur ofurástföngnum unglingum sem allir svíkja? Hver kynslóð á að mæta klassíkinni alveg upp á nýtt, endurspegla sig í henni og endurmeta. En nálgunin í sviðsetningu verður að vera heildstæð til að skila harmleiknum í heimahöfn og þrátt fyrir sterkan leikhóp nær ferðalagið ekki alla leið. Halastjörnurnar tvær skella á endanum ekki saman heldur fjara út. ■

NIÐURSTAÐA: Fagurfræðileg ringulreið þar sem Rómeó og Júlía skína en þarfnast sterkari leikgerðar.

9líf
Bubbi Morthens
Söngleikur
Hlátur, grátur
og gæsahúð
★★★★★
Í þessum fimm stjörnu stórsöngleik leggja leikarar, dansarar og tónlistarmenn allt í sölurnar við leitina að Bubbanum í okkur öllum. Tryggðu þér miða á ógleymanlega upplifun – yfir 18.000 miðar seldir!
borgarleikhus.is
Miðasala: 568 8000

Það er nóg til

Alþýðusamband Íslands hefur sett fram áherslur vegna þingkosninga 2021. Af því tilefni kynnir ASÍ röð þátta í hlaðvarpi þar sem starfsmenn samtakanna ræða málin við einstaklinga með innsýn í málefnin og stöðuna í stjórnmálunum.

NÝR ÞÁTTUR

Atvinna, afkoma og byggðir

Róbert Farestveit, sviðsstjóri og hagfræðingur hjá ASÍ ræðir við **Arnar G. Hjaltalín,** formann Drífanda, stéttarfélags í Vestmannaeyjum.

Þessir þættir eru þegar komnir á netið:

Menntamál

Eyrún Björk Valsdóttir sviðsstjóri hjá ASÍ ræðir við **Ingibjörgu Elsu Guðmundsdóttur,** fyrrverandi framkvæmdastjóra Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Húsnæðismál

Magnús M. Norðdahl, sviðsstjóri og lögfræðingur hjá ASÍ ræðir við **Eygló Harðardóttur,** fyrrverandi félagsmálaráðherra.

Ójöfnuður á Íslandi

Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur hjá ASÍ ræðir við **Stefán Ólafsson** sérfræðing hjá Eflingu um ójöfnuð.

Heilbrigðismál

Drífa Snædal, forseti ASÍ ræðir við **Ögmund Jónasson** fyrrverandi heilbrigðisráðherra um heilbrigðismálin.

Þættina má nálgast hér:
https://www.asi.is/thad-er-nog-til/hladvarp/
eða með að skanna QR kóðann.

Fylgstu með – fleiri þættir væntanlegir.

Laugardagur

Hringbraut

18.00 433.is (e) er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
18.30 Sir Arnar Gauti (e) Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
19.00 Á Meistaravöllum Gamlir og nýir KR-ingar láta gamminn geysa um félagið sitt.
19.30 Heima er bezt (e) er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
20.00 Saga og samfélag (e) er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi.

RÚV Sjónvarp

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Sögur snjómannsins
07.24 Tulipop
07.27 Poppý kisukló
07.38 Lundaklettur
07.45 Tölukubbar
07.50 Kalli og Lóa
08.01 Millý spyr
08.08 Unnar og vinur
08.31 Stuðboltarnir
08.42 Hvolpasveitin
09.04 Grettir
09.17 Nellý og Nóra
09.25 Stundin okkar
09.45 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins
10.00 Kappsmál
11.00 Vikan með Gísla Marteini
11.50 Taka tvö Hilmar Oddsson.
12.35 Jethro Tull. Thick as a Brick
14.30 Risinn rumskar. Bárðarbunga
14.55 Innlit til arkitekta
15.25 Stríðsárin á Íslandi
16.35 Harpa - Úr draumi í veruleika
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Ósagða sagan
18.29 Lars uppvakningur
18.45 Landakort Fálkarannsóknir.
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Fjölskyldubíó. Hundahótel. Hotel for Dogs Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna frá 2007. Systkinin Andi og Bruce eru miklir hundavinir en það er stranglega bannað að halda hunda heima hjá þeim. Þegar þau finna yfirgefið hótel ákveða þau að safna saman öllum flækingshundum borgarinnar og breyta hótelinu í hundaparadís.
21.25 LBJ Lyndon B. Johnson Ævisöguleg kvikmynd frá 2016 um Lyndon B. Johnson, sem var varaforseti Bandaríkjanna þegar John F. Kennedy forseti var skotinn til bana í nóvember 1963. Tók Johnson við forsetaembættinu á röstusömum tímum.
23.00 Makbeð. Macbeth
00.50 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

10.05 Golfarinn 3
10.30 Countdown to the Ryder Cup 2021
11.00 European Tour Bein útsending frá Dutch Open.
15.30 PGA Profiles. How I Won
15.35 Golf with a Purpose Charity Challenge
18.00 Champions Tour Highlights
19.00 LPGA Tour Bein útsending frá Cambia Portland Classic.
22.00 PGA Tour Bein útsending frá Fortinet Championship.

Sjónvarp Símans

08.30 Dr. Phil
09.15 Dr. Phil
10.00 Life in Pieces
10.25 Man with a Plan
10.50 Will and Grace
11.15 The Block
12.20 Carol's Second Act
12.45 Happy Together (2018) Bandarísk gamanþáttaröð um ung hjón sem lifa frekar tilbreytingarlausu lífi þar til fræg poppstjarna flytur inn á heimili þeirra.
13.30 Liverpool - Crystal Palace Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.40 Zoey's Extraordinary Playlist
18.25 Með Loga
19.05 The Block
20.10 The Terminal
22.15 Are You Here
00.10 Patriots Day
02.20 One for the Money Stephanie Plum verður fyrir því óláni að missa vinnuna en deyr ekki ráðalaus frekar en fyrri daginn.
03.50 Síminn + Spotify

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar Einsöngvarakvartettinn.
08.00 Morgunfréttir
08.05 Heföarkettir og ræsisrottur Dýrlingar í París.
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Tölvufíkn
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 X21
13.25 Kynstrin öll
14.05 Útvarpsleikhúsið. Með tík á heiði
14.35 Neðanmáls
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Börn tímans
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar McCoy Tyner, Benny Carter og Donald Byrd.
20.40 Undarlegt ferðalag
21.15 Bók vikunnar Átta fjöll.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Litla flugan Svavar Lárusson, Tónakvartettinn frá Húsavík, sextett Ólafs Gauks.
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

10.15 Charlie and the Chocolate Factory
12.10 Uncle Drew
13.50 The Lost Husband
15.35 Charlie and the Chocolate Factory
17.30 Uncle Drew
19.10 The Lost Husband
21.00 Under the Silver Lake Spennandi glæpamynd og ráðgáta frá 2018.
23.15 Neighbors 2. Sorority Rising
00.45 Backdraft 2
02.25 Under the Silver Lake

Stöð 2

08.00 Laugardagssögur
08.01 Sögur af svöngum björnum
08.05 Örstutt ævintýri
08.10 Ég er kynlegt kvikyndi
08.13 Örstutt ævintýri
08.15 Greinda Brenda
08.18 Börn sem bjarga heiminum
08.20 Vanda og geimveran
08.30 Monsurnar
08.40 Ruddalegar rímur
09.10 Ella Bella, Bingó
09.20 Leikfélag Esóps
09.30 Tappi mús
09.35 Latibær
09.45 Víkingurinn Viggó
10.00 Angelo ræður
10.05 Mía og ég
10.30 K3
10.40 Mörgæsirnar
11.05 Denver, síðasta risaeðlan
11.20 Angry Birds, Stella
11.25 Hunter Street
11.45 Friends
12.10 Bold and the Beautiful
13.35 Bold and the Beautiful
13.55 Friends
14.20 10 Years Younger in 10 Days
15.05 Gulli byggir
15.55 Jamie's Easy Meals for Every Day
17.15 The Masked Dancer
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.55 Kviss
19.35 Ireland's Got Talent
20.30 Pitch Perfect 2
22.25 The Gentlemen Sprenghlægileg spennu- og glæpamynd frá 2019 með stórskoðaliði leikara.
00.15 Replicas Hörkuspennandi vísindaskáldskapur frá 2019 með Keanu Reeves í aðalhlutverki.
02.00 Don't Go
03.30 Hunter Street Max, nýjasti meðlimur Hunter fjölskylduunnar, þarf að taka höndum saman með systkinum sínum Aniku, Sal, Tess og Daníel til að finna fósturforeldra sína eftir að þau hverfa á dularfullan hátt.
03.50 Friends
04.15 Friends

Stöð 2 Sport

07.35 Selfoss - FH Útsending frá leik í Olísdeild karla.
09.05 Seinni bylgjan - karla
10.20 3. úrslitaleikur. Keflavík - Þór. Þ Í Domino's deild karla.
11.50 4. úrslitaleikur. Þór Þ. - Keflavík
13.50 KA/Þór - ÍBV Bein útsending frá leik í Olísdeild kvenna.
15.30 Selfoss - FH
16.55 Seinni bylgjan - karla
18.10 Fylkir - Víkingur R. Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
19.50 2. úrslitaleikur. Haukar - Valur Í Domino's deild kvenna.
21.15 3. úrslitaleikur. Valur - Haukar
22.45 KA/Þór - ÍBV

Stöð 2 Sport 2

07.55 Birmingham - Derby
09.40 Nottingham Forest - Cardiff
11.25 Hull - Sheffield United Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
13.30 Tampa Bay Buccaneers - Dallas Cowboys
16.00 Chelsea - Zenit
17.40 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys
18.35 Sevilla - Salzburg
20.15 Barcelona - Bayern
21.55 Randers - AZ Alkmaar
23.35 Hull - Sheffield United

DAGSKRÁ

Sunnudagur

Hringbraut

18.30 **Mannamál (e)** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi.
19.00 **Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
19.30 **30 Pólitík með Páli Magnússyni (e)** Páll Magnússon fær til sín góða gesti.
20.00 **Herrahornið (e)**
20.30 **Kjör aldraðra** Dregin upp raunsönn mynd af kjörum þessa sívaxandi þjóðfélagshóps með aðstoð sérfræðinga og formanna í hagsmunahópum.

RÚV Sjónvarp

07.15 **KrakkaRÚV**
07.16 **Refurinn Pablo**
07.21 **Kúlugúbbarnir**
07.44 **Poppý kisukló**
07.55 **Kátur e**
08.07 **Stuðboltarnir**
08.18 **Konráð og Baldur**
08.31 **Hvolpasveitin - Ofurhvolpar fullhlaðnir. Hvolpar gegn hermikráku**
08.54 **Skotti og Fló**
09.01 **Úmísúmí**
09.24 **Múmínálfarnir**
09.46 **Eldhugar**
09.50 **Sammi brunavörður**
10.00 **Vísindahorn Ævars- Salt í vatnskassa**
10.10 **Fjörskyldan**
10.50 **Reikistjörnurnar í hnotskurn**
11.00 **Silfrið**
12.10 **Sjö heimar, einn hnöttur - Ástralía**
13.00 **Auðhyggjan alltumlykjandi - Vinna**
13.45 **Beethoven-veisla** Heimsending frá Sinfóníuhljómsveit Íslands.
14.50 **Gettu betur - Stjörnustríð**
16.05 **Aldamótaböndin**
17.05 **Gyrðir**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Stundin okkar**
18.25 **Menningin - samantekt**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.35 **Veður**
19.45 **Landinn**
20.15 **Góði hirðirinn**
21.05 **Fjölskyldubönd Mother Father Son**
22.00 **Börn** Íslensk kvikmynd frá 2006 í leikstjórn Ragnars Bragasonar.
23.35 **Ófærð**
00.20 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

09.55 **PGA Special. 25 Years of Tiger**
10.40 **PGA Tour Profiles**
11.00 **European Tour** Bein útsending frá Dutch Open.
15.30 **LPGA Tour** Útsending frá LPGA Mediheal.
18.30 **Countdown to the Ryder Cup 2021**
19.00 **LPGA Tour** Bein útsending frá Cambia Portland Classic.
22.00 **PGA Tour 2021** Bein útsending frá Fortinet Championship.

Sjónvarp Símans

08.30 **Dr. Phil**
09.15 **Dr. Phil**
10.00 **Dr. Phil**
10.45 **Bachelor in Paradise**
12.15 **The Kids Are Alright**
12.40 **The Block**
13.45 **The Biggest Loser**
15.10 **Top Chef**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.55 **Ást**
18.25 **Með Loga**
19.05 **The Block**
20.10 **Best Home Cook** Skemmtilegir þættir þar sem tíu ástríðukokkar mæta til leiks og fá tækifæri að sanna hæfni sína í eldhúsinu.
21.10 **The Equalizer**
22.00 **Billions**
22.50 **The Handmaid's Tale**
23.35 **The Walking Dead**
00.20 **New Amsterdam**
01.05 **How to Get Away with Murder**
01.50 **The Rookie**
02.35 **Seal Team**
03.20 **Snowfall**
04.05 **Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

06.55 **Morgunbæn og orð dagsins**
07.00 **Fréttir**
07.03 **Hringsól** Í Úganda
08.00 **Morgunfréttir**
08.05 **Á tónsviðinu**
09.00 **Fréttir**
09.03 **Svona er þetta**
10.00 **Fréttir**
10.05 **Veðurfregnir**
10.15 **Bók vikunnar** Fegurð er sár.
11.00 **Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju**
12.00 **Hádegisútvarp**
12.20 **Hádegisfréttir**
13.00 **Sögur af landi**
14.00 **Víðsjá**
15.00 **Lestin**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Úr tónlistarlífinu. Sönghátíð í Hafnarborg II**
17.25 **Orð af orði** Notkun handbóka
18.00 **Kvöldfréttir**
18.10 **Tölvufíkn**
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Óskastundin**
19.40 **Heiðarkettir og ræsisrottur** Dýrlingar í París.
20.30 **Kynstrin öll**
21.20 **Nóvember '21** Leikið á lófum.
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Á reki með KK**
23.10 **Frjálsar hendur**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

11.10 **Lego DC. Batman - Family Matters**
12.30 **Mamma Mia**
14.15 **Official Secrets**
16.05 **Lego DC. Batman - Family Matters**
17.20 **Mamma Mia**
19.10 **Official Secrets**
21.00 **Robin Hood**
22.50 **Colette**
00.40 **The Last Black Man in San Francisco**
02.40 **Robin Hood**

Stöð 2

07.30 **Fyrsta blikið**
08.00 **Uppskriftir fyrir svanga birni**
08.02 **Laugardagsklúbburinn**
08.05 **Rita og krókódíll**
08.10 **Regnbogasögur**
08.13 **Ég er fiskur**
08.15 **Örstutt ævintýri**
08.17 **Veira vertu blessuð**
08.18 **Ást er ást**
08.20 **Litli Malabar**
08.25 **Blíða og Blær**
08.45 **Monsurnar**
08.55 **Ruddalegar rímur**
09.25 **Tappi mús**
09.35 **Adda klóka**
09.55 **Angelo ræður**
10.05 **It's Pony**
10.25 **K3**
10.35 **Angry Birds Toons**
10.40 **Mörgæsirnar**
11.00 **Ævintýri Tinna**
11.25 **Friends**
11.50 **Top 20 Funniest**
12.30 **Nágrannar**
12.50 **Nágrannar**
13.15 **Nágrannar**
14.20 **Supernanny US**
15.05 **Bump**
15.40 **Kviss**
16.25 **Draumaheimilið**
16.45 **Ireland's Got Talent**
16.50 **Ireland's Got Talent**
17.40 **60 Minutes**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.40 **Sportpakkinn**
18.50 **Ísland í dag**
19.00 **Gulli byggir**
19.45 **DNA Family Secrets**
20.45 **The Heart Guy**
21.35 **Dr. Death**
22.20 **Animal Kingdom**
23.15 **Æði**
23.40 **Delilah**
00.15 **Room 104**
00.40 **Room 104**
01.05 **Room 104**
01.30 **Friends**
01.50 **Top 20 Funniest**
02.30 **Supernanny US**
03.15 **Bump**

Stöð 2 Sport

07.00 **ÍA - Leiknir R.** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
08.40 **Breiðablik - Valur**
10.20 **Stjarnan - FH**
12.05 **Valur - Selfoss** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild kvenna.
13.50 **FH - Breiðablik** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
16.20 **KR - Víkingur R.** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
18.30 **Pepsi Max Upphitun**
19.05 **Valur - KA** Bein útsending.
21.15 **Pepsi Max Stúkan**
22.20 **FH - Breiðablik**
00.00 **KR - Víkingur R.**

Stöð 2 Sport 2

07.45 **Tampa Bay Buccaneers - Dallas Cowboys**
10.15 **Buffalo Bills - Pittsburgh Steelers**
12.45 **Kansas City Chiefs - Cleveland Browns**
15.15 **Hull - Sheffield United**
17.00 **NY Jets - New England Patriots** Bein útsending frá leik í NFL.
20.25 **LA Chargers - Dallas Cowboys** Bein útsending frá leik í NFL.

Mánudagur

Hringbraut

18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 **Atvinnulífið (e)** Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra.
19.30 **Heima er bezt**
20.00 **Lengjudeildarmörkin** Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild.
20.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 **Heimaleikfimi**
11.10 **Verksmiðjan**
11.35 **Fólkið í landinu** Raimund Brockmeyer-Urbschat
12.00 **Spaugstofan 2009-2010**
12.25 **Grænir fingur 1989-1990**
12.40 **Stúdíó A**
13.10 **Ævi** Ævilok
13.40 **Nautnir norðursins** Noregur - fyrri hluti
14.10 **Orðbragð**
14.40 **Unglingsskepnan**
15.10 **Veröld sem var** Bara húsmóðir.
15.40 **Tónahlaup** Lay Low og Grunnskólinn í Þorlákshöfn.
16.15 **Símamyndasmiðir**
16.45 **Silfrið**
17.50 **Táknmálsfréttir**
18.00 **KrakkaRÚV**
18.01 **Litli Malabar**
18.05 **Loðmundur**
18.12 **Poppý kisukló**
18.23 **Skotti og Fló k**
18.30 **Lestrarhvutti**
18.37 **Nellý og Nóra**
18.45 **Krakkafréttir**
18.50 **Lag dagsins**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veður**
19.35 **Kastljós**
19.50 **Menningin**
20.00 **Alþingiskosningar 2021. Forystusætið Sósíalistaflokkurinn**
20.30 **Já eða nei**
20.40 **Leyndardómar húðarinnar Secrets of Skin**
21.10 **Leit að morðingja Jakten på en mördare**
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veður**
22.20 **Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Sósíalistaflokkurinn**
22.25 **Alþingiskosningar 2021. Kynning á framboði Miðflokkurinn**
22.30 **Saga hryllingsmynda - Drápsverur**
23.15 **Ófærð**
00.05 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

10.00 **Golfarinn 3**
10.25 **PGA Tour** Útsending frá Fortinet Championship.
13.25 **PGA Tour**
16.25 **PGA Tour**
19.25 **PGA Highlights**
20.20 **PGA Tour 2021** Útsending frá Fortinet Championship.
23.20 **Legends Tour- Highlights**

Sjónvarp Símans

12.30 **Dr. Phil**
13.15 **The Late Late Show**
14.00 **The Block**
15.05 **A Million Little Things**
15.50 **The Neighborhood**
16.50 **The King of Queens**
17.10 **Everybody Loves Raymond**
17.35 **Dr. Phil**
18.20 **The Late Late Show**
19.05 **The Block**
20.10 **Top Chef**
21.00 **The Rookie**
21.50 **Clarice**
22.35 **Snowfall**
23.20 **The Late Late Show**
00.05 **New Amsterdam**
00.50 **How to Get Away with Murder**
01.35 **Bull**
02.20 **The Stand (2020)**
03.05 **The Chi**

RÚV Rás eitt

06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 **Morgunvaktin**
07.00 **Fréttir**
07.30 **Fréttayfirlit**
08.00 **Morgunfréttir**
08.30 **Fréttayfirlit**
09.00 **Fréttir**
09.05 **Segðu mér**
09.45 **Morgunleikfimi**
10.00 **Fréttir**
10.03 **Veðurfregnir**
10.13 **Flugur** Danslagakeppni SKT.
11.00 **Fréttir**
11.03 **Mannlegi þátturinn**
12.00 **Fréttir**
12.03 **Hádegið Fyrri og seinni hluti**
12.20 **Hádegisfréttir**
12.42 **Hádegið**
13.00 **Dánarfregnir**
13.02 **Samfélagið**
14.00 **Fréttir**
14.03 **HringsóLÍ Úganda**
15.00 **Fréttir**
15.03 **Orð um bækur**
16.00 **Síðdegisfréttir**
16.05 **Víðsjá**
17.00 **Fréttir**
17.03 **Lestin**
18.00 **Spegillinn**
18.30 **Krakkakiljan** Bækurnar um Sólu.
18.50 **Veðurfregnir**
18.53 **Dánarfregnir**
19.00 **Endurómur úr Evrópu**
20.35 **Mannlegi þátturinn**
21.40 **Kvöldsagan. Í verum** (1 af 27)
22.00 **Fréttir**
22.05 **Veðurfregnir**
22.10 **Samfélagið**
23.05 **Lestin**
00.00 **Fréttir**
00.05 **Næturútvarp Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

10.40 **Justice League Dark. Apokolips War**
12.10 **Poms**
13.40 **Little Women**
15.50 **Justice League Dark. Apokolips War**
17.15 **Poms**
18.45 **Little Women**
21.00 **Birds of Prey** Spennumynd frá 2020 með Margot Robbie og fleiri stórgóðum leikurum.
22.45 **The Photograph**
00.30 **Mary** Gary Oldman og Emily Mortimer fara með aðalhlutverkin í þessari mögnuðu hrollvekju.
01.50 **Birds of Prey**

Stöð 2

07.55 **Heimsókn**
08.15 **The Mentalist**
09.05 **Bold and the Beautiful**
09.25 **Grey's Anatomy**
10.05 **Landnemarnir**
10.40 **Grand Designs. Australia**
11.30 **Love in the Wild**
12.10 **Last Man Standing**
12.35 **Neighbours**
12.55 **The Office**
13.15 **Spegill spegill**
13.45 **Friends**
14.10 **Matarboð með Evu**
14.40 **The Dog House**
15.30 **The Goldbergs**
15.50 **First Dates**
16.40 **Hell's Kitchen**
17.35 **Bold and the Beautiful**
18.00 **Neighbours**
18.26 **Veður**
18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
18.50 **Sportpakkinn**
18.55 **Ísland í dag**
19.10 **Draumaheimilið** Draumaheimilið er sjónvarpsþáttur þar sem fylgst er með Íslendingum í fasteignahugleiðingum taka eina af stærstu ákvörðunum lífsins, hvaða eign skal kaupa.
19.40 **Jamie's Easy Meals for Every Day**
20.00 **Home Economics**
20.30 **Moonshine**
21.15 **Wentworth**
22.05 **Delilah**
22.50 **60 Minutes**
23.35 **Next**
00.20 **The Murders**
01.00 **Krypton**
01.45 **S.W.A.T.**
02.25 **S.W.A.T.**
03.05 **The Mentalist**
03.45 **Grey's Anatomy**
04.25 **Love in the Wild**

Stöð 2 Sport

07.00 **Pepsi Max Stúkan**
08.00 **KR - Víkingur R.** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
09.40 **Valur - KA**
11.20 **ÍR - ÍA** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
13.00 **Fylkir - Víkingur R.**
14.40 **Fram - Stjarnan** Útsending frá leik í Olísdeild kvenna.
16.00 **FH - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
17.40 **Pepsi Max Stúkan**
18.45 **Pepsi Max Upphitun**
19.05 **HK - Stjarnan** Bein útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
21.15 **Pepsi Max Stúkan**
21.35 **KR - Víkingur R.**
23.15 **Valur - KA**

Stöð 2 Sport 2

08.55 **Liverpool - AC Milan**
10.35 **Roma - CSKA Sofia**
12.15 **Manchester City - Leipzig**
13.55 **Atletico Madrid - Porto**
15.35 **Football League Show**
16.00 **LA Chargers - Dallas Cowboys**
18.30 **Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar**
18.55 **NY Jets - New England Patriots**
21.25 **Midtjylland - Ludogorets**
23.05 **Rangers - Lyon**

Leikhús er auðvitað lifandi form

Steingerður Sonja Þórisdóttir
steingerdur
@frettabladid.is

Í kvöld verður sketsasýningin Kanarí frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum. Samnefndur leikhópur stendur að baki sýningunni en henni er leikstýrt af Guðmundi Felixsyni.

Leikhópurinn Kanarí setur upp sketsasýningu undir sama nafni sem verður frumsýnd í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. Meðlimir leikhópsins hafa þekkst mislengi en hann skipa þau Steiney Skúladóttir, Pálmi Freyr Hauksson, Máni Arnarsson, Eygló Hilmarsdóttir og Guðmundur Felixson, en sá síðastnefndi leikstýrir einnig verkinu.

„Mæður okkar Steineyjar eru bestu vinkonur svo við kynntumst þegar við vorum litlar. Svo vorum við Steiney og Gummi saman í Herranæturstjórn í MR og þar byrjaði okkar leiklistarsamstarf. Síðan kynnumst við öll að lokum í spunanum," segir Eygló.

„Já, við hin höfum öll verið í sýningahóp Improv Ísland í nokkur ár. Þar höfum við sýnt spunasýningar og þjálfað grín-vöðvann. Spunasenur eru í raun eins og sketsar sem eru búnir til á staðnum. Við vinnum með rosa svipaða hugmyndafræði í spunasenum og í sketsaskrifum," segir Guðmundur.

„Ég man einmitt að eitt það fyrsta sem Gummi sagði við mig á fyrstu spunaæfingunni okkar var: „Ég held að Pálmi sé húmorslaus." Ég og Gummi vorum báðir vandræðalegir og ungir menn," bætir Pálmi við.

Spuni gott verkfæri í lífinu

En hvernig varð leikhópurinn Kanarí til?

„Spuni er nátengdur sketsaforminu, flestir grínistar úti í heimi í dag sem eru að skrifa sketsa, til dæmis Key & Peele og SNL, byrjuðu í spuna. Þannig að okkur sem höfðum verið lengi í spuna langaði að stofna sketsahóp. Guðmundur Einar var að vinna sem framleiðandi á RÚV núll og hóaði saman þessum hóp til að skrifa og leika nokkra sketsa," útskýrir Guðmundur.

Eygló segir að það sem maður læri í spuna eigi rosalega vel við í lífinu almennt.

„Að hlusta, segja já við hugmyndum og bæta þær og styðja hvert annað. Þetta eru rosa góðar grunnreglur í samstarfi, hvort sem maður er að búa til leikhús eða gera eitthvað allt annað. Við erum líka með ólíka styrkleika og komum öll með eitthvað að borðinu sem skiptir máli. Máni er til dæmis mjög handlaginn, hann föndraði sitt eigið „props", flugdreka, sem sparaði okkur að minnsta kosti 2.000 krónur, eða hvað kosta flugdrekar í dag? Það telur allt saman."

„Já, Máni er sko verkfræðingur og hann var lengi með þá hugmynd að búa til alvöru vélmenni til að vera í sýningunni. Tókst honum það? Tja, fólk þarf bara að koma á sýninguna til að fá svarið við því," segir Guðmundur.

Eins og fram hefur komið byrjaði þetta allt þegar Guðmundur Einar safnaði saman þessum hópi fyrir RÚV núll.

„Við vorum svo að vinna saman allan síðasta vetur að sýningunni og sjónvarpsseríu sem átti að koma út á RÚV í byrjun árs 2021. Þetta átti að vera Kanarí-veturinn mikli en svo frestaðist allt út af Covid. Við erum búin að liggja á þessari sjónvarpsseríu og þessu leikriti núna í nokkra mánuði án þess að ná að sýna neitt. En nú loksins getum við sýnt sýninguna og sjónvarpsserían ætti að koma út í byrjun næsta árs," segir Pálmi.

„Covid er náttúrulega búið að vera óbærilegt fyrir sviðslistafólk, en núna erum við að springa úr spenningi yfir að geta loksins troðfyllt Þjóðleikhúskjallarann af grínþyrstum áhorfendum. Og við lofum að það er enginn skets sem tengist Covid," bætir Guðmundur við.

Styðjast við handrit

Sýningin samanstendur af stuttum sögum.

Er þetta að einhverju leyti spuni eða eru sögurnar nokkuð fullmótaðar?

„Sýningin er ekkert spunnin, við styðjumst við handrit sem breytist lítið sem ekkert kvöld eftir kvöld. Það er svolítið undarlegt fyrir okkur, verandi spunaleikarar sem erum vön því að sýna nýja sýningu kvöld eftir kvöld," segir Guðmundur.

Pálmi Freyr, Steiney, Máni, Guðmundur og Eygló skipa leikhópinn Kanarí.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Mikið af ferlinu er að lesa upphátt efni sem manni finnst fyndið en svo hlær enginn. Það er hræðileg tilfinning.**
>
> Pálmi

„En ekkert undarlegt fyrir mig þar sem ég er jú klassískt menntuð leikkona," bætir Eygló við.

„Já, það gleymist oft í umræðunni að Eygló er alvöru leikkona með BA-gráðu. Við hin erum hins vegar bara spunaleikarar. Við Pálmi erum reyndar líka sviðshöfundar," segir Guðmundur.

„Þess vegna reyni ég bara að fylgjast með Eygló og apa upp eftir henni," segir Pálmi.

„En leikhús er auðvitað lifandi form, þó að sýningin sé fyrir fram skrifuð þá er ekki hægt að gera allt nákvæmlega eins alltaf. Það getur alltaf eitthvað farið úrskeiðis og sýningar geta verið mjög ólíkar eftir viðbrögðum áhorfenda. Það er það sem er svo spennandi í leikhúsinu," segir Eygló.

„Svo er reyndar einn skets í sýningunni þar sem Pálmi fær fullt frelsi til að breyta kvöld frá kvöldi. Að margra mati er það besti sketsinn í sýningunni," segir Guðmundur.

Áhrifavaldar og tilhugalíf

Hvernig gengur sketsasýning fyrir sig?

„Sketsar eru form sem Íslendingar ættu að þekkja vel úr sjónvarpsþáttum eins og Spaugstofunni, Fóstbræðrum, Stelpunum og Steindanum okkar. En það sem er flókið við að gera sketsasýningu er að það þarf stöðugt að vera að breyta sviðinu, skipta um persónur og flakka á milli heima, þetta þarf allt að gerast innan þess ramma sem leikhúsið er. Ef enginn hlær þá vitum við að okkur hefur mistekist. Það er þetta stefnumót við áhorfendur sem er kannski stærsti munurinn á þessu," segir Eygló.

„Það hefur ekki verið mikið um sketsasýningar í íslensku leikhúsi. Veisla í Borgarleikhúsinu er eina dæmið sem manni dettur í hug svona á síðustu árum. Einu sinni var algengt að setja upp svokallaðar revíur í íslensku leikhúsi en munurinn á okkar sketsasýningu og revíuforminu er sá að í revíum er gert grín að málefnum líðandi stundar, þar tíðkast til dæmis að gera grín að stjórnmálamönnum og herma eftir þeim. Við gerum ekkert slíkt og leggjum mikið upp úr því að sketsarnir okkar séu nokkuð tímalausir," bætir Guðmundur við.

Guðmundur segir flestar persónurnar í verkinu byggðar á einhverju sem þeim sjálfum finnst fyndið úr þeirra samtíma.

„Það er til dæmis skets um áhrifavalda og tilhugalíf, og einn karakterinn er heilinn hans Mána persónugerður. Oftast dettur manni eitthvað fyndið í hug út frá sinni persónulegu upplifun. Þannig að þó svo að sýningin fjalli alls ekki um okkur þá eru margar af persónunum byggðar á okkur eða okkar upplifun."

Pálmi segir þau stundum notast við spuna til að búa til hugmyndir eða persónur sem þeim detta í hug.

„Svo förum við oftast hvert í sitt horn og skrifum upp skets. Síðan um hádegisbilið lesum við oftast öll upp sketsana okkar og ræðum þá. Markmiðið var oft að geta notað sirka einn þriðja af efninu sem var skrifað. Skrifa bara ótrúlega mikið af efni og svo nota aðeins það besta. Allir sketsarnir þurfa að komast í gegnum mjög margar síur af skrifum, nótum, endurskrifum aftur og aftur, áður en þeir fóru út á gólf. Þetta er smá eins og Survivor nema í staðinn fyrir keppendur eru þetta sketsar og á endanum standa aðeins þeir bestu eftir. Þessu ferli fylgir gríðarlega mikil höfnun því mest af efninu er ekki notað. Mikið af ferlinu er að lesa upphátt upp efni sem manni finnst fyndið en svo hlær enginn. Það er hræðileg tilfinning."

„Maður er kannski mjög hrifinn af skets sem maður skrifaði en ef hann fellur ekki í góðan jarðveg hjá hópnum, þarf maður bara annaðhvort að endurskrifa hann eða henda honum. Svo þegar við erum komin með handrit og út á gólf tek ég yfir sem leikstjóri," segir Guðmundur. ■

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

2021
2022

LITLI TÓN-SPROTINN

Tryggðu þér áskrift að fernum tónleikum fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistar-unnendurnir kynnast töfrum hljómsveitarinnar. Kortasala er á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

LAU **25|09** KL. **14:00**

UNDUR JARÐAR MEÐ STJÖRNU-SÆVARI



Ferðalag undir leiðsögn **Stjörnu-Sævars** þar sem undur veraldar eru meginstefið í tali, tónum og myndum. Tónlist m.a. eftir **John Williams, Richard Strauss, W.A. Mozart** og **Jón Leifs.**

LAU **11|12** & SUN **12|12**
KL. **14:00** & **16:00**

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Sívinsælir jólatónleikar Sinfóníu-hljómsveitar Íslands eru sannkölluð hátíð fyrir alla fjölskylduna. Eftirlætis jólatónlist allra, meðal annars **Yfir fannhvíta jörð**, **Hin fyrstu jól** og **Gilsbakkaþula.** Fjöldi gesta kemur fram með hljómsveitinni á þessum tónleikum.

LAU **12|02** KL. **14:00**

ÆVINTÝRIÐ UM TÖFRA-FLAUTUNA

Töfraflautan eftir **Mozart** er ein dáðasta ópera sögunnar og sannkallaður ævintýraheimur fyrir unga sem aldna og er hér flutt í styttri útgáfu. Einsöngvarar eru Eyrún Unnarsdóttir, Sveinn Dúa Hjörleifsson, Oddur Arnþór Jónsson, Harpa Ósk Björns-dóttir og Bryndís Guðjónsdóttir. Sögumaður er Þórunn Arna Kristjánsdóttir.

LAU **30|04** KL. **14:00**

SKILABOÐA-SKJÓÐAN

Við bregðum okkur inn í Ævintýraskóginn í fylgd frábærra leikara og söngvara sem leysa frá skjóðunni og gæða persónur skógarins lífi. Hér hljómar tónlist **Jóhanns G. Jóhannssonar** úr leikritinu Skilaboðaskjóðan eftir **Þorvald Þorsteinsson.**

KONTOR REYKJAVÍK

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

Lífið í vikunni 12.09.21 18.09.21

Byggð og hryggð

Borgarleikhúsið frumsýndi þéttingu hryggðar eftir Dóra DNA. Niðurstaða hans, eftir lestur skítakommenta á netinu og arkitektabóka, er að kjarni mennskunnar liggur í þéttingu hryggðar sem fæst með umdeildri þéttingu byggðar.

Pabbi, pomp og prakt

Mæðgurnar Heiða B. Heiðars og Brynja Dögg Heiðudóttir selja skipulagsvörur á vefversluninni pompogprakt.is sem þær opnuðu hálfum mánuði á eftir áætlun þar sem Heiða fann í millitíðinni föður sinn sem hún hafði leitað í 37 ár.

Bjórþorsti í Vogunum

Benedikt og Samúel opnuðu smábrugghúsið Drengsson Brewery á þeim 60 fermetrum sem hýsa Bumbuborgara í Vogunum þar sem þeir vanmátu bjórþorsta sveitunga sinna sem kláruðu fyrstu 40 lítra lögnina opnunarhelgina.

Snjóbardagi Sigmundar

Söfnunarárátta Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar fékk ævintýralegan blæ þegar hann afhjúpaði Star Wars-dótið sitt þar sem hæst ber ferfættan AT-AT skriðdreka sem keisaraveldið tefldi fram í orrustu á ísplánetunni Hoth.

Ingi byrjaði fyrst að gera tónlist fyrir alvöru eftir að hafa endurhljóðblandað lag herra Hnetusmjörs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Pétur Jóhann og OnlyFans stjarna á nýrri plötu Inga

Ingi Bauer gefur út nýja plötu, Bau Air, hægt og rólega yfir næstu vikurnar. Í gær kom út lagið Góðir farþegar sem hann gerði með með leikaranum Pétri Jóhanni.

steingerdur@frettabladid.is

Tónlistarmaðurinn Ingi Bauer byrjaði í tónlistinni fyrir mörgum árum en segist þó ekki hafa gert það af alvöru fyrr en Herra Hnetusmjör, Árni Páll Árnason, leyfði honum að endurhljóðblanda eitt laga sinna.

„Ég bjó í Los Angeles með fyrrverandi kærustunni minni á þessum tíma og pældi mikið í hvaða stefnu mig langaði að taka í tónlist. Hústónlist var mjög vinsæl úti í LA og ég og Lárus félagi minn hlustuðum eiginlega bara á svoleiðis tónlist svo það var eiginlega bara borðleggjandi að ég myndi gefa út hústónlist á íslensku," segir Ingi.

Alvöru partíplata

Platan heitir Bau Air sem er tilvísun í Bauer-nafnið, enda hljómar það eins.

„Frá því ég var yngri hef ég alltaf haft gríðarlegan áhuga á flugi og ætlaði alltaf að vera flugmaður eins og afi minn Björn Thoroddsen. Mér fannst svo fyndið að „konseptið" á plötunni væri að ég tæki fólk í alvöru partíflugferð með lögunum," segir hann.

Inga langaði að gera eitthvað öðruvísi þegar kom að plötuútgáfunni.

„Í staðinn fyrir að hún komi öll út í einu ákvað ég að gefa út eitt lag í einu, svo það koma lög út næstu fimm föstudaga og fylla upp í plötuna."

Platan er að sögn Inga alvöru partíplata.

„Mér finnst gaman að búa til „konsept"-lög og fjalla eiginlega öll lögin um eitthvað sem tengist djamminu. Það fyndna er að fólk tekur til dæmis lögin og textana miklu alvarlegar en ég geri, en ég er bara að hafa gaman og bulla."

Leikur flugmann

Segðu mér frá nýja laginu með Pétri Jóhanni?

„Ég, eins og örugglega 99 prósent af fólki á Íslandi, elska Pétur Jóhann og í einhverjum galsa spurði ég Pétur hvort hann væri til í að gera lag með mér. Hann var merkilega peppaður fyrir því svo við ákváðum að hittast og prófa. Úr því varð Góðir farþegar, þar sem Pétur leikur flugmann og ávarpar partíflugvélina. Við vorum fyrst með annað lag en ákváðum svo að hætta við að gefa það út, það var eiginlega of mikið grín," segir Ingi og hlær.

Síðar í mánuðinum gefur Ingi út lag með OnlyFans-stjörnunni Klöru Sif.

„Eins og greinilega gerist oft hjá mér þá vorum við Herra Hnetusmjör í góðum galsa. Þá fékk hann þá hugmynd að heyra í Klöru Sif og fá hana í lagið. Lagið er um OnlyFans-gellu sem græðir meira en flestir, svo ekki vera að „hata á hana". Þannig að það passaði vel að fá hana í lagið. Hún er ekki að syngja samt í laginu, heldur er þetta eiginlega nær því að vera rapp, fólk verður bara að hlusta á það."

Aldrei haldið tónleika

Ingi byrjaði að vinna að plötunni rétt fyrir Covid og ætlaði að gefa hana út síðasta sumar.

„En það var eiginlega ekki hægt. Það hefði eiginlega verið fáránlegt að gefa út alvöru partíplötu þegar allt er lokað. En ég er búinn að gera fullt af nýjum lögum á þessu ári, svo það var kannski bara gott að platan tafðist, hún varð miklu betri fyrir vikið."

Hann stefnir á að halda útgáfutónleika í október.

„Þetta verða öðruvísi tónleikar, með alveg nýju sniði. Svo fólk verður bara að bíða spennt, ég hef aldrei haldið tónleika áður."

Lagið Góðir farþegar er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

XM | **Miðflokkurinn er það eina sem breytir hlutunum fyrir löggæsluna!**

Lögreglan þarf tæki, mannskap og auknar heimildir til að rannsaka og stöðva glæpagengi.

BYKO

Skannaðu kóðann

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Nýtt blað á byko.is

Haustið er tími framkvæmda

Klárum verkið saman!

Auðvelt að versla á byko.is

Góð ráð fyrir bílþvottinn

1. Best er að skola fyrst vel öll óhreinindi, svo það sé ekki sandur eða önnur óhreinindi rispi ekki lakkið þegar byrjað er að svampa eða kústa.
2. Nota felguhreinsi og leyfa honum að liggja á.
3. Kvoða með sápunni og láta hana liggja í 1-2 mín og svampa svo.
4. Skola vel sápuna af og felguhreinsinn.
5. Hér er hægt að annað hvort þurrka vel (eða nota Úða & vörn frá SONAX)sem fer á blautan bílinn og skola vel á eftir.
6. Þurrka vel og bóna, ef ekki var notaður SONAX Úði & vörn, og berðu dekkjagljáa á dekkin.

Allar háþrýstidælur á 20% afslætti

1.

2.

1. Sonax Úði + vörn Xtreme 750ml Fljótleg og handhæg lakkvörn. Efninu er einfaldlega úðað á blautan bílinn eftir þvott og skolað af með vatni! Gefur góðan gljáa, hrindir frá sér vatni og veitir endingagóða vörn gegn óhreinindum. *20% afsláttur* - **2.236** kr. | Almennt verð: ~~2.795~~ kr. - vnr. 90503337 **2. Háþrýsidæla Universal AQT** - Mjög kraftmikil 140 Bar dæla frá Bosch sem hentar til ýmissa verka. Dælan er 2100W , 3 cylendra og afkastar 450 l/klst. Þessi dæla er 18 kg, og slangan er 5m sem kemur á Easy Roll áföstu kefli. *20% afsláttur* - **41.940** kr. | Almennt verð: ~~52.425~~ kr. - vnr. 74810246

FLEIRI TILBOÐ á byko.is

1.

2.

3.

Hvernig væri bara að leigja? **BYKO LEIGA**

1. Ryobi Greinatætari 2500W 240V mTveir stálhnífar rífa greinarnar niður. Tekur greinar allt að 45mm. 50ltr greinasafnari. Auðvelt að losa um ef tætari stíflast. *25% afsláttur* - **47.996** kr. | Almennt verð: ~~63.995~~ kr. - vnr. 7133002512. **2. Ryobi bensínkeðjusög PowerXT** Keðjusög með tvígengis bensín mótor og titringsvörn til að auka þægindi við notkun. Vélin er með 35 cm langt sagarblað og er 4,6 kíló. *25% afsláttur* - **39.746** kr. | Almennt verð: ~~52.995~~ kr. - vnr. 7133002386. **3. Ryobi Laufsuga/blásari 18V Turbo** Hámarksblástur 200km/h. 18V rafhlöðu, Axlaról fylgir með, þyngd með rafhlöðu 4,1 kg. 35 lítra poki. Rafhlaða fylgir ekki með. *25% afsláttur* - **44.996** kr. | Almennt verð: ~~59.995~~ kr. - vnr. 7133003661.

Vilt þú vinna háþrýstidælu?

Skráðu þig á póstlistann okkar á byko.is og heppnin gæti verið mér þér!

Drögum þann 13. október

Þeir sem eru þegar á póstlista eru sjálfkrafa í pottinum.

140bör Advanced Aquatak

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

ísland holland
21. sept. kl. 18:45

Bakþankar

Arnars Tómasar Valgeirssonar

Öllum istum fylgir ismi

Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá erum við öll einhvers konar istar. Það skiptir ekki máli hvort þú sért mikið fyrir stimpla af þessu tagi, það er alltaf hægt að flokka þig undir hinn eða þennan isma. Það er bara svo þægilegt upp á huglæga bókhaldið að gera að geta flokkað fólk í mengi.

Það er ekki þar með sagt að þú þurfir að vera anark eða kapítal, femín eða andfemín – ismarnir eru óteljandi og þurfa hvorki að viðkoma efnahagnum né mannréttindum. Það átta sig ekki allir á því að öllum istum fylgir undantekningarlaust ismi.

Meðfylgjandi er vegvísir um þá lítt þekktari:

Statismi er hugmyndafræði þeirra fálátu kvikmyndaleikara sem leggja upp úr hógværum vinnubrögðum og vilja síður vera í forgrunni á hvíta tjaldinu.

Fallismi nær yfir alla þá nemendur sem kjósa að staldra lengur við og lengja skólagönguna um mislangan tíma. Er nokkur ástæða til að vera að flýta sér?

Hugmyndin um dópisma þarfnast engrar kynningar enda hefur hún fylgt samfélaginu frá upphafi. Vegurinn til glötunar getur jú verið frekar næs á köflum.

Þá á eftir að nefna leslisma, hugmyndafræði þeirra sem vilja hafa röð og reglu á því hvaða bók skuli verða næst fyrir valinu.

Fámennustu istar heims hljóta þó að vera þeir aðdáendur Stuðmanna sem telja Bíólagið vera besta lag sveitarinnar, en þeir aðhyllast auðvitað hesmaþúsmamesmavosmakasmaisma. ■

ORKAN
FRÍTT KAFFI
MEÐ ORKULYKLI

SAMAN
Í 40 ÁR

Það er komið að síðustu dögum afmælishátíðarinnar og því ekki seinna vænna að taka þátt í afmælisdagskránni. Glæsileg afmælistilboð á húsgögnum og smávöru, kjötbollur í sérstakri afmælisútgáfu og gómsæt afmæliskaka er fáanleg á kaffihúsinu. Þú getur einnig tekið afmælisveisluna heim með TILLSAMMANS þurrefnablöndunni og bakað og skreytt eftir þínu höfði. Vinningshafar í risaeðluratleiknum, #IKEAkaka kökukeppninni og #IKEAheima myndaleiknum verða tilkynntir eftir helgi svo nú fer hver að verða síðastur að taka þátt! Kynntu þér alla dagskrána á vefnum okkar, IKEA.is.

Skoðaðu glæsileg tilboð með því að skanna QR-merkið með myndavélinni á símanum þínum.

TILLSAMMANS þurrefnablanda 375,-
Deildu mynd af þinni köku með myllumerkinu #IKEAkaka – þú gætir unnið gjafakort og körfu fulla af bakstursvörum.

Sjáðu apann dansa á Instagram story með því að skanna QR-merkið með símanum þínum.

Risaeðluleikur fyrir alla krakka – tíu heppnir fá 5.000 króna gjafakort.

Afmæliskjötbollur 595,-
Tvær grænkerabollur fylgja með.

Afmælisterta 195,-

Komdu í myndatöku og veldu þinn uppáhaldsvörulista sem bakgrunn.

Frostpinni fylgir öllum réttum á barnamatseðli.

Viltu vinna 40.000 króna gjafakort í IKEA? Deildu mynd af þínum IKEA vörum á Instagram eða Facebook með myllumerkinu #IKEAheima.

Verslun opin 11-20 – **IKEA.is**
IKEA Bakarí, Sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20

IKEA

© Inter IKEA Systems B.V. 2021